ELÍSABET A. KRISTJÁNSDÓTTIR
*Hikar ekki við að kaupa notuð föt*
tíska heimili heilsa
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



HÆÐIN
*Farsæl frumraun í íslenskri dagskrárgerð*
Sérblað um sjónvarpsþáttinn Hæðina
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
8. maí 2008 — 125. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**

**Sverrir Stormsker skýtur á Jón Ólafs**
Kallar píanóleikarann „Jón gróða".
FÓLK 44



**Ferðast um framhaldslíf**
Trúðar takast á við Guðdómlegan gleðileik Dantes í Borgarleikhúsinu.
MENNING 35

**Skákar markaðsöflunum**
Kvæðasafn Þórarins Eldjárns er á toppi sölulista Eymundsson yfir vinsælustu bækur landsins.
FÓLK 50





**Landsbankadeildaspár kynntar í gær**
Valsmönnum og KR-konum spáð titlunum í sumar.
ÍÞRÓTTIR 46

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BEST SUÐVESTAN TIL** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s á Vestfjörðum annars hægviðri. Bjart veður sunnan og vestan til annars skýjað og sums staðar lítils háttar væta. Hiti 5-16 stig, hlýjast suðvestanlands.
VEÐUR 4

# Reykjavíkurborg kaupir Lækjargötu 2 á 321 milljón

**Reykjavík kaupir Lækjargötu 2 fyrir 321 milljón króna. Fyrirvari gerður um samþykki fagráðs og borgarráðs. Vátryggingafé fer upp í kaupverðið. Samtals greiðir borgin 584 milljónir fyrir húsin úr brunanum.**

**REYKJAVÍK** Skrifað hefur verið undir samning milli Reykjavíkurborgar og Fasteignafélagsins Eikar, um kaup borgarinnar á Lækjargötu 2. Kaupverð er 321 milljón króna, en húsið er annað þeirra sem skemmdist í bruna í fyrravor. Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki framkvæmda- og eignaráðs Reykjavíkur og borgarráðs og verða þau kynnt í borgarráði í dag.

Í nóvember síðastliðnum greiddi borgin 263 milljónir fyrir húsið að Austurstræti 20. Samtals hafa húsin tvö sem fóru í brunanum því kostað borgina 584 milljónir. Frá því dregst vátryggingarfé, 95 milljónir fyrir Austurstræti 20, en ekki er vitað hver upphæðin er fyrir Lækjargötu 2.

Samkvæmt samningum kaupir borgin lóðina og þær rústir sem á henni eru. Með í kaupunum fylgir krafa á tryggingarfélag vegna brunans sem varð í fyrra. Borgaryfirvöld hafa frest til 15. júní til að uppfylla samninginn. Næsti fundur framkvæmda- og eignaráðs samkvæmt dagskrá er 19. maí.

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs borgarinnar, segir tilganginn með kaupunum vera að greiða fyrir skipulagi á svæðinu. Skipulagið er í kynningu og gangi allt eftir er stefnt að því að framkvæmdir hefjist í síðasta lagi í september.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður framkvæmda- og eignaráðs, leggur áherslu á að samningurinn sé með fyrirvara um samþykki fagráðs og borgarráðs. Hún segir upphæðina sem greidd sé fyrir húsið vissulega háa, en borgin muni þó tæplega verða fyrir fjárútlátum þegar upp er staðið.

„Það skiptir miklu máli að hafa yfirráð yfir öllu svæðinu og geta unnið það í heilu lagi. Við stefnum að því að byggja hratt upp og selja eignirnar síðan. Þegar upp er staðið mun borgin því vonandi ekki verða fyrir fjárútlátum vegna þessa," segir Jórunn.

Að sögn Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra eru kaupin tímabundin, húsin verði bæði seld að lokinni uppbyggingu. Hann leggur áherslu á að húsin séu keypt til að hleypa skipulaginu í framkvæmd, því mikilvægt sé að uppbyggingin á reitnum geti haldið áfram.

„Þetta er mjög ásættanlegt verð fyrir lóð og byggingarrétt á besta stað í borginni. Mikilvægt er að borgarbúar geti notið uppbyggingarinnar sem fyrst," segir Ólafur.

**- kóp**



**SÝRA** Slökkvilið var kvatt að vöruhúsi N1 við Gelgjutanga í gær þegar brúsi af saltpéturssýru féll á gólf svo lak úr. Eiturefnakafarar slökkviliðsins dreifðu kalki á sýruna til að hlutleysa hana og gekk hreinsunarstarf fljótt og vel fyrir sig. Einn starfsmaður N1 fékk á sig slettu af sýrunni en varð ekki meint af.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Olíuleit og náttúruvernd:

## Ísbirnir gætu stöðvað olíuleit

**ALASKA Áform olíurisans Royal Dutch Shell um að bora eftir olíu á landgrunninu norður af Síberíu og Alaska kunna að komast í uppnám ef bandarísk stjórnvöld skyldu ákveða að setja hvítabjörninn á válista yfir dýrategundir í útrýmingarhættu. Frá þessu er greint í breska blaðinu Guardian.**



HVÍTABJÖRN Í ALASKA

**Úrskurðar um válistaskráninguna er að vænta á næstu dögum. Verði af henni hafa náttúruverndarsamtök svarið að þau muni stefna olíufyrirtækjunum fyrir rétt til að stöðva olíuleit þeirra á svæðinu. Giskað er á að þar sé að finna yfir sjö milljarða fata af jarðolíu.**

**- aa**

Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna frá áramótum var 42 milljarðar króna:

# Gengishagnaður 132 milljarðar

**VIÐSKIPTI** „Gengisáhrifin hafa augljóslega áhrif. Við birtum aðeins minni gengishagnað í okkar rekstrarreikningi en hinir bankarnir og erum bara ánægð með það," segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis, um afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi 2008.

Hrein gjaldeyriseign Glitnis, Landsbankans og Kaupþings í lok mars nam um 743 milljörðum króna. Áætla má að samanlagður gengishagnaður bankanna frá janúar til mars sé um 132 milljarðar króna.

Misjafnt er eftir bönkum hvort þessi hagnaður er færður sem hækkun á eigin fé eða inn í rekstrarreikning.

Aðeins 4,5 milljarðar af gengishagnaðinum eru færðir inn í rekstrarreikning Glitnis en 22,5 milljarðar til hækkunar á eigin fé. Þessu er öfugt farið hjá Landsbankanum sem færir allt inn í rekstrarreikning eða 24,8 milljarða. Kaupþing færir 23,4 inn í reksturinn og 72,5 milljarða á eigið fé. **- bg /** **sjá síðu 12**









## SPURNING DAGSINS



*Óskar, er þetta mikið launungarmál?*

„Svo virðist vera og mér hugnast launhelgar Ríkisútvarpsins illa.“

Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis, hefur unnið enn einn áfangasigur í að fá fram upplýsingar um laun tveggja dagskrárstjóra á RÚV. Stofnunin hefur neitað að upplýsa um þau þótt starfsemi hennar heyri undir upplýsingalögin.

Ríkisendurskoðun greinir á við forsvarsmenn hjúkrunarheimilis Öldungs hf.:

# Sóltún sagt hafa rangt við

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun segir að hjúkrunarheimilið Sóltún hafi ofreiknað umönnunarþörf sjúklinga sinna og eigi því ekki rétt á jafnmiklu opinberu fé til rekstursins og farið hafi verið fram á.

Að því er fram kemur í greinargerð Ríkisendurskoðunar hefur Sóltún ofreiknað svokallaða þyngdarstuðla, sem meta þarf sem vistmenn hafa fyrir umönnun. Með þessu hafi verið farið fram á hærri greiðslur til reksturs heimilisins úr ríkissjóði en því bar.



**SÓLTÚN** Forsvarsmenn hjúkrunarheimilisins vísa á bug reiknisaðferðum Ríkiendurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þegar Sóltún krafðist nærri 23 milljóna aukagreiðslu fyrir árið 2006 var Ríkisendurskoðun fengin til að meta skráningar Sóltúns á þyngdarstuðlunum. Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að þyngdarstuðullinn á Sóltúni hafi átt að vera 1,07 en ekki 1,26 eins og Öldungur hf., rekstrarfélag Sóltúns, taldi vera rétt. Nú á einnig að kanna réttmæti 108 milljóna króna aukagreiðslna til Sóltúns á árunum 2003 til 2005.

Í yfirlýsingu frá Öldungi segir að forráðamenn og starfsfólk Sóltúns vísi á bug þeim aðdróttunum sem felist í greinargerð Ríkisendurskoðunar. Þær vegi alvarlega að starfsheiðri þeirra: „Forráðamenn Sóltúns átelja harðlega vinnubrögð Ríkisendurskoðunar en niðurstöður hennar benda til þess að innsend gögn Sóltúns hafi ekki verið notuð í úrtakskönnuninni.“ - gar

Ásakanir um líffærasölu:

# Nægar ástæður til rannsókna

**KOSOVO, AP Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja þær vísbendingar, sem hafa komið fram um að Kosovo-Albanir hafi drepið hóp Serba til að selja úr þeim líffæri, nægja til þess að hefja eigi rannsókn á málinu.**

**Samtökin segjast hafa upplýsingar sem styðji ásakanir um að liðsmenn úr KLA, Frelsisher Kosovo, hafi í júní 1999 rænt hópi Serba og flutt þá til Albaníu, þar sem læknar hafi fjarlægt úr þeim líffæri. Ásakanirnar komu fyrst fram í bók eftir Cörlu Del Ponte, fyrrverandi aðalsaksóknara stríðsglæpadómstóls í Haag.** - gb

Stækkun evrusvæðisins:

# Slóvakía verður 16. evrulandið

**BRUSSEL, AP** Slóvakía fékk í gær græna ljósið á að fá að taka upp evruna um næstu áramót. Þetta varð ljóst er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Seðlabanki Evrópu birtu mat sitt á þeim árangri sem slóvakísk stjórnvöld hefðu náð í að uppfylla hin skilyrðin fyrir fullri aðild að Efnahags- og myntbandalaginu.



ROBERT FICO

Robert Fico, forsætisráðherra Slóvakíu, fagnaði hinu jákvæða mati ESB. Hann sagði Slóvaka líta svo á að upptaka evrunnar væri „framhald á þeirri velgengnissögu sem hófst með inngöngu okkar í Evrópusambandið“ en hún gekk í gildi fyrir fjórum árum. - aa

Embættið á Suðurnesjum:

# Uppskiptingin enn ósamþykkt

**STJÓRNMÁL Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur ekki enn samþykkt fyrirhugaða uppskiptingu embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Stefnt var að því að boðaðar breytingar tækju gildi 1. júlí en útlit er fyrir að það náist ekki.**

**Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu leggst þingflokkur Samfylkingarinnar gegn boðuðum breytingum. Þær gera ráð fyrir að samgönguráðuneytið taki við flugverndarverkefnum, fjármálaráðuneytið tollgæslu en dómsmálaráðuneytið fari áfram með löggæsluhlutann.**

**Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, er mótfallinn breytingunum. Breytingarnar hafa verið afgreiddar út úr ríkisstjórn, með fyrirvara um samþykki þingflokksins.** - mh

# Ofurhugi bjargar 20 manns úr lífsháska

**Um tuttugu farþegar voru hætt komnir í strætisvagni í Noregi þegar bílstjórinn missti meðvitund. Arne Aarhus ofurhugi náði að stöðva vagninn með hjálp tveggja annarra farþega en vagninn var stjórnlaus á um 100 kílómetra hraða.**

**SLYS** Ofurhuginn Arne Aarhus og tveir aðrir farþegar komu sjálfum sér og um 20 öðrum farþegum í strætisvagni úr bráðum háska í Ósló í fyrrakvöld. „Ég var aftast í strætónum þegar ég heyri mikil öskur og sé þá að bílstjórinn er meðvitundarlaus,“ segir Arne. „Ég stekk fram í ásamt tveimur öðrum. Útlitið var þá nokkuð dökkt því bílstjórinn steig bensínið í botn og við vorum á leið niður brekku.“

Í norska vefritinu VG segir að strætisvagninn hafi verið á 100 kílómetra hraða á klukkustund þegar þremenningarnir Arne, Gunnar Hammersland og Jan Loenget náðu stjórn á honum. „Einn tók um stýrið og annar reyndi að losa tak bílstjórans á stýrinu. Ég reyndi hins vegar að hemla en fætur bílstjórans voru fyrir en mér tókst svo að stöðva strætisvagninn með því að ýta á hemilinn með höndunum.“

Hvorki farþegum né öðrum vegfarendum varð meint af en strætisvagninn fór utan í grindverk sem liggur meðfram veginum.

Bílstjórinn vaknaði til meðvitundar skömmu eftir að tekist hafði að stöðva strætisvagninn og gat hann strax séð spaugilegu hliðina á málinu. „Hann á víst fyrirtæki sem er með útfararþjónustu og það fyrsta sem hann gerði þegar hann rankaði við sér var að hringja þangað og segja félögunum að þeir gætu bara byrjað að grafa strax,“ segir Arne. Hann segist ekki vita hvað kom fyrir bílstjórann en hann var sendur á spítala og heilsaðist honum ágætlega síðast þegar Arne heyrði af honum.





**ÞREMENNINGARNIR HEIMTIR ÚR HELJU** Hér eru þremenningarnir við strætisvagninn skömmu eftir atvikið. Þeir eru Jan Loenget, Arne Aarhus og Gunnar Hammersland. MYND/THOR NIELSEN

Arne er ekki ókunnur hættunni en hann er þekktur fyrir háskaleg uppátæki sem hann viðhafði í þáttunum Adrenalín sem sýndir voru á Skjá einum en þar stökk hann meðal annars með fallhlíf fram af háhýsum. „Ég er alveg hættur öllu slíku þannig að þetta var ágæt tilbreyting nú þegar ég er orðinn svona gamall og leiðinlegur fjölskyldufaðir sem sinni bara minni skrifstofuvinnu,“ segir Arne kankvís.

Hann segist ekki hafa verið hræddur og því var hann spurður hvort reynslan af háskaleikjunum hefði komið sér vel við þessar aðstæður. „Það er ómögulegt að segja, það hefur alla vega ekki skemmt fyrir.“

jse@frettabladid.is



**Á SVÖLUM HÚSSINS** Rannsóknarmenn hafa fundið leyniherbergi uppi í íbúð Fritzls, þar sem hann skipulagði ódæðisverk sín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikurinn í Amstetten:

# Segist ekki vera skrímsli

**AUSTURRÍKI, AP** Josef Fritzl neitar að vera það skrímsli sem hann er sagður vera: „Ég hefði getað drepið þau öll – þá hefði ekkert gerst. Enginn hefði komist að neinu,“ sagði hann í viðtali við lögfræðing sinn, sem að hluta hefur verið birt í fjölmiðlum.

Maðurinn sem hélt dóttur sinni fanginni í 24 ár og eignaðist með henni sjö börn segist ekki vera alvondur, þar sem hann hafi jú bjargað lífi nítján ára dóttur þeirra, Kerstin, með því að fara með hana á sjúkrahús þegar hún fékk krampakast og varð meðvitundarlaus. Lögregluna grunar að Kerstin hafi einnig orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu Fritzls. - gb

## DÓMSTÓLAR

### Keilufellsmaður áfram inni

Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til 2. júní yfir manni sem grunaður er um að hafa verið í hópi manna sem réðst hrottalega að mönnum í húsi í Keilufelli í mars.

## RÍKISÚTVARPIÐ

### Fær 90 þúsund meira

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri ríkissjónvarpsins og ritstjóri Kastljóss, fær 90 þúsund krónum meira í mánaðarlaun en Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri ríkisútvarpsins. Þetta kemur fram á visir.is sem hefur ráðningarsamninga þeirra undir höndum.






Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK


Forsætisráðherra segir samskipti ríkisstjórnar og Seðlabanka í eðlilegum skorðum:

# Unnið á fullu að lántöku í útlöndum

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin og Seðlabankinn eru á fullu að vinna í að auka gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og það er fjarstæða að ríkisstjórnin hafi hafnað eða ekkert gert með beiðni bankans um að auka gjaldeyrisvaraforðann.

Þessu svaraði Geir H. Haarde forsætisráðherra spurningum Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG, um samskipti ríkisstjórnar og Seðlabankans á Alþingi í gær.

Geir sagði samskiptin í föstum skorðum og með eðlilegum hætti; formlegir fundir væru haldnir reglubundið og vegna aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum væri samstarfið meira og þéttara en ella.

Steingrímur sagði áhyggjuefni að ríkisstjórn og Seðlabanki gengju ekki í takt. Hann gaf í skyn að óeining væri milli þeirra og kvaðst því vilja gefa forsætisráðherra tækifæri á að svara fyrir samskiptin og orðróm um að ekkert hafi verið gert með beiðni bankans.



GEIR H. HAARDE



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Áður en Geir svaraði efnislega furðaði hann sig á fyrirspurninni sem hann sagði byggða á kjaftasögum.

Hann bætti svo við að aðstæður á fjármálamörkuðum færu batnandi og að heilmiklir peningar hefðu sparast við að fresta lántökum til styrkingar gjaldeyrisforðanum.

Steingrímur kvað gott til þess að vita að ríkisstjórnin og Seðlabankinn væru að vinna saman en samskipti þeirra ættu ekki að vera leyndarmál. - bþs


ASKJA
Mercedes-Benz
C-Class
6x Mercedes-Benz C200 Kompressor
+ 5,6 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
Drögum í kvöld!
Síminn er 561 7757
6x Harley Davidson Fat Boy
+ 3,2 milljónir í bakpokann
á tvöfaldan miða!
MOTOR HARLEY-DAVIDSON CYCLES
Fleiri vinningar – meiri líkur á að vinna
52 þús. vinningar á 80 þús. númer
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku
ÍSLENSKA SIA.IS DAS 41681 04.2008

## GENGIÐ 07.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,72 | 77,08 |
| Sterlingspund | 150,19 | 150,93 |
| Evra | 118,36 | 119,02 |
| Dönsk króna | 15,859 | 15,951 |
| Norsk króna | 15,064 | 15,152 |
| Sænsk króna | 12,738 | 12,812 |
| Japanskt jen | 0,7280 | 0,7322 |
| SDR | 123,92 | 124,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
153,2971

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan gagnrýnir að frumvarp um sjúkratryggingar komi seint fram:

# Það er verið að niðurlægja þingið

**ALÞINGI** Stjórnarandstæðingar vönduðu stjórnarliðum ekki kveðjurnar á þingfundi í gær þegar þeir gagnrýndu að frumvarp um sjúkratryggingar væri lagt fram, nú skömmu fyrir þingslit.

Í frumvarpinu, sem dreift var í þinginu í gær, eru 73 greinar og fjögur bráðabirgðaákvæði. Samkvæmt athugasemdum er markmið þess „að tryggja sjúkratryggðum aðgang að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem á hverjum tíma eru tök á að veita og að allir sjúkratryggðir njóti hér eftir sem hingað til umsaminnar þjónustu, óháð efnahag“.



**FRÁ ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir segir ófagleg vinnubrögð á þingi heyra sögunni til. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það er ekki boðlegt að stunda ekki fagleg vinnubrögð á Alþingi. Það er liðin tíð,“ sagði Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokks. Sagði hún ekki hægt að moka málinu í gegn á örfáum dögum og bætti við: „Það er verið að niðurlægja þingið.“

Kolbrún Halldórsdóttir, VG, sagði út úr korti að leggja fram mál sem gengi út á að setja heilbrigðisþjónustuna meira eða minna á markað þegar aðeins sjö þingfundadagar væru eftir.

Ásta Möller, Sjálfstæðisflokki, sagði á hinn bóginn að þingmönnum væri vel kunnugt um efni frumvarpsins, hægt yrði að ræða það í heilbrigðisnefnd á komandi nefndadögum og að áhersla væri lögð á að afgreiða það fyrir vorið. **- bþs**

Grunaður um aðild að morði:

# Kærir framsalsákvörðun

**DÓMSMÁL Premyzlaw Plank, sem situr í fangelsi, hefur kært ákvörðun dómsmálaráðuneytisins þess efnis að hann verði framseldur til Póllands.**

**Ákvörðunin var tekin eftir að beiðni barst frá pólskum yfirvöldum um að Plank yrði framseldur. Þar er hann grunaður um aðild að hrottalegu morði. Maðurinn kærir ákvörðunina til Héraðsdóms Reykjavíkur. Niðurstöðu hans getur Plank síðan áfrýjað til Hæstaréttar, sé hann ósáttur. Verði ákvörðunin staðfest á báðum dómsstigum, verður maðurinn sendur í lögreglufylgd úr landi, en ella látinn laus.** **- jss**



**FRAMKVÆMDIR** Tvöföldun Reykjanesbrautar á að ljúka fyrir miðjan október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tvöföldun Reykjanesbrautar:

# Vinnuvélar af stað á nýjan leik

**SAMGÖNGUR** Eftir um hálfs árs hlé eru framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar hafnar á nýjan leik. Í gær voru starfsmenn Ístaks að vinna við mislæg gatnamót við afleggjarann að Vogum.

Vegagerðin þurfti sem kunnugt er að bjóða verkið út að nýju eftir að verktakafyrirtækið Jarðvélar þurftu að segja sig frá verkinu.

Eftir um það bil hálfs árs stopp hófust starfsmenn Ístaks handa við undirbúning á mánudag og í gær fóru vinnuvélarnar í gang á nýjan leik. Áætluð verklok eru um miðjan október. **- bj**

## LEIÐRÉTTINGAR

Að gefnu tilefni skal tekið fram að Fréttablaðið ber ábyrgð á inngangi í grein Sigríðar Lillýar Baldursdóttur, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, í blaðinu í gær. Tryggingastofnun áréttar að hún gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn.

Í bankahólfi á baksíðu Markaðarins í gær var sagt að Vífilfell hefði verið til sölu í um tvo mánuði en fyrirtækið svo verið tekið úr sölumeðferð. Rétt er að fjárfestar hafa haft áhuga á félaginu en það hefur ekki verið til sölu og ekki í neinni sölumeðferð.

# Jakob Frímann með 861.000 á mánuði

**Jakob Frímann Magnússon fær 710 þúsund í mánaðarlaun sem verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg. Við bætast laun fyrir formennsku í tveimur ráðum á vegum meirihlutans. Launakjör út úr öllu korti, segir Svandís Svavarsdóttir.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Heildarlaun Jakobs Frímanns Magnússonar, nýráðins verkefnisstjóra miðborgarinnar hjá Reykjavíkurborg, eru 861 þúsund þegar allt er talið. Fyrir verkefnisstjórastöðuna sérstaklega fær hann 710 þúsund á mánuði, þar af 236 þúsund á mánuði vegna 48 klukkustunda fastrar yfirvinnu. Þetta kemur fram í launasamningi sem Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar, afhenti Fréttablaðinu í gær eftir beiðni blaðsins þar um. Samningurinn gildir til 30. apríl á næsta ári.

Til viðbótar er Jakob Frímann með 86 þúsund á mánuði fyrir formennsku í hverfisráði miðborgarinnar og svo 65 þúsund á mánuði fyrir að gegna varaformennsku í menningar- og ferðamálaráði.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Svandís Svavarsdóttir, oddviti vinstri grænna í borgarstjórn, segir borgarstjóra þurfa að skýra ráðninguna betur. „Launakjör af þessu tagi eru mér vitanlega út úr öllu korti miðað við það sem almennt gerist í ráðhúsinu,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti vinstri grænna í borgarstjórn.

Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir laun Jakobs með því hæsta sem þekkist í ráðhúsinu og það sé ekki óeðlilegt að þau séu rökstudd betur.

Svandís segir ráðningu Jakobs Frímanns fyrst og fremst vera pólitíska og það sé ekki í takt við verklag sem Reykjavíkurborg eigi að sætta sig við. „Þetta er augljóslega pólitísk ráðning. Mér finnst þetta hneyksli. Þetta eru ófagleg vinnubrögð og þarna er gengið framhjá öðrum sem sóttu um verkefnisstjórastöður hjá borginni sem auglýstar voru í byrjun árs,“ segir Svandís.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, aðstoðarkona borgarstjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær mikinn feng vera í Jakobi Frímanni fyrir borgina. „Það er gott fyrir Reykjavíkurborg að geta fengið jafn öflugan mann til þess að sinna verkefnum sem varða miðborgina. Mér finnst tilraunir minnihlutans til þess að gera þessa ráðningu tortryggilega ómálefnalegar.“



**SAMNINGUR JAKOBS** Jakob Frímann fær 474 þúsund í grunnlaun og 236 þúsund fyrir yfirvinnu á mánuði.

Jakob Frímann segir launin ekki vera ástæðu þess að hann tók við starfi heldur ætli hann að láta gott af sér leiða. „Ólafur F. Magnússon hefur lofað því að efla miðborgina á einu ári. Nú leggst það loforð á mig og ég ætla að standa mig. Launin sem ég fæ eru ekki eins há og þau sem ég hef fengið á mánuði undanfarin ár, enda hefur alþjóð getað séð mín laun sem launahæsta listamanns þjóðarinnar í gegnum Frjálsa verslun. Ég ætla að tala minna og láta verkin tala.“

Ekki náðist í Ólaf F. Magnússon við vinnslu fréttarinnar.

magnush@frettabladid.is



**TIL FUNDAR** Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, leiddi átta manna hóp til fundar við ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fundur BSRB með ráðherrum:

# Vænta skýrra svara eftir viku

**KJARAMÁL** Engin niðurstaða fékkst á fundi fjögurra ráðherra með fulltrúum BSRB í stjórnarráðinu í gær, önnur en að farið verði yfir málið og fundað í næstu viku.

Á fundinum í óskuðu fulltrúar BSRB eftir svörum frá ríkisstjórninni um það hvernig hún hyggist efna fyrirheit í kjaramálum sem fjallað er um í stjórnarsáttmálanum. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sagði að lítið hefði verið um svör en hann vænti skýrari svara í næstu viku. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði fundinn hafa verið ágætan.

„Svo verðum við bara að sjá til hvort við getum fundið sameiginlega niðurstöðu,“ sagði Geir. **- bj**

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Stórhættuleg árás með flösku

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Samkvæmt ákæru sló maðurinn annan mann í höfuðið með flösku, sem brotnaði við höggið. Síðan gekk maðurinn í skrokk á fórnarlambinu með höggum í andlit og spörkum í líkama. Sá sem fyrir árásinni varð hlaut allmörg lítil sár á enni, nefi og kinn, skurð á neðri vör og bólgur á hægri mjöðm Atvikið varð að morgni sunnudags árið 2006. Fórnarlambið krefst um 600 þúsund króna í miskabætur.** **- jss**


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**BMW X3 2.5i**
Nýskr: 08/2004, 2500cc, 4x4,
5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 56.000.
**Verð 3.990.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is

bílaland B&L
bilaland.is
575 1230


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KÓLNANDI FYRIR NORÐAN**
Síðustu daga hefur yfirleitt verið milt á norðan- og austanverðu landinu og í gær mátti heyra hitatölur fast undir 20 stig, m.a. á Seyðisfirði. Í dag og næstu daga dregur nokkuð úr hlýindunum nyrðra. Þessa hvítasunnuhelgi eru horfur á vætu af til um allt land.




**Á MORGUN**
8-15 m/s, hvassast með ströndum

**LAUGARDAGUR**
5-15 m/s, hvassast nyrst á Vestfjörðum

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 21° |
| Ósló | 23° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 20° |
| London | 22° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 25° |
| Basel | 24° |
| Eindhoven | 24° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 23° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




ENNEMM / SÍA / NM33xxx



## ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

**Bjóðum upp á reynsluakstur á eftirtöldum stöðum.**

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að styðja Stoke í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð?*

| | |
|---|---|
| Já | 13,5 |
| Nei | 86,5 |

**SPURNINGS DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að stunda stangveiði í sumar?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Óttast er að tugþúsundir manna hafi farist af völdum fellibylsins Nargis við ósa Irrawaddy-fljóts í Búrma:

# Herforingjastjórnin tefur neyðaraðstoð

**BÚRMA, AP** Lítil neyðaraðstoð var í gær farin að berast til þeirra svæða í Búrma sem verst urðu úti í fellibylnum sem gekk yfir landið um síðustu helgi. Herforingjastjórnin tefur fyrir neyðaraðstoðinni með því að draga lappirnar í að gefa út vegabréfsáritanir til liðsmanna hjálparstofnana. Óttast er að tugþúsundir manna hafi farist á láglendinu við ósa Irrawaddy-fljóts vegna flóðbylgju sem fylgdi fellibylnum. Um milljón manns er heimilislaus.

„Segja má að allt ósasvæðið sé á kafi," sagði Richard Horsey, talsmaður Mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Bangkok í Taílandi í AP-viðtali. „Vettvangsteymi tala um lík á floti í stórum stíl. Þetta eru geysilegar hörmungar sem við erum að eiga við," sagði hann.

Ríkisfjölmiðlar segja nú að 22.464 manns hafi farist, en Horsey spáir því að sú tala muni hækka til muna.

Í gær voru fáeinar verslanir á ósasvæðinu opnaðar en hungraður múgur hrifsaði úr þeim allt ætt, að því er Paul Risley, talsmaður Matvælahjálpar SÞ, hafði eftir starfsmönnum stofnunarinnar á vettvangi. „Slagsmál brutust út," sagði hann.

Óttast er að farsóttir brjótist út á hamfarasvæðinu. **- aa**



**LÍTIÐ UM HJÁLPARGÖGN** Hermenn úr Búrmaher aflesta hér flutningavél frá Taílandi sem flutti gögn til nauðstaddra á hamfarasvæðinu í Búrma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TILBOÐSDAGAR
fimmtudag til sunnudags
SUMARJAKKAR
20 - 30 % afsláttur
POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is

# Rændi banka með hnífum og hljóp út

**Karlmaður á þrítugsaldri rændi Landsbankaútibú við Bæjarhraun skömmu eftir að það var opnað í gærmorgun. TF EIR var kölluð út til að hjálpa til við leit. Umfangsmikil leit fór fram í hrauni á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.**

**LÖGREGLA** „Starfsfólkið var mjög óttaslegið en það er heilt á húfi," sagði Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri útibúa- og einstaklingssviðs, í gærmorgun skömmu eftir að maður á þrítugsaldri, líklega á milli sautján og 25 ára samkvæmt lögreglu, hafði rænt útibú Landsbankans í Bæjarhrauni í Hafnarfirði.

Maðurinn kom inn í útibúið um hálftíu, með klút fyrir andliti, í hettupeysu og með Adidas-bakpoka. Hann ógnaði starfsfólki með hnífi og heimtaði peninga. Anna sagði starfsfólk í útibúinu hafa brugðist rétt við aðstæðum. „Við erum með ákveðna öryggisstaðla sem fólk á að framfylgja þegar svona kemur upp. Fólkið fylgdi þeim eftir," sagði Anna.

„Ég sá einhvern hlaupa hérna framhjá en gerði mér nú ekkert grein fyrir því hvað var á seyði," sagði Harpa Bragadóttir, innheimtufulltrúi hjá Hitaveitu Suðnesja, sem er með skrifstofu í húsinu við hlið Landsbankaútibúsins. Gluggi í skrifstofu hennar snýr að Landsbankaútibúinu.

Samkvæmt lýsingum vitna hljóp maðurinn upp á milli Bæjarhrauns 12 og 14, framhjá verksmiðju Pappírs hf. að Kaplahrauni 13. Þaðan hljóp maðurinn áfram í átt að hrauninu við Kaplakrika, á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Leit lögreglu beindist fljótt að því svæði og var allt tiltækt lið kallað til. Ránið var tekið upp á eftirlitsmyndavélar í útibúinu. Þá er einnig eftirlitsmyndavél í húsnæði Sýslumannsins í Hafnarfirði í Bæjarhrauni 10 sem beinist í átt að bílastæðum við útibúið, þar sem maðurinn kom inn.



**RÆNINGINN** Þessi mynd af manninum náðist á eftirlitsmyndavél í útibúi Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/LÖGREGLAN

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF EIR, var kölluð út til að hjálpa til við leit og voru leitarhundar lögreglunnar einnig á vettvangi.

**magnush@frettabladid.is**

Sendibílaþjónusta

Viltu losna við gamla dótið úr skúrnum eða geymslunni?
Stefán - Sími 771 1966

Ertu að flytja?
Við hjálpum þér að bera!
Svanlaugur - Sími 770 5053
Tökum að okkur föst og tilfallandi verkefni
- Snögg og örugg þjónusta

## STARFSMENN ÞURFTU ÁFALLAHJÁLP

„Starfsmönnum var veitt áfallahjálp strax í kjölfar ránsins," sagði Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri útibúa- og einstaklingssviðs Landsbankans. „Við reynum að vinna úr svona atvikum eins hratt og hægt er. Maðurinn var vopnaður og þannig hættulegur viðskiptavinum og starfsfólki."




**LÖGREGLAN Á VETTVANGI** Lögreglan var komin á vettvang innan fárra mínútna frá því að starfsfólk í útibúi Landsbankans tilkynnti um ránið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Ferðalag er góð fermingargjöf


Pantaðu gjafabréf í síma 570 3030

Lögmaður kirkjunnar segir skaðabótakröfu séra Sigríðar Guðmarsdóttur of háa:

# Telur 42 milljónir of háa kröfu

**SKAÐABÓTAMÁL** „Það liggur fyrir að Þjóðkirkjunni ber að bæta Sigríði það tekjutap sem hún varð fyrir þar sem hún fékk ekki stöðuna í London," segir Gestur Jónsson lögmaður sem fer með mál Þjóðkirkjunnar um skaðabótakröfu séra Sigríðar Guðmarsdóttur, sóknarprests í Grafarholti.

Sigríður höfðaði mál gegn kirkjunni eftir að Sigurður Arnarson, tengdasonur biskups Íslands, var ráðinn í stað hennar í embætti sérþjónustuprests í London. Málið fór fyrir héraðsdóm og Hæstarétt og komust dómstólar að þeirri niðurstöðu að kirkjan hefði ekki sýnt fram á aðrar ástæður en kynferði hefði legið til grundvallar ráðningar Sigurðar og því væri kirkjan skaðabótaskyld. Sigríður fer fram á 42 milljónir í bætur en þá upphæð segir hún vera óútskýrðan mismun á kostnaði á embætti prests í London og Grafarholti til fimm ára. Gestur telur hins vegar að hún geti ekki reiknað þann kostnað sem fylgir embættinu í London sem launagreiðslur. Telur hann að aðeins eigi að bæta launin sem hún varð af við að hafa ekki fengið stöðuna en hún sóttist eftir og þar til hún var ráðin í annað starf. Sigríði hafi þegar verið boðið að þiggja bætur frá Þjóðkirkjunni sem samsvara launum Sigurðar á því tímabili. Það hafi hún ekki viljað þiggja. **- kdk**

Markaðurinn alla daga
Vísir

# Buon appetito!

## Ítalskir dagar

### Ítalskt úr kjötborði

40% afsláttur



**Ítalskar kjötbollur**
í tómat-rjómaostasósu



**Nautafile**
ferskt úr kjötborði



**Copaim ferskt pasta**
- eðal pasta fyrir sælkera



**Sikileyskur**
kálfapottréttur



**Napolí lambainnralæri**
m/myntu, hvítlauk og sítrónu

10% afsláttur við kassa



**Ítalíu álegg**
- gæða álegg frá Toscana

10% afsláttur við kassa



**Copaim**
- grillað grænmeti



**Ítalíu kryddmyllur**
- 8 tegundir

30% afsláttur við kassa



**Ekta ítalskt eðal pestó**
- beint frá Ítalíu

30% afsláttur við kassa



**Ítalskt eðal kaffi**
- beint frá Ítalíu



**Ítalíu extra virgin hvítlauksolía**
– frábær á pizzuna og salatið

30% afsláttur við kassa



**Ítalíu ferskt pasta**
- ekta ítalskt

OPIÐ til 20 alla daga

Tilboðin gilda til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 8. maí

Grunnskólar Kópavogs
„Mjög er tungan málaóð“
Leikrit um líf og ljóð Bólu-Hjálmars. Stoppleikhópurinn brunar í gegnum Bólu-Hjálmar í grunnskólum Kópavogs á 50 mínútum.

Leikskólar Kópavogs
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

10:00
Náttúrufræðistofa & Bókasafn Kóp.
Valur hvalur
Ævintýri fyrir börn á leikskólaaldri í umsjón starfsfólks Náttúrufræðistofu og Bókasafns. Fjörugt fræðsluerindi í máli og myndum. Panta þarf tíma í síma 570 0450.

11:00
Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans. Sýningin stendur til 10 maí.

16:00
Snælandsskóli
Tónleikar í hátíðarsal
Hljómsveitin BÍB, sem skipuð er nemendum úr 10. bekk, leikur fyrir gesti og gangandi.

17:00
Bókasafn Kópavogs
Minningabók Kópavogs – Gjöf til grunnskólabarna
Á 50 ára afmæli bæjarins var safnað saman minningabrotum hjá Kópavogsbúum. Lista- og menningarráð Kópavogs gefur öllum 9. bekkingum bókina.

20:00
Bókasafn Kópavogs
Húsaganga
Gengið um götur Kópavogs og skoðuð hús sem minna á tímana tvenna og fyrirbæri sem gera Kópavog einstakan.

20:00
Gullsmári
Nafnlausi leikhópurinn
Stutt og hnyttin atriði sem kitla hláturtaugarnar.

20:00
Salurinn
Söngtónleikar
Þorvaldur K. Þorvaldsson.
Burtfararpróf frá Listaháskóla Íslands.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.
Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.
Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!

Hillary Clinton ætlar að halda áfram baráttu sinni þótt á móti blási:

# Obama nálgast óðum markið

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Clinton sagðist í gær ætla að halda ótrauð áfram baráttu sinni fyrir því að verða forsetaefni Demókrataflokksins. Baráttan verður henni þó torsótt eftir prófkjör þriðjudagsins í Norður-Karólínu og Indiana.

Í Indiana vann hún nauman sigur á Barack Obama en beið umtalsvert tap í Norður-Karólínu. Þetta var miklu lakari útkoma en hún hafði gert sér vonir um.

Clinton hefur nú, samkvæmt talningu blaðsins New York Times, tryggt sér atkvæði 1662 kjörmanna á landsþingi Demókrataflokksins í lok ágúst, en Obama er kominn með 1813 kjörmenn. Inni í þessum tölum eru bæði þeir kjörmenn sem skuldbundnir eru af niðurstöðum prófkosninga og hinir sem ganga óbundnir til kosninga á landsþinginu í haust.



**SIGURVISS** Michelle og Barack Obama fagna prófkjörsúrslitum í Norður-Karólínu. NORDICPHOTOS/AFP

Aðeins á eftir að kjósa um tæplega 200 bundna kjörmenn, og fari svo að þeir skiptist á milli þeirra Clintons og Obama í svipuðum hlutföllum og til þessa, þá þarf Obama aðeins að tryggja sér stuðning 20 prósent þeirra óbundnu kjörmanna, sem enn hafa ekki gefið upp afstöðu sína.

Obama er því kominn á gott flug og er bjartsýnn á að verða frambjóðandi flokksins í forsetakosningunum í haust.

Ofan á allt saman hefur Clinton nú átt erfitt með að safna nægilegu fé til að halda áfram baráttu sinni.

- gb

# Brigslað um drottinssvik og vanþekkingu

**Formaður Framsóknarflokksins segir ríkisstjórnina hafa svikið aldraða og öryrkja með því að standa ekki við ný viðmið almannatryggingabóta. Forsætisráðherra segir umrætt viðmið hafa verið einstakt og ekki fordæmisgefandi.**

**ALÞINGI** Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, telur ríkisstjórnina hafa svikið samkomulag við öryrkja og aldraða frá sumrinu 2006. Samið hafi verið um að viðmið lágmarksgrunnlífeyris yrði dagvinnutrygging launafólks í stað lægstu taxta áður. Var samkomulagið gert í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Nú hafi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar breytt viðmiðinu og miði lágmarksgrunnlífeyri við lægstu taxta. Fyrir vikið séu bætur almannatrygginga tíu þúsund krónum lægri en ef viðmið fyrri ríkisstjórnar hefði verið óbreytt.

„Við framsóknarmenn fordæmum þennan gjörning og þessi svik. Hæstvirtur forsætisráðherra, mikil er skömm ríkisstjórnarinnar. Þetta er lágkúra,“ sagði Guðni í umræðum um málið á Alþingi í gær.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hafnaði ásökunum og sagði Guðna ekki hafa kynnt sér málin nógu vel.

Sumarið 2006 hafi skapast aðstæður vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og tillaga um að steypa saman nokkrum bótaflokkum hafi verið útfærð með þeim hætti að bætur hækkuðu um fimmtán þúsund krónur. Það hafi verið sama fjárhæð og samið var um í kjarasamningunum. „En það átti bara við í þetta eina sinn og hafði ekkert fordæmisgildi gagnvart framtíðinni,“ sagði Geir.

Guðni beindi líka orðum sínum til Samfylkingarinnar – sem teldi sig verkalýðstengda – og spurði hvers vegna svona drottinssvik. Sagðist hann jafnframt ekki einn um að skilja málið á þann veg að um svik væri að ræða; bandalög öryrkja og aldraðra, auk Alþýðusambandsins, væru á sama máli. Því svaraði Geir til að í gegnum árin hefðu hagsmunahóparnir viljað fara aðrar leiðir við viðmiðanir en ríkisstjórnin, um það væri heiðarlegur ágreiningur. Hins vegar væri það misskilningur Guðna að um svik væri að ræða.

Geir sagði jafnframt að miðað hefði áleiðis við að uppfylla önnur mikilvæg atriði úr samkomulaginu við aldraða og öryrkja frá sumrinu 2006. Sumt hefði þegar verið samþykkt með lögum og annað væri í farvatninu. Benti hann að lokum á að lífeyrisþegar væru einu hóparnir sem hefðu sjálfkrafa verðtryggingu tekna sinna; við áramót yrði metið hvort verðbólga hefði vaxið umfram hækkun bóta og væri svo yrði mismunurinn bættur. bjorn@frettabladid.is



**GLAÐBEITTIR** Ráðherrarnir voru glaðir þegar þeir gengu frá samkomulagi við aldraða í júlí 2006. Guðni Ágústsson segir núverandi stjórn hafa svikið samkomulagið. Geir H. Haarde hafnar því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# GJAFALISTAR EGG

## OKKAR INNLEGG Í FARSÆLT HJÓNABAND

ÞAU BRÚÐHJÓN SEM SKRÁ SIG Á GJAFALISTANN FÁ AÐ GJÖF MUNNÞURRKUR OG BORÐDÚK FRÁ LÍN DESIGN.

Í SEPTEMBER DRÖGUM VIÐ ÚT EIN HJÓN SEM HLJÓTA **50.000 KR** INNEIGN Í EGG!





### BRÚÐKAUPSGJAFIR

Ef þú ert á leiðinni í brúðkaup finnur þú brúðkaupsgjöfina í EGG.

Fjölbreytt vöruúrvalið tryggir að þú finnur eitthvað við hæfi, hvort sem verið er að leita að stórum hlutum eða smáum, ljósum, gjafavöru, raftækjum, húsbúnaði eða rúmfatnaði.

### GJAFALISTAR

EGG býður brúðhjónum upp á gjafalista þar sem þau stýra því hvað þau vilja öðru fremur í brúðkaupsgjöf.

Gjafalistinn auðveldar bæði vinum og vandamönnum valið og tryggir um leið að margir séu ekki að gefa sama hlutinn á brúðkaupsdaginn.

### HEIMSÞEKKT HÖNNUN

EGG er með hluti til heimilisins frá heimsþekktum framleiðendum og hönnuðum. Má þar nefna ASA, EGO, ERIK BAGGER, EVA SOLO, MOLTEX og PARLANE.

Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17




Forsetafrúin slær á létta strengi með myndatökumanni Stöðvar 2:

# Dorrit bauð upp á starfskipti

**FÓLK** Dorrit Moussaieff forsetafrú er með eindæmum alþýðleg. Því fengu viðstaddir á Þingvöllum að kynnast, en þar voru forsetahjónin á ferð ásamt dönsku krónprinshjónunum.

Einn þeirra var Einar Árnason, kvikmyndatökumaður hjá Stöð 2. Hann vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar Dorrit vatt sér að honum.

„Hana langaði til að taka myndir af Ólafi Ragnari,“ segir Einar. „Mér fannst það alveg sjálfsagt og fékk henni vélina. Hún bar sig eins og sannur fagmaður og myndaði forsetann um stund. Hún var það góð í þessu að í „kreditlista“ fréttatímans síðar um kvöldið var hún titluð sem myndatökumaður.“


**OG HORFA HÉR** Einar sýnir Dorrit handbragðið, en hún sýndi mikla fagmennsku. MYND/RÚV

Dorrit líkaði svo vel við nýja starfið að hún gerði Einari tilboð. „Já hún bauð mér að skipta um starf. Ég tók nú heldur ólíklega í það. Ég er viss um að hún mundi pluma sig vel í myndatökunni, en er ekki alveg jafn viss um að ég væri góð forsetafrú,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur fylgt forsetahjónunum eftir á ferð þeirra um landið með danska kóngafólkinu. Hann segir að hvert sem komið sé hafi Dorrit heillað viðstadda með alþýðleik sínum. „Hún leikur á als oddi og brýtur upp formleg tilefni með því að vera hress og kát. Hún nær vel til fólksins og er ofboðslega vinsæl,“ segir Einar að lokum.

- kóp


**PÚTÍN OG MEDVEDEV** Mikil viðhöfn var þegar Medvedev var settur í embætti sem þriðji forseti Rússlands frá því að Sovétríkin hrundu. NORDICPHOTOS/AFP

# Medvedev kominn til valda í Rússlandi

**Forsetaskipti urðu í Rússlandi í gær. Dmítrí Medvedev tók við af Vladimír Pútín, sem verður forsætisráðherra í staðinn. Óljóst hvernig þeir muni skipta með sér völdum. Medvedev lofar að efla borgararéttindi og styrkja efnahaginn.**

**RÚSSLAND, AP** Dmítrí Medvedev lét það verða sitt fyrsta verk í embætti forseta Rússlands að gera Vladimír Pútín, forvera sinn, að forsætisráðherra.

Medvedev sór embættiseið sinn í gylltum viðhafnarsal Kremlarhallar. Í innsetningarræðu sinni sagði hann að mikilvægasta verkefni sitt næstu árin yrði að „efla borgaralegt og efnahagslegt frelsi“.

Einungis tveimur stundum síðar tilnefndi hann Pútín í embætti forsætisráðherra. Formlega þarf þjóðþing Rússlands að staðfesta tilnefninguna með atkvæðagreiðslu, og er reiknað með að það verði gert strax í dag.

Samkvæmt stjórnarskrá Rússlands eru völd forsetans mikil, en völd forsætisráðherra geta hins vegar verið teygjanleg eftir því hvernig á er haldið. Ljóst þykir að Pútín ætli sér að hafa veruleg áhrif á stefnu landsins, og síðustu vikurnar hefur hann unnið markvisst að því að styrkja völd forsætisráðherraembættisins á kostnað forsetaembættisins.

Bæði Medvedev og Pútín hafa hafnað því að sterk formleg völd þeirra beggja muni leiða til árekstra og óstöðugleika. Þeir hafa þekkst lengi og starfað náið saman allt frá því Pútín var borgarstjóri í Pétursborg og réð Medvedev til sín sem aðstoðarmann.

Stjórnmálaskýrendur telja margir hverjir að Medvedev verði nær því að teljast strengjabrúða í höndum Pútíns heldur en sjálfstæður leiðtogi þjóðarinnar. Medvedev hefur í það minnsta heitið því að halda áfram á sömu braut og Pútín, og fyrstu mánuðina í embætti mun hann vafalaust leita óspart ráða hjá forvera sínum.

Íbúar Rússlands fylgdust náið með hátíðlegri innsetningarathöfn í beinni sjónvarpsútsendingu. Ungir lífverðir í bláum búningum gengu gæsagang og stóðu síðan hnarreistir álengdar meðan Pútín og Medvedev gengu hjá.

Pútín nýtur mikilla vinsælda í Rússlandi og hörðustu stuðningsmenn hans hvöttu hann til að breyta stjórnarskrá landsins þannig að hann gæti setið lengur á forsetastóli. Pútín neitaði því jafnan og sagðist virða þá stjórnarskrá, sem hann hefur starfað eftir.

„Fyrir átta árum, þegar ég sór embættiseið minn sem forseti í fyrsta sinn, þá hét ég því að starfa fyrir opnum dyrum og af heiðarleika, að þjóna þjóðinni og ríkinu af heilindum,“ sagði Pútín í stuttu ávarpi við innsetningarathöfn Medvedevs í gær. „Ég gekk ekki á bak orða minna.“

gudsteinn@frettabladid.is

Stjórnarandstaðan í Moskvu:

## Hættu við mótmælagöngu

**Daginn fyrir embættistöku nýs forseta í Rússlandi handtók lögreglan í Moskvu tugi stjórnarandstæðinga sem höfðu ætlað sér að efna til mótmælagöngu.**

Lögreglan hafði ekki gefið leyfi fyrir mótmælunum og sat meðal annars í þriðjudaginn um hús þar sem sautján mótmælendur voru staðsettir, og segja mótmælendurnir að lögreglan hafi reynt að koma í veg fyrir að þeir kæmust til mótmælanna.

Stjórnarandstæðingarnir hættu við mótmælafundinn, sem átti að vera sá síðasti í röð mótmæla, sem skipulögð voru af bandalagi stjórnarandstöðuhópa undir forystu Garrís Kasparov, fyrrverandi heimsmeistara í skák.

- gb


**MÓTMÆLENDUR OG LÖGREGLA** Stjórnarandstæðingarnir ætla að leita réttar síns fyrir dómi. NORDICPHOTOS/AFP


Veiðimaðurinn 1940
SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ
Ætlarðu að missa af vortilboðunum?
Láttu þér líða vel í næstu veiðiferð
Vöðlupakkar á betra verði
Ron Thompson öndunarvöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og sterkir skór.
Fullt verð 32.990.
Þú borgar vöðlurnar og við gefum þér skóna.
Aðeins 21.995
Ron Thompson öndunarvöðlupakki með skóm og jakka.
Fullt verð 46.985. Þú færð afslátt og ókeypis skó.
Aðeins 32.995.
Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki.
Fullt verð 27.990.
Vortilboð aðeins 19.995.
DAM öndunarvöðlupakki.
Vandaðar öndunarvöðlur og sterkir DAM skór.
Fullt verð 39.990. Þú borgar vöðlurnar og við gefum þér skóna.
Aðeins 26.995.
DAM öndunarvöðlupakki með skóm og jakka.
Fullt verð 56.985.
Þú færð afslátt og ókeypis skó.
Aðeins 39.995.
DAM neoprenvöðlur með jakka.
Fullt verð 33.990.
Vortilboð aðeins 23.995
Scierra CC3.
Nýjar öndunarvöðlur frá Scierra ásamt skóm.
Fullt verð 40.990.
Vortilboð aðeins 28.995.
Scierra CC3 mittisöndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 38.990.
Vortilboð aðeins 27.995.
Scierra CC3 öndunarvöðlur með stígvélum og góður veiðijakki.
Fullt verð 51.990.
Vortilboð aðeins 35.995.
Scierra CC4 öndunarvöðlupakki.
Nýjar fjögurra laga vöðlur ásamt skóm.
Fullt verð 45.990.
Vortilboð aðeins 32.995.
Simms Freestone öndunarvöðlupakki.
Mest keyptu öndunarvöðlupakkarnir á Íslandi.
Fullt verð 39.990.
Vortilboð aðeins 32.995.
Simms L2 Gore-tex vöðlupakki.
Það er ekki hægt að gera betri kaup í Gore-tex vöðlupakka í dag. Fullt verð 52.990.
Vortilboð aðeins 42.995.
Gerðu verðsamanburð og góð kaup á vortilboðum.
Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
Krókháls 5 – Sími 517 8050
Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Munið vinsælu gjafabréfin okkar.
Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

Umskipti í stjórnmálunum á Írlandi:

# Cowen tekinn við af Ahern

**ÍRLAND, AP** Brian Cowen var í gær kjörinn nýr forsætisráðherra Írlands í atkvæðagreiðslu á írska þinginu. Þingmenn allra þeirra þriggja flokka sem áður studdu stjórn Bertie Ahern fylktu liði að baki Cowen. Ahern vék úr embætti á þriðjudag.

Nýi forsætisráðherrann hyggst tafarlaust stokka upp í stjórninni, meðal annars til að skipa eftirmann sinn í embætti fjármála- og varaforsætisráðherra.

Cowen er ellefti maðurinn sem gegnir embætti Taoiseach, ríkisstjórnarleiðtoga írska lýðveldisins. Fyrirrennari hans gegndi því í ellefu ár samfleytt.

- aa



**LEIÐTOGASKIPTI** Bertie Ahern og Brian Cowen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Krónan ýkir uppgjör banka

**Landsbankinn færir allan gengishagnað inn í rekstur. Glitnir færir upp eigið fé. Gjaldeyrisstaða Kaupþings stærst. Niðurstaða rekstrarins hefði orðið allt önnur ef gengishagnaður hefði ekki komið til.**

**VIÐSKIPTI** Gengishagnaður viðskiptabankanna þriggja á fyrsta ársfjórðungi vegna gengisfalls krónunnar nemur tæpum 132 milljörðum króna. Þetta stafar fyrst og fremst af því að stjórnendur Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa undanfarna mánuði keypt gjaldeyri til að verja eiginfjárstöðu bankanna fyrir gengissveiflum krónunnar.

Hrein staða bankanna í erlendum gjaldeyri var í lok mars samtals um 743 milljarðar króna. Þar af var Kaupþing með rúmlega 457 milljarða í erlendum gjaldeyri, Glitnir með tæpa 157 milljarða og Landsbankinn með tæpa 129 milljarða stöðu.

Misjafnt er hvort þessi hagnaður er færður til hækkunar á eigin fé bankanna eða sem hagnaður af veltufjáreignum í rekstrarreikning. Þannig færir Landsbankinn allan gengishagnaðinn inn í reksturinn, samtals 24,8 milljarða króna en ekkert til hækkunar á eigin fé. Í tilfelli Kaupþings voru um 23 milljarðar færðir sem tekjur inn í reksturinn og 72,5 milljarðar til hækkunar á eigin fé bankans. Glitnir færði stærstan hlutann inn í efnahagsreikning bankans til aukningar á eigin fé eða 22,5 milljarða króna. 4,5 milljarðar voru bókaðir sem hagnaður.

Bankastjórar viðskiptabankanna þriggja eru allir sammála um að gengisfall krónunnar hafi haft mikil áhrif á rekstrarniðurstöður bankanna á fyrsta ársfjórðungi 2008. Þeir segja samt óvarlegt að kalla þetta hreinan hagnað því verið sé að verja eigið fé fyrir sveiflum.

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja nemur samtals 42 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Kaupþing hagnaðist um 18,7 milljarða, Landsbankinn um 17,4 milljarða og Glitnir með 5,9 milljarða eftir skatta.

### GJALDEYRISHAGNAÐUR

**Hreinn gjaldeyrishagnaður banka fyrir skatt í milljörðum króna.***

| | |
|---|---|
| **Glitnir** | |
| uppfært eigið fé | 22,5 |
| Fært inn í rekstur | 4,5 |
| Áætlaður kostnaður | 3 |
| **samtals:** | **24,0** |
| **Landsbankinn** | |
| Uppfært eigið fé | 0 |
| Fært inn í rekstur | 24,8 |
| Áætlaður kostnaður | 2,9 |
| **samtals** | **21,9** |
| **Kaupþing** | |
| Uppfært eigið fé | 72,5 |
| Fært inn í rekstur | 23,4 |
| Áætlaður kostnaður | 10,3 |
| **samtals** | **85,6** |

*Áætlaður kostnaður vegna erlendrar gjaldeyrisstöðu miðast við vaxtamun upp á 9%, sem er þá fórnarkostnaður.

Glitnir var síðastur í röðinni til að skila uppgjöri í gær. Afkoma bankans var nokkuð betri en greinendur bjuggust við en á sama tímabili í fyrra hagnaðist bankinn um 7 milljarða króna. Hækkaði gengi bréfa Glitnis um 3,35 prósent í Kauphöll Íslands í gær. Hreinar rekstrartekjur námu tæpum 26 milljörðum króna, hreinar vaxtatekjur námu 13,8 milljörðum og þóknanatekjur námu 10,6 milljörðum.

„Við erum að auka tekjur og lækka kostnað og ég get ekki verið annað en sáttur við það," sagði Lárus Welding forstjóri Glitnis í samtali við Markaðinn. „Augljóslega eru gengisáhrifin að hafa áhrif. Við erum að birta aðeins minni gengishagnað í okkar rekstrarreikningi en hinir bankarnir og erum bara ánægð með það."

bjorgvin@markadurinn.is

Stjórnmál í Serbíu:

# Tadic forseta hótað lífláti

**SERBÍA, AP** Boris Tadic, forseti Serbíu, hefur fengið ítrekaðar morðhótanir er spenna eykst fyrir þingkosningar í landinu eftir viku.

Mladjan Dinkic, ráðherra í Serbíustjórn, sagði í útvarpsviðtali að saksóknarar og öryggislögreglan ættu að rannsaka „þessar alvarlegu hótanir".

Dagblaðið Blic sagði Tadic hafa fengið bréf þar sem hann er sakaður um landráð og verðskuldi „byssukúlu í ennið". Ákvörðun Tadic að undirrita nýjan samstarfssamning við Evrópusambandið fer illa í herskáa þjóðernissinna sem þykir ESB hafa svikið Serba í Kosovomálinu.

- aa



**TADIC** Forseta Serbíu ítrekað hótað.





Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

VÍS Þar sem tryggingar snúast um fólk

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Flugfrakt




Fyrir þá sem vilja vera fyrstir

**Við sækjum og sendum**
Þú getur látið okkur sækja sendinguna í fyrirtækið þitt og koma henni beint til viðtakanda.

**Hagkvæmt verð**
Það er hagstætt að senda með flugfrakt – berðu saman verð á frakt með flugi og bíl.

**Hratt og oft**
Flugfrakt er fljótlegasta leiðin til að flytja vörur og aðrar sendingar. Mikill fjöldi ferða tryggir að allar sendingar berast hratt og örugglega.

**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 40824 04/08

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

MEÐ ÞIG Í HUGA

# SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM LJÓSMYNDUM





**OLYMPUS**
**Mju-840**

*Ótrúlega mikið fyrir lítið.*

- 8.0 Miljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Innbyggð hristivörn
- Stór 6,9 cm (2,7”) LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- Face Detection fyrir góðar andlitsmyndir
- ISO 64-1600 ljósnæmni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

*Verð: 29.900 kr*

***TILBOÐSVERÐ: 25.900 kr***

**OLYMPUS**
**Mju-770SW**

*Engin venjuleg myndavél.*

VATNSHELD
HÖGGHELD

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C)
- Þolir 100 kg. þrýsting
- 3x aðdráttur í linsu

*Verð: 38.900 kr*

***TILBOÐSVERÐ: 32.900 kr***

## *Magnaðar myndavélar á tilboðsverði!*

**OLYMPUS**
**FE-290**

*Glæsileg myndavél á einstöku verði.*

- 7.1 milljón pixlar
- 4x aðráttarlinsa (28-112mm)
- Stór 7,6 cm (3”) LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tökustillingar
- Nett málmhús
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
- Taska, þrífótur, hálsól, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

*Verð: 24.900 kr*

***TILBOÐSVERÐ: 19.900 kr***





3ja ÁRA ÁBYRGÐ á öllum **OLYMPUS** myndavélum hjá ORMSSON

VELDU ÞÉR **OLYMPUS**

# ORMSSON

| | | |
|---|---|---|
| ORMSSON | **SÍÐUMÚLA 9** | SÍMI 530 2800 |
| ORMSSON | **SMÁRALIND** | SÍMI 530 2900 |
| ORMSSON | **KEFLAVÍK** | SÍMI 421 1535 |
| ORMSSON | MODEL-**AKRANESI** | SÍMI 431 3333 |
| ORMSSON | ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** | SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON | **AKUREYRI** | SÍMI 461 5000 |
| ORMSSON | BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** | SÍMI 464 1515 |
| ORMSSON | VÍK-**EGILSSTÖÐUM** | SÍMI 471 2038 |
| ORMSSON | VÍK-**NESKAUPSTAÐ** | SÍMI 477 1900 |
| ORMSSON | VÍK-**REYÐARFIRÐI** | SÍMI 474 1477 |
| ORMSSON | ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** | SÍMI 480 1160 |

KVIKA



## FRUMKVÖÐLANÁM

- Hagnýtt einstaklingsmiðað eins árs **diplómanám á háskólastigi** fyrir hugmyndaríkt og skapandi fólk sem vill styrkja faglegan grunn sinn og þekkingu til að virkja krafta sína og hugmyndir.
- Samstarfsverkefni **Keilis, verkfræðideildar Háskóla Íslands** og **Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**.
- Við lok náms eiga nemendur að hafa þróað fullmótaða viðskiptahugmynd og viðskiptaáætlun sem tilbúin er til fjármögnunar.
- Námið hefst 1. september 2008. **Umsóknarfrestur er til 13. júní 2008**.
- Inntökuskilyrði eru stúdentspróf, sambærilegt nám, eða starfsreynsla tengd verkefni nemanda.
- Námi fylgir aðstaða í nýju frumkvöðla- og orkusetri Keilis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Háskóla Íslands.

## SKÓLI SKAPANDI GREINA

**Skóli skapandi greina** er einn fjögurra skóla **Keilis, miðstöðvar fræða og vísinda,** og **frumkvöðlanámið** fer fram við hann. Tilgangur skólans er að tengja saman listgreinar, hönnun og nýsköpun í suðupotti skapandi greina.*

Markmiðið er að mennta og útskrifa nemendur sem nýta sköpunaraflið til framþróunar mannlegs samfélags.

Í sumar mun skólinn standa fyrir alþjóðlegu ljósmyndaakademíunni **Focus on Nature** (www.focusonnature.is).

Upplýsingar um námið gefur **Magnús Árni Magnússon,** framkvæmdastjóri skóla skapandi greina, magnus@keilir.net.

*Skapandi greinar (creative industries) eru þær atvinnugreinar sem eru upprunnar í sköpunargáfu einstaklingsins en bera í sér möguleikann til tekju- og atvinnusköpunar með framleiðslu og hagnýtingu hugverka hverskonar.




VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Keilir**
Atlantic Center
of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

## „ORÐRÉTT“

### Æi hvað þið eruð næs

**„Við ætlum að huga að því hvernig við getum varið stöðu og kjör þess fólks sem er bæði búið að fjárfesta í íbúðarhúsnæði og gera sína kjarasamninga.“**

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, UTANRÍKISRÁÐHERRA

**Fréttablaðið, 7.maí.**

### Það er alltaf eitthvað

**„Ég þarf því miður að drífa mig að gera við sprungna vatnslögn í sumarbústaðnum. Ég þarf að rjúka.“**

SIGURÐUR PÉTUR HARÐARSON, MÁLSHÖFÐANDI

**DV, 7. maí.**

tilveran

*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÁSDÍS ÓSK EINARSDÓTTIR VERSLUNARKONA

# Próf, sauðburður og Kambódía



„Það er helst að frétta að það er brjálað að gera,“ segir Ásdís Ósk Einarsdóttir, meistaranemi í þróunarfræðum og eigandi verslunarinnar Fair Trade við Laugaveg. „Ég hef verið á kafi við að taka upp nýja sendingu í búðinni auk þess sem ég er að leggja lokahönd á síðustu verkefnin í þróunarfræðum á þessari önn. Ég ætla að reyna að klára það sem allra fyrst svo ég missi ekki af sauðburðinum hjá afa og ömmu á Seftjörn á Barðaströnd.“

Ásdís hefur flakkað um heiminn þveran og endilangan, bjó meðal annars í Kambódíu fyrir nokkrum árum og er á leiðinni þangað aftur í sumar. „Í þetta sinn ætla ég að taka manninn minn og dóttur með. Við förum út í júní og verðum í þrjár vikur. Ég hlakka ekki lítið til.“ Ásdísi þykir reyndar súrt í brotið að fyrir vikið missir hún af sjómannadeginum. „Ég ólst upp á Patreksfirði og það er sterk hefð fyrir því að halda upp á sjómannadaginn þar en ég kemst ekki vestur í þetta sinn. Sem er fúlt því ég á fimmtán ára fermingarafmæli og gamli bekkurinn minn ætlar að hittast þessa helgi!“

Það sem eftir lifir sumars verður Ásdís í vinnu í Fair Trade-búðinni og hefur hugsað sér að fara á Fair Trade-ráðstefnu í Noregi í ágúst. „Markmiðið er að hvíla mig eins og ég get á skólanum og safna kröftum áður en ég ræðst í lokaverkefnið í haust. Ekki veitir af!“

## FRÓÐLEIKSMOLI

### DEILAN UM ABKASÍU

Fréttir af því að Abkasíumenn hafi skotið niður tvær ómannaðar njósnavélar Georgíuhers hafa enn á ný aukið spennuna í deilunni um yfirráð yfir héraðinu.

Abkasía er tæplega níu þúsund ferkílómetra stórt landsvæði við Svartahafið, innan landamæra Georgíu en við landamæri Rússlands. Abkasíumenn vilja aðskilnað frá Georgíu og frá árinu 1992 hefur Abkasía í raun notið sjálfsstjórnar, þótt Georgía vilji ekki frekar en önnur ríki viðurkenna sjálfstæði héraðsins.

Íbúar héraðsins eru nú um 300 þúsund, eða jafnvel færri, en voru nálægt hálfri milljón fyrir hrun Sovétríkjanna. Meðan Sovétríkin voru og hétu var löngum talið að íbúar Abkasíu yrðu langlífari en annað fólk.

## SJÓNARHÓLL

HEIMSÓKN KRÓNPRINSHJÓNANNA

### Sóun á fé

„Mér finnst nú hálfkjánaleg sóun á almannafé að bjóða þessum annars ágætu hjónum hingað til lands,“ segir Hafþór Ragnarsson, verkefnastjóri hjá Blindrabókasafni Íslands og fyrrverandi skáld, um heimsókn þeirra Friðriks, krónprins Dana, og Maríu konu hans.



**HAFÞÓR RAGNARSSON** verkefnastjóri.

„Ekki það að þetta er hið besta fólk og Friðrik hefur staðið sig vel sem krónprins. Hann hefur uppfyllt sínar konunglegu skyldur og getið ríkinu erfingja sem getur tekið við af honum sjálfum þegar fram líða stundir. Hann er því búinn að gera það sem hann á að gera og búa til ríkisarfa. Það er hið besta mál að efla tengsl við frændþjóð okkar Dani og ekki síst í því ljósi að Friðrik verður kóngur fyrr en síðar í Danaríki. Hins vegar finnst mér að hann, sem er með 220 milljónir í vasapening á ári, geti einfaldlega borgað sjálfur fyrir sín ferðalög.“

# Landsbyggðarbörn í miðbænum

**Ania Leoniak setur upp ljósmyndasýningu af börnum á landsbyggðinni í miðbæ Reykjavíkur 16. maí, í félagi við Paul Fiann. Sýningunni, sem er í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, verður komið fyrir á horni Lækjargötu og Austurstrætis, við húsin sem brunnu þar í fyrra.**

„Sýningin snýst um landsbyggðina og flóttann frá henni til höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ania. „Mig langaði að fanga einhvern þátt íslensks veruleika og datt fljótt niður á þennan á ferðalögum mínum um landið. Þorpin eru mörg hver hálftóm og börnin, framtíð landsins, eiga fjölmörg eftir að flytja á mölina.“

Ania starfar sem arkitekt og hönnuður og tekur ljósmyndir í hjáverkum. Upphaflega hafði hún metnaðarfullar hugmyndir um verkefni. „Ég vildi gera heimildarmynd um hvern og einn einasta Íslending,“ segir hún og hlær. „Mér fannst þetta ekki mikið mál, bara 300 þúsund manns! En félagi minn kom mér niður á jörðina.“

Ania og Paul tóku um 33 þúsund myndir af rúmlega 1.000 börnum víðs vegar um land, en 630 verða á sýningunni. Með þeim í för var Czarek Iber, kvikmyndagerðarmaður, sem gerði heimildarmynd um verkefnið. Öll eru þau frá Póllandi. Sú mynd verður sýnd á Listahátíð og aðstandendur vonast til að hún verði einnig sýnd í Ríkissjónvarpinu, „svo fólk á landsbyggðinni þurfi ekki að ferðast til Reykjavíkur til að sjá hana,“ segir Ania.

Verkefnið hefur staðið yfir í tvö ár, en myndatakan sjálf fór fram í nóvember í fyrra. Mestur tími hefur farið í að fá leyfi hjá hinum ýmsu stjórnvöldum og segist Ania í það minnsta hafa lært þolinmæði.

Í fyrstu var ætlunin að setja sýninguna upp á útveggjum Þjóðminjasafnsins en það þótti of langt frá miðbænum. Sjónum var næst beint að Hverfisgötu en þá varð bruninn á Lækjartorgi. „Mér fannst það frábært staðsetning. Að skapa eitthvað nýtt úr þeim rústum.“

Ania vonar að hægt verði að færa sýninguna út á land og eins sé möguleiki á því að nýta hana í landkynningu erlendis.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**SÝNINGIN** Svona mun sýningarsvæðið líta út.



**LJÓSMYNDARINN** Ania og félagi hennar tóku 33 þúsund myndir af börnum á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FER HÚN SUÐUR?** Ein myndanna á sýningunni.





SIEMENS

Aneta

Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is




**VEFSTÓLL** Guðrún Hilmarsdóttir er meðal þeirra sem taka þátt í árlegri sölusýningu Skálatúns.

Sölusýning Skálatúnsheimilisins fer fram í dag:

# Úrval handunninna listmuna

**SÝNING** Hin árlega sölusýning á vinnustofum Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ verður haldin í dag frá klukkan 12.00 til 18.00.

Skálatún er heimili 45 einstaklinga með þroskahömlun. Margvísleg starfsemi fer fram á heimilinu á degi hverjum og er ætlunin að sýna gestum hluta af afrakstri þeirrar vinnu í dag. Meðal annars verður til sýnis og sölu mikið úrval af handunnum listmunum og öðru handverki. Vinnustofurnar í Skálatúni hafa verið starfræktar í rúmlega 20 ár. Síðustu ár hefur sýning af þessu tagi farið fram í tengslum við hátíðina List án landamæra, sem haldin var í fimmta sinn í ár og lýkur um næstu helgi.

Íbúar og starfsmenn Skálatúns lofa góðri skemmtun og heitu á könnunni í dag. Allir eru hjartanlega velkomnir. **- kg**




**599** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Bautabúrs bayonneskinka




**1.599** kr/kg. áður 1.995 kr/kg.
Frosnar írskar grísalundir




**703** kr/kg. áður 937 kr/kg.
Nettó brauðskinka




**774** kr/kg. áður 1.032 kr/kg.
Nettó léttreykt skinka




**699** kr/kg. áður 998 kr/kg.
6 pítur m/brauði og sósu




**237** kr/pk. áður 339 kr/pk.
Betty Carrot Cake og Devils köku mix




**188** kr/stk. áður 269 kr/stk.
Betty vanillu og súkkulaði krem




**175** kr/stk. áður 249 kr/stk.
Easy taumýkir - 4 tegundir




**89** kr/stk. áður 129 kr/stk.
Easy uppþvottalögur 625 ml. - 3 tegundir




**559** kr/pk. áður 799 kr/pk.
Easy þvottaduft - 3 tegundir - 3.15 kg.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 8. maí til 12. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## Útgjöldin

> Verð á vínarbrauði. Meðalverð í febrúarmánuði á landinu öllu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HALLDÓR HALLDÓRSSON, BÆJARSTJÓRI Á ÍSAFIRÐI

## *Gerði verstu kaupin á diskótímabilinu*



„Sumarbústaðurinn minn er hiklaust bestu kaup sem ég hef gert," segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði. „Reyndar keypti ég hann ekki í heilu lagi. Ég varð náttúrlega að byggja hann."

Þar með var Halldór kominn með híbýli á bernskustöðvarnar en bústaðurinn er í Ögri í Ísafjarðardjúpi á jörð foreldra hans sem eru þar með búskap. „Það er því nóg um að vera þegar ég fer í bústaðinn. Þarna er líka afar gott að hvíla sig frá amstri dagsins. Öll þægindi eru til staðar eins og rafmagn, heitur pottur og svo ekkert sjónvarp sem eru sérstök þægindi." Þessi kaup gerði hann árið 1996 en verstu kaupin gerði hann nokkru áður. Þau hafa reyndar dregið nokkurn dilk á eftir sér og eiga það til að hrella bæjarstjórann enn þann daginn í dag.

„Verstu kaupin gerði ég í hvert skipti sem ég keypti mér flík á diskótímabilinu. Ég sé það glögglega þegar ég sé myndir frá þessum tíma. Þetta er alveg agalegt, ég fæ aulahroll þegar ég sé þetta. Sérstaklega er mér annt um að ein mynd sem tekin var af mér í Reykjavík á hátindi diskótímabilsins, fari ekki á neinn flæking. En þó að fatatískan hafi verið hin hlægilegasta er aldrei að vita nema að þessi klæðaburður muni þykja nokkuð töff þegar fram í sækir," segir bæjarstjórinn minnugur þess að tískan fer í hringi.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SALT Á RAUÐVÍNSBLETT

■ *Klassísk húsráð frá Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjaverði.*



„Þegar ég heyri orðið húsráð dettur mér fyrst í hug orðið blettir og hvernig eigi að losa sig við þá. Ef rauðvín hellist niður á dúka þá er að slá salti yfir blettinn og láta saltið drekka í sig litinn og síðan bursta eða ryksuga saltið upp. Ef kertavax fer niður þá er gott að fara með heitan straubolta yfir. Langbest er að hafa blað af eldhúsrúllu undir og yfir og láta pappírinn sjúga vaxið upp í," segir Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

■ **Verslun**

## Kaupa vetrarvörur á sumrin



Nú þegar sumarið er farið að banka allverulega á dyrnar hjá landsmönnum er hætt við að fáir séu með hugann við veturinn. Flestir enda fegnir að geta losað sig við þykku úlpurnar inn í skáp og skíðagræjurnar í geymsluna.

Sumarið er tíminn til að kaupa vetrarvörur, því iðulega sitja verslanir uppi með einhvern lager af vörum frá því í fyrra sem koma þarf út áður en nýi árgangurinn kemur í hús. Þeir sem þurfa ekki að vera ætíð í allra nýjustu tísku og skammast sín ekki niður í tær fyrir ársgömul skíði, ættu því að nýta sér sumarið til að birgja sig upp fyrir næsta vetur.


Aðalfundur

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

Aðalfundur FAAS verður haldinn fimmtudaginn 15. maí n.k. klukkan 20:00 í húsnæði Vistor, Hörgatúni 2, Garðabæ. Húsið opnar kl. 19:30.

Dagskrá:

1. Fundarsetning: María Th. Jónsdóttir, formaður.
2. Venjuleg aðalfundarstörf.
3. Pálmi Jónsson yfirlæknir öldrunarsviðs á Landakoti rabbar við fundargesti.
4. „Öldubrjótur" Hrönn Ljótsdóttir félagsráðgjafi og Lovísa Jónsdóttir fræðslustjóri kynna íslensku-, samfélags- og verkefnaskóla á Hrafnistu.
5. Önnur mál.

*Veitingar og húsnæði í boði Pfizer.*

*Allir velkomnir.*

www.alzheimer.is


# Algengt að húsfélög slái saman á sumrin

**Garðsláttur hefst af fullum krafti upp úr miðjum maí. Fréttablaðið kannaði möguleika þeirra sem vilja losna við umstangið í kringum slík þarfaverk og komst að því að um auðugan garð er að gresja.**

Líklega þykir flestum ilmurinn af nýslegnu grasi bæði góður og hressandi. Þó eru hreint ekki allir sem kunna því vel að slá grasið í garðinum sínum. Mörgum vex í augum tilstandið sem því fylgir og kjósa þess í stað að borga utanaðkomandi aðila fyrir að sjá um sláttinn. Í slíkum tilvikum er hægt um vik að leita til eins af fjölmörgum fyrirtækjum sem bjóða upp á þjónustu af þessu tagi.

Brynjar Kjærnested, eigandi Garðlistar ehf. í Kópavogi, segir meira en að segja það fyrir fólk að standa sjálft í garðslætti. „Fólk þarf að eiga bæði sláttuvél og orf, og þegar slætti er lokið má ekki henda grasinu í ruslið heldur þarf að pakka því inn og fara með í Sorpu. Það eru því afar margir sem hreinlega vilja ekki hafa fyrir þessu. Við komum á staðinn og sláum grasið, snyrtum kanta, hirðum upp grasið, sópum stéttina og förum með allt draslið í Sorpu," segir Brynjar. Slík alhliða þjónusta er í boði hjá öllum þeim fyrirtækjum sem Fréttablaðið hafði samband við.

Birgir Símonarson, skrúðgarðyrkjufræðingur hjá Ísrós í Kópavogi, segir einna mest um að húsfélög panti slíka þjónustu. „Það er algengt að íbúar í stórum fjölbýlum slái saman fyrir þjónustunni, í stað þess að skiptast á að slá grasið. Það þarf ekki að vera svo dýrt fyrir hvern íbúa."

Ýmsir þættir geta haft áhrif á verð á þjónustu af þessu tagi. Þau fyrirtæki sem Fréttablaðið hafði samband við fylgja öll þeirri reglu að kanna fyrst aðstæður á svæðinu sem á að slá og gera síðan verðtilboð. Ef um er að ræða 400 fermetra grasflöt má gera ráð fyrir að verðið sé á bilinu 7.500 til 12.500 krónur, allt eftir umfangi verkefnisins.

Vinnuskóli Reykjavíkur býður eldri borgurum og öryrkjum upp á svokallaða græna heimaþjónustu. Guðrún Þórsdóttir skólastjóri segir megintilganginn vera að efla lífsgæði. „Andstyggilegur garður sem fólk ræður ekki við fælir það fyrr úr húsunum sínum. Við sjáum um 5-600 garða á sumri og förum einu sinni til tvisvar í hvern garð. Við reynum að haga því þannig að þeir njóti þjónustu okkar sem mest þurfa á að halda." Græn heimaþjónusta er í boði fyrir öryrkja og fólk yfir 67 ára. Verðið er 3.000 krónur fyrir eina þriggja tíma heimsókn og tekið er við umsóknum í þjónustumiðstöðvum borgarinnar.



**ERFIÐI** Oft fylgir því mikið umstang að sjá sjálfur um garðsláttinn.

kjartan@frettabladid.is


Risastórt dreifikerfi á leiðinni í pósti

Það er Síminn

**KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!**

**MEÐ ÞIG Í HUGA**

# SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM LJÓSMYNDUM



**OLYMPUS**
**Mju-770SW**

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C)
- Þolir 100 kg. þrýsting
- 3x aðdráttur í linsu

*Verð: 38.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 32.900 kr**

*Engin venjuleg myndavél.*

**VATNSHELD**
**HÖGGHELD**



**OLYMPUS**
**Mju-840**

*Ótrúlega mikið fyrir lítið.*

- 8.0 Miljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Innbyggð hristivörn
- Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- Face Detection fyrir góðar andlitsmyndir
- ISO 64-1600 ljósnæmni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

*Verð: 29.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 25.900 kr**

## *Magnaðar myndavélar á tilboðsverði!*

**OLYMPUS**
**FE-290**

*Glæsileg myndavél á einstöku verði.*

- 7.1 milljón pixlar
- 4x aðráttarlinsa (28-112mm)
- Stór 7,6 cm (3") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tökustillingar
- Nett málmhús
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
- Taska, þrífótur, hálsól, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

*Verð: 24.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 19.900 kr**





3ja ÁRA ÁBYRGÐ á öllum OLYMPUS myndavélum hjá ORMSSON

VELDU ÞÉR **OLYMPUS**

# ORMSSON

ORMSSON **SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-**AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-**EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-**NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-**REYÐARFIRÐI** SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KVIKA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI 40% AFSLÁTTUR




**KF einiberjakryddað lambalæri**
**1198 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1998 KR./KG.*




**Bónus BBQ krydduð kjúklingalæri**
**475 kr./kg.** *MERKT VERÐ 679 KR./KG.*




**Bónus BBQ kryddaðir kjúklingaleggir**
**475 kr./kg.** *MERKT VERÐ 679 KR./KG.*




**Kristjáns rúlluterta**
**298 kr.**




**OS Gotti tilboðsostur**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KS FERSKT LAMBAFILLET MEÐ FITURÖND




KS ferskt lambafillet með fituröndd
**2498 kr./kg.**




Ali ferskur svínabógur
**498 kr./kg.**




Óðals ferskt nautahakk
**898 kr./kg.**




Nautaat ungnautahamborgarar
4 stk með brauði **499 kr.**




KF hrásalat 350g
aðeins **98 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.941 **+1,15%**

**Fjöldi viðskipta:** 483
**Velta:** 6.246 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PETROL.** | 7,25% | **SKIPTI** | 3,45% |
| **MAREL** | 4,24% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 1,62% |
| **GLITNIR** | 3,35% | **EIK BANKI** | 1,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Hlutabréf í úrvalsvísitölu:Atorka 7,19 -0,69% ... Bakkavör 33,25 -0,60% ... Eimskipafélagi_ 21,25 -1,62% ... Exista 11,03 +0,09% ... FL Group 6,37 +2,91% ... Glitnir 16,95 +3,35% ... Icelandair Group 21,80 +0,00% ... Kaup_ing 800,00 +1,39% ... Landsbankinn 27,90 +0,36% ... Marel 93,40 +4,24% ... SPRON 4,65 +0,00% ... Straumur-Bur_arás 11,95 -0,25% ... Teymi 3,62 +0,00% ... Össur 97,00 +1,04%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Meiri háttar sending

Halldór J. Kristjánsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja, gerir alvarlegar athugasemdir við yfirlýsingar hagfræðingsins Roberts Aliber á fundi í Háskóla Íslands og gagnrýnir umfjöllun Morgunblaðsins um þær. Halldór segir fullyrðingar Alibers um íslenskt fjármálakerfi vera illa ígrundaðar og byggja á huglægu mati. Mikilvægt sé að vandað sé til umfjöllunar þegar íslenskt efnahagslíf sé í alþjóðlegu kastljósi. „Órökstuddar upphrópanir geta haft alvarleg áhrif og því brýnt að leita viðhorfa ábyrgra aðila við slíkum fullyrðingum áður en þær eru birtar.“ Halldóri virðist samt sjást yfir, að meðal þeirra sem fengu Aliber hingað til lands, til að tala á opinberum vettvangi og í návist fjölmiðla, voru einmitt hans eigin samtök, Samtök fjármálafyrirtækja.

### Beðið eftir útspili...

Aðila á markaði er heldur tekið að lengja eftir margboðuðum útspilum stjórnvalda og Seðlabankans til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans og treysta ímynd landsins á alþjóðlegum mörkuðum, meðal annars með samstarfi við seðlabanka annarra landa. Búist er við fulltrúum Fitch-matsfyrirtækisins hingað til lands á næstu dögum og mun styttast í nýjar einkunnir bankanna þar á bæ. Aðgerðir stjórnvalda eru taldar geta ráðið þar úrslitum, en einhverjir stjórnmálamenn heyrast hafa áhyggjur af litlum stuðningi almennings við slíkar aðgerðir, enda telji menn bankana vel geta bjargað sér sjálfir. Forkólfar í atvinnulífinu segja hins vegar að málið snúist alls ekki um það, heldur þurfi fjármálakerfið allt að öðlast tiltrú erlendis svo að bankarnir fái aftur tækifæri til þess að hefja útlán að nýju, jafnt til fyrirtækja hér innanlands sem einstaklinga. Erlendis ríki efasemdir um getu Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara og um það snúist mergur málsins, ekki beina aðstoð við bankana sem aldrei hafi staðið til að veita, hvorki fyrr né síðar.

## Stórt og mikið verk að sameina

„Viðræðurnar eru hafnar. Það er að mörgu að gæta, enda stórt og mikið verkefni,“ segir Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, um sameiningarviðræður við Kaupþing.



GUÐMUNDUR HAUKSSON

Félögin tilkynntu á dögunum að rætt yrði um sameiningu og að fjórar vikur yrðu gefnar til verksins. Vika er þegar liðin. Guðmundur upplýsir fátt um fjölda funda og segist ekkert geta sagt um hvort samkomulag sé orðið um grundvallaratriði. Ekki sé þó byrjað að skjalagerð vegna hugsanlegs samruna. **- ikh**

# 365 tapar 970 milljónum

### Tap félagsins vegna falls krónunnar 940 milljónum.

Fjölmiðlafyrirtækið 365, sem meðal annars á Fréttablaðið, Stöð 2 og Markaðinn, tapaði 970 milljónum króna eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt nýbirtu uppgjöri. Tap á sama tíma í fyrra nam 34 milljónum króna.

Tekjur fjórðungsins jukust hins vegar um 29 prósent frá fyrra ári og námu rúmlega 3,4 milljörðum króna.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir reksturinn líða fyrir gengisfall krónunnar sem numið hafi 28 prósentum á ársfjórðungnum. „Af fjármagnsliðum sem eru í nettó um 11 hundruð milljónir í mínus, þá er gengistap um 940 milljónir,“ segir hann og bendir á að 365 sé skuldsett félag. „Og þó að hlutfall erlendra skulda hafi ekki verið nema 35 prósent um áramót þá er þetta niðurstaðan af gengisþróun ársfjórðungsins.“

Ari segir niðurstöðuna viðunandi og rekstur samstæðunnar í heild ekki langt frá áætlun þrátt fyrir erfiðleika í afþreyingarhlutanum. Þar segir hann fyrst og fremst um að ræða lægð í sölu á erlendri tónlist og DVD-myndum. Hins vegar hafi fjölmiðlum gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ekki eru ráðgerðar hagræðingaraðgerðir í formi uppsagna starfsfólks eða niðurlagningar rekstrareininga að því er Ari segir. „Við erum komin með félagið í það form sem við viljum hafa það í. En auðvitað erum við alltaf að skoða hvort við komumst einhvers staðar af með minna, eða bætt í annars staðar þar sem tekjugrundvöllur er fyrir því.“ **- óká**

# Sókn eftir samruna

**Marel Food Systems (MFS) segir að í næstu uppgjörum komi fram ávinningur af samþættingu og hagræðingu eftir öran vöxt síðustu ára. Sameining við Stork Food Systems tekur gildi í dag. MFS hagnaðist eftir skatta um 739 þúsund evrur (rúmar 87 milljónir króna) á fyrsta ársfjórðungi, rúmum fjórðungi minna en í fyrra. Tekjur jukust um 2,5 prósent.**



**ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON** Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel Food Systems, segir kaupin á Stork Food Systems sóknarsamruna. Samruni við danska félagið Scanvægt hafi hins vegar verið erfiður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Um leið og Marel Food Systems (MFS) kynnti uppgjör fyrsta ársfjórðungs í gær var fagnað árangri í að hafa náð vaxtarmarkmiðum sem sett voru fram í ársbyrjun 2006.

„Í raun má segja að á morgun [í dag] rætist langþráður draumur 4.000 starfsmanna og 2.000 hluthafa. Marel og Stork eru að lokum að sameinast og til verður aðili á markaði sem verður leiðandi í þróun og markaðssetningu á matvælavinnslubúnaði,“ sagði Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður MFS, en félagið hefur nærri fimmfaldast að stærð á tveimur árum. Hann segir að samruninn við Stork Food Systems sé „sóknarsamruni“ þar sem starfsemi félaganna bæti hvor aðra upp. Um leið segir hann sjá fyrir endann á erfiðri samþættingu vegna kaupa félagsins á Scanvægt í Danmörku.

Greining Glitnis segir uppgjör félagsins slakt en kveður um leið spennandi tíma fram undan. Hagnaður MFS á fjórðungnum nam 739 þúsund evrum. „Þar af var hlutdeildarhagnaður vegna LME 0,5 milljónir evra,“ bendir Glitnir á, en LME var eignarhaldsfélagið sem stofnað var um kaup í iðnsamstæðunni Stork.

Hörður Arnarson, forstjóri MFS, segir að í öðrum og þriðja ársfjórðungi, muni skila sér í reikningum félagsins ávinningur af hagræðingu og samþættingu við Scanvægt, en á síðustu vikum var 110 manns sagt upp hjá fyrirtækinu, þar af um 70 í Danmörku og 20 hér á landi. Ávinningur af hagræðingu vegna Scanvægt á þessum fjórðungi er metinn á um 4,5 milljónir evra. Þá er ávinningur af endurskipulagningu sölu og þjónustuhluta Marel Food Systems talinn munu skila fimm milljónum evra á árinu. Þá á einnig að skila sér síðar á árinu verðhækkanir sem gripið var til vegna hækkunar hráefnisverðs.

Stjórn MFS ákvað á fundi í fyrradag að nýta heimild til að hækka hlutafé félagsins með sölu nýrra hluta að söluandvirði 117 milljónir evra, líkt og tilkynnt var í Kauphöll í gær. Árni Oddur Þórðarson svaraði á kynningarfundi félagsins að fyrra bragði játandi spurningunni um hvort fjármögnun félagsins væri trygg. Hann vísar til hlutafjárútboðsins, sem er að fullu sölutryggt af Landsbankanum með bakstuðningi stærstu hluthafa MFS, Eyris Invest og Grundtvig Invest. Þá hefur félagið tekið lán til sex ára með 310 punkta álagi yfir Libor millibankavöxtum. Árni Oddur segir meðalvaxtabyrði lánanna vel ásættanlega í því árferði sem nú ríki á fjármálamörkuðum, en telur um leið ekki ólíklegt að farið verði út í endurfjármögnun árið 2010 verði aðstæður orðnar hagfelldari. **olikr@markadurinn.is**


# Hluthafafundur

Stjórn FL Group hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 9. maí 2008, kl. 8.30.

**Dagskrá:**

1. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi.
2. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu er þess óska fyrir kl. 16 þann 21. maí 2008. Greitt verði fyrir hlutina með hlutum í Glitni banka hf. Gengi hlutabréfa í FL Group hf. við kaupin skal vera kr. 6,68 fyrir hvern hlut. Gengi hlutabréfa í Glitni banka hf. skal vera kr. 17,05 fyrir hvern hlut. Þannig fær hver hluthafi er tekur kauptilboðinu 0,39 hluti í Glitni banka hf. fyrir hvern hlut í FL Group hf.
3. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað í tengslum við framangreind kaup á hlutabréfum í FL Group hf., sbr. lið 2 hér að ofan, að kaupa allt að 20% eigin hluta fyrir kr. 6,68 hvern hlut. Heimildin skal gilda til og með 20. júní 2008. Verði eigin hlutir í eign félagsins umfram 10% eftir viðskiptin skal stjórn félagsins lækka hlutafé félagsins í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög, þannig að eigin hlutir eftir slíka hlutafjárlækkun verði ekki umfram 10% af hlutafénu.
4. Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað, í því skyni að mæta framangreindum kaupum á hlutum í FL Group hf., sbr. lið 3 hér að ofan, að kaupa allt að 862.017.533 hluti í Glitni banka hf. fyrir kr. 17,05 hvern hlut og greiða fyrir með lántöku.

**Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um tillögurnar bréflega. Atkvæðaseðlar eru fyrirliggjandi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 4. maí n.k. og þar er ennfremur hægt að greiða atkvæði. Þeir hluthafar sem þess óska skriflega fyrir þriðjudaginn 5. maí n.k. geta fengið atkvæðaseðla senda sér. Bréfleg atkvæði skulu berast á skrifstofu félagsins eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 8. maí eða afhendast á hluthafafundinum sjálfum. Atkvæði verða talin á hluthafafundinum þann 9. maí og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem þá eru skráðir í hlutaskrá tekin með í atkvæðagreiðslunni.**
**Fundargögn, þ.m.t. tillaga stjórnar ásamt greinargerð, eru til sýnis á skrifstofu FL Group hf. frá og með föstudeginum 2. maí og verða send þeim hluthöfum sem þess óska. Gögnin eru ennfremur aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is.**

**Reykjavík, 1. maí 2008,**
**Stjórn FL Group hf.**

FL GROUP





**Óbreytt verð! Engar hækkanir!**

# Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



CT 75 breidd: 75 sm
Hvítt háglans **44.900,-** stgr.



CT 55 breidd: 55 sm
Hvítt háglans **38.900,-** stgr.



WLU 125 45x30 sm
Hvítt háglans og eik **23.900,-** stgr.



WLU 126 45x30 sm
Hvítt háglans og eik **28.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 sm
Hvítt háglans og eik **34.900,-** stgr.



WLU 147 61x48 +25 sm
Eik **49.900,-** stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skortur er á stefnufestu í skipulagi Reykjavíkur.

## Eins og lauf í vindi

JÓN KALDAL SKRIFAR

Undanfarin misseri hafa skipulagsmál í Reykjavík verið mörgum mjög hugleikin. Langmesta púðrið í umræðunni, ef hreinlega ekki allt, hefur farið í Vatnsmýrina og miðbæinn. Annars vegar hvort flugvöllurinn eigi að fara og hvað eigi að koma í staðinn, og hins vegar hvort rétt sé að heimila uppbyggingu við Laugaveg og nærliggjandi götur á kostnað húsa sem Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur ekki séð ástæðu til að friða.

Á sama tíma og um þetta hefur verið deilt fram og aftur blindgötuna, hafa hljótt, en alls ekki hægt, risið mikil hverfi í útjaðri Reykjavíkur og í nágrannasveitarfélögunum. Og sú gríðarmikla uppbygging hefur farið fram án umræðu. Ekki orð um fagurfræði byggingarlistarinnar í þessum nýju hverfum, og ekki orð um þá samfélagsgerð sem endurspeglast í skipulagi þeirra. Það væri óskandi að meira jafnvægi hefði ríkt í allri þessari umræðu og framkvæmdagleði. Það er að segja, að ekki hefði aðeins verið talað í miðbænum og aðeins framkvæmt í úthverfunum.

En nú er hamagangurinn að baki. Hin alþjóðlega lánsfjárkreppa hefur séð til þess. Og íbúar höfuðborgarsvæðisins eru skyndilega að vakna upp við vondan draum hálfbyggðra úthverfa og miðbæ, sem missti af lestinni á einhverjum mestu uppgangstímum Íslandssögunnar.

Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hefur verið byggt feikilega mikið af verslunar- og þjónustuhúsnæði í höfuðborginni. Öll sú fjárfesting fór fram hjá miðbænum.

Það er lærdómsríkt að líta um öxl og velta því fyrir sér hvað brást. Af hverju var horft fram hjá miðbænum? Þó voru þar vissulega miklir möguleikar fyrir hendi, og eru þar enn þótt þeir verði ekki nýttir á næstunni.

Á árunum 1997 til 2001 var lögð mikil vinna í skipulagsverkefni sem fékk nafnið Þróunaráætlun miðborgar. Að því verki komi fjöldi innlendra og erlendra fræðimanna í samvinnu við íbúa og atvinnurekendur. Afraksturinn var skýr stefna um samspil verndunar og uppbyggingar. Auðvitað fannst sumum of langt gengið, öðrum of skammt. Breytingar í grónum hverfum geta aldrei orðið öllum að skapi. Það mikilvægasta við þróunaráætlunina var að með henni var víglínan dregin, hvar átti að verjast og hvar sækja fram.

Nú lítur út fyrir að öll þessi kostnaðarsama vinna sé farin ónotuð á öskuhauga sögunnar. Það þarf ekki að kafa djúpt eftir skýringum á því af hverju svona er komið. Á þeim ellefu árum sem eru liðin frá því að vinna við þróunaráætlunina hófst, hefur sjö sinnum verið skipt um formann skipulagsráðs borgarinnar. Í því sæti situr pólitíkus, fulltrúi meirihlutans hverju sinni. Og þegar haft er í huga hversu djúpt stjórnmálamennirnir hafa verið með nefið í hvers manns koppi í skipulagsmálunum, er ekkert undarlegt að glundroði ríki í málaflokknum. Skortur á stefnufestu hefur verið átakanlegur og þar bera kjörnir fulltrúar í fortíð og nútíð fulla ábyrgð. Fólk kemur engu í verk ef það feykist um eins og lauf í vindi, jafnvel í minnsta andvara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðstoðarmönnum fjölgar

Fjórir þingmenn hafa ráðið sér aðstoðarmann nýlega, enda ekki seinna vænna áður en þingi verður slitið. Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur ráðið sér aðstoðarmann, fertugan Sauðkræking, að nafni Gunnar Bragi Sveinsson. Gunnar er góður og gegn framsóknarmaður. Hann hefur sjálfur tekið þátt í stjórnmálum og er oddviti Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar. Þá hefur Kristján Þór Júlíusson ráðið Önnu Blöndal tækniteiknara sem aðstoðarmann en hún hefur meðal annars setið í fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna á Akureyri.



### Vaðbrekka vinsæl

Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur líka ráðið sér aðstoðarmann. Sá heitir Örlygur Hnefill Örlygsson, en faðir hans og alnafni er varaþingmaður Samfylkingarinnar. Þá verður Ragnheiður Aðalsteinsdóttir Arnbjörgu Sveinsdóttur innan handar en hún og Örlygur eiga bæði ættir að rekja til Vaðbrekku í N-Múlasýslu.



### Misskilningur og rangfærslur

Í viðtali við Ólaf F. Magnússon borgarstjóra í Kastljósi á þriðjudag kom fram að skipulag í Vatnsmýrinni og álitamál um Fríkirkjuveg 11 væru sprottin af rangfærslum og misskilningi sem yrði svarað síðar. Þá sagði Ólafur að ráðning Jakobs Frímanns Magnússonar sem verkefnisstjóri miðborgarinnar væri ekki aðeins eðlileg heldur nauðsynleg og að hann hefði ekki orðið var við neina gagnrýni vegna hennar. Þetta er orðinn dálítill plagsiður hjá borgarstjóra. Í stað þess að taka slaginn og svara gagnrýni vísar hann henni á bug sem misskilningi og rangfærslum eða hann hreinlega afneitar henni.

bergsteinn@frettabladid.is

## Náttúruauður Noregs



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Auðlindastjórn í Noregi

Norskum börnum er kennt, að Noregur hafi verið fátækastur Evrópulanda 1905, þegar Norðmenn slitu konungssambandinu við Svíþjóð og tóku sér fullt sjálfstæði. Það er þó ekki alveg rétt, því að til dæmis Finnar og Íslendingar bjuggu þá við krappari kjör en Norðmenn.

Nú, hundrað árum síðar, standa Norðurlöndin fimm í einum hnapp, en Norðmenn þó fremstir. Þjóðartekjur á mann 2005 námu 32.000 til 35.000 dollurum á mann í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð og 42.000 dollurum í Noregi; hér er stuðzt við kaupmáttarkvarða, sem tekur mið af því, að verðlag er mishátt í ólíkum löndum. Norðmenn líta margir svo á, að náttúruauðlindir þeirra – fyrst timbur, síðan orka fossanna, loks olía og jarðgas – hafi á einni öld breytt Noregi úr fátæktarbæli í allsnægtareit. Er það rétt? Ég dreg það í efa. Finnar og Íslendingar voru hálfdrættingar á við Dani og Svía í efnahagslegu tilliti um aldamótin 1900, og nú standa þessar fjórir grannþjóðir svo að segja jafnfætis, án þess að sýnt sé, að Finnar og Íslendingar geti þakkað gjöfum náttúrunnar sérstaklega þennan góða árangur. Enn skýrara er dæmi Írlands og Bretlands. Írar voru mun fátækari en Bretar um 1900, og nú hafa Írar skotið Bretum aftur fyrir sig og eiga samt engar umtalsverðar náttúruauðlindir aðrar en ræktarland fátækra bænda. Bretar eiga olíulindir.

### Mannauðurinn skiptir mestu

Mannauðurinn er mikilvægasta undirstaða allra framfara. Norðmenn áttu alla tíð timbrið, fallvötnin og olíuna, en þeir þurftu vel menntað vinnuafl til að gera sér mat úr auðlindunum. Náttúruauðlindir, sem liggja ónýttar vegna menntunarskorts, eru minna en einskis virði (arðræningjar láta stundum greipar sópa, Kongó ber vitni). Mannauður án náttúruauðlinda er á hinn bóginn mikils virði eins og árangur Íra vitnar um og margra annarra þjóða, til dæmis Japana. Íslandsmið voru full af spriklandi fiski frá fyrstu tíð, en það var ekki fyrr en þjóðin kastaði af sér oki fákunnáttunnar, að forfeður okkar og mæður náðu að gera sér mat úr miðunum.

*Þegar búhyggindi Norðmanna í olíumálum eru athuguð, vekur það eftirtekt, hversu miklu miður þeim hefur gengið að stjórna fiskveiðum sínum.*

Úr því að Norðmenn með alla sína olíu og allt sitt gas standa ekki nema feti framar en Danir, Íslendingar, Finnar og Svíar, hefur Norðmönnum þá mistekizt að ávaxta sitt pund? Ætti Norðmenn að réttu lagi að vera miklu ríkari en við hin? Um þetta er tvennt að segja. Í fyrsta lagi er forskot Norðmanna meira en tölurnar um tekjur á mann vitna um, því að Norðmenn komast af með minni vinnu en við hin. Norðmenn vinna að jafnaði 1.400 stundir á ári á móti 1.600 stundum í Danmörku og Svíþjóð, 1.750 í Finnlandi og 1.800 hér heima. Munurinn á þjóðartekjum á hverja vinnustund í Noregi og annars staðar um Norðurlönd er því meiri en munurinn á þjóðartekjum á mann, Norðmönnum í vil. Norðmenn hafa tekið út aukna velsæld ýmist í auknum vinnutekjum eða fleiri tómstundum.

Í annan stað virðist líklegt, að Norðmenn hefðu getað náð svipuðum árangri með því að beina sífellt betur menntuðum mannafla í aðra farvegi, hefði auðlindanna ekki notið við. Þá hefðu Norðmenn vísast byggt upp hátæknifyrirtæki á borð við Bang&Olufsen, Volvo og Nokia líkt og Danir, Svíar og Finnar, en olíuauðurinn og hátt gengi norsku krónunnar af hans völdum stóðu í veginum.

### Réttar ákvarðanir

Góð stjórn Norðmanna á olíuauðinum hefur vakið verðskuldaða athygli um allan heim. Norðmenn tóku réttar ákvarðanir: (a) þeir skilgreindu í öndverðu olíuna og jarðgasið í norskri landhelgi sem sameignarauðlind og beindu 80 prósentum af olíurentunni í almannasjóði til að tryggja eigandanum, norsku þjóðinni, réttmætan arð af eign sinni; (b) þeir settu lög og siðareglur til að tryggja hagnýtingu auðlindanna í almannaþágu til frambúðar og til að girða fyrir hættuna á, að sérdrægir hagsmunahópar seildust í auðlindirnar; (c) þeir stilltu sig um að veita miklu fé úr olíusjóðnum til daglegra þarfa til að halda verðbólgu í skefjum; og (d) þeir fluttu stjórn olíusjóðsins, sem heitir nú eftirlaunasjóður og er geymdur erlendis, frá fjármálaráðuneytinu til sjálfstæðs seðlabanka til að halda stjórnmálamönnum í hæfilegri fjarlægð frá olíufénu.

Þegar búhyggindi Norðmanna í olíumálum eru athuguð, vekur það eftirtekt, hversu miklu miður þeim hefur gengið að stjórna fiskveiðum sínum. Ekkert af atriðunum fjórum að ofan á við um fiskveiðistjórnina í Noregi, ekki frekar en hér heima eða sunnar í álfunni. Norðmenn kusu að hefta hagkvæmni í útgerð með ríkisstuðningi og hömlum gegn stórrekstri til að efla atvinnu og tryggja búsetu í Norður-Noregi, öðrum þræði af ótta við Rússa handan við hornið.

## Stöndum vörð um unglingana

UMRÆÐAN

Marta Kristín Hreiðarsdóttir skrifar um lok samræmdra prófa



MARTA KRISTÍN HREIÐARSDÓTTIR

Í dag lýkur samræmdum prófum í grunnskólum landsins. Vissum lokapunkti hefur verið náð og þungu fargi af mörgum létt. Ástæða er til að gera sér glaðan dag.

Sem betur fer hefur þróunin orðið sú síðustu ár að unglingum í 10. bekk stendur ýmislegt skemmtilegt og uppbyggilegt til boða í tilefni prófloka. Unglingarnir hafa verið duglegir að nýta sér þær ferðir og skemmtanir sem skipulagðar eru á þessum tímamótum og nú er svo komið að hópasöfnun unglinga með ölvun og ólátum heyrir nánast sögunni til.

Þennan góða árangur má m.a. þakka samstilltu átaki þeirra sem láta sig málefni ungmenna varða s.s. skólayfirvalda, starfsfólks félagsmiðstöðva, fjölmiðla, lögreglu og síðast en ekki síst – foreldra.

Foreldrar gera sér æ betur grein fyrir skaðlegum áhrifum ótímabærrar áfengisneyslu á líf ungmenna. Þeir hafa með virkum hætti tekið ábyrgð á uppeldi barna sinna og spornað gegn hvers konar vímuefnaneyslu þeirra. Það hafa þeir m.a. gert með því að hvorki samþykkja unglingadrykkju né stuðla að henni með kaupum á áfengi handa unglingunum.

Jafnframt hafa þeir staðið saman og ekki leyft eftirlitslaus partí á sínum heimilum, heldur verið til staðar og fylgst með að allt fari vel fram.

Mikilvægt er að foreldrar og aðrir haldi áfram því góða starfi sem grunnur hefur verið lagður að þannig að lok samræmdra prófa verði skemmtilegur, áfallalaus og vímuefnalaus áfangi í lífi unglinganna okkar.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 19. júní 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

**Selfossi, 6. maí 2008.**

**Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

**Meðleigjandi óskast á skrifstofu**
25 þús. á mán., öll aðstaða til fyrirmyndar t.d. húsgögn, net, WC, og margt fl. Uppl. í s. 898 4202

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Herbergi til leigu með salernisaðstöðu & þráðlaust internet. 40 þ. S. 663 1033.

Auglýst er eftir leigendum á 65 fm. nýstandsett íbúð á horninu við Hverfisgötu og Vatnsstíg. Verð 120 þús. á mán. umsóknir sendist á einarcamera@gmail.com.

Meðleigjandi óskast að 100 fm. sumarbústað í Varmadal. Aðeins traustir leigjendur koma til greina. Uppl. á seerfilms@simnet.is.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

**Hafnarfjörður**
Ný 3 herb. íbúð til leigu. Uppl. á www.heimahagar.is.

## Húsnæði óskast

Óska eftir studio- eða 2. herb íbúð í rvk. Fyrirframgreiðsla. Jónas, s. 698 7305.

Par óskar eftir 2ja-3ja herbergja snyrtilegri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 6244.

## Sumarbústaðir



**Til leigu**
vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying.m. Uppl. í síma 663 2712



**Sumarhús í Grímsnesi**
Fallegur 91,5 fm. sumarbústaður á 8.927 fm. eignarlóð í Grímsnes- og Grafningshreppi með flottu útsýni. Öll skipti skoðuð atvinnuhúsnæði, bilar og fl. Uppl. s. 697 9003 eða 891 8543.

KIÐJABERG Stórt og glæsilegt heilsárshús til sölu á stórri lóð. Nánari upplýsingar í síma 660 4088.

## Atvinnuhúsnæði



Gott 140 m2 skrifstofuhúsnæði, við Mýrargötu í Rvk. Laust uppl. 8980997-8966621

Iðnaðarbil, 80 til 1000 ferm til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Erum einnig með húsnæði á 2 hæð sem hentar undir ýmsa starfsemi, skrifstofur eða sem geymsluhúsnæði. Uppl í S. 8224200 og 6601060, vad@simnet.is

Snyrtileg skirfstofuherb. til leigu við Ármúlann. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Fyrirtæki óskar eftir að taka bílskúr á leigu, helst í Hfj. Uppl. í s. 847 2209

# ATVINNA

## Atvinna í boði

V&V VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐI

Vörubíla- & Vinnuvélaverkst ehf Bifvélavirki/vélvirki eða maður vanur viðgerðum vinnuvéla og tengi- og festivögnum með meirapróf óskast til starfa sem fyrst. Traust og gott fyrirtæki með næg verkefni. Frekari uppl. í s. 588 4970 Guðmundur.

space

**Hárgreiðslufólk**
**Óskum eftir svein og meistara til starfa á góðum stað við Smáralind**
**Upplýsingar í síma 544 4455 eða jonogeva@simnet.is**

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**
**Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslensku skilyrði. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 Símstöðin ehf simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076 einnig umsóknir á unnur@joifel.is Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími frá kl.9 eða eftir samkomulagi, og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg.**
**Upplýsingar í síma 820 7370.**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

KFC

**KFC Selfoss poszukuje pracownikow.**
**Osoby starajace sie o prace powinny byc pracowite, schludne, punktualne i uczciwe. Proponujemy prace w pelnym wymiarze godzin, wieczorami oraz na weekendy. Wymagana podstawowa znajomosc jezyka angielskiego lub islandzkiego. KFC Austurvegi 46, 810 Selfoss. Tel 482-3466**

KFC

**KFC Selfossi vantar fólk í vinnu.**
**Við leitum að duglegu, snyrtilegu, stundvísu og heiðarlegu fólki á fastar vaktir, og auka um kvöld og helgar. Nauðsynlegt að fólk tali eitthvað í íslensku eða ensku.**
**Upplýsingar á staðnum og í síma 482 3466**



Himinn og haf / SÍA

## Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

pósthúsið – ódýrari valkostur

TABASCO'S mexican bar & grill

**Tabascos**

**Nýr mexikanskur veitingastaður.**
**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: starfsfólk í sal. Vaktavinna. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.**
**Uppl. í síma 842 2800 eða á www.tabascos.is**

**Helgarvinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga.**
**Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**




**Fiskbúðin Hófgerði 30 Kópavogi**
**Starfsmaður óskast í afgreiðslu og framsetnigu búðar. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 847 3242.**

**Hlutastörf á Shell og Select**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í hlutastörf á kvöldin og um helgar á Select Vesturlandsvegi, Select Suðurfelli og Shell Gylfaflöt. Um er að ræða afgreiðslu í verslun, afgreiðslu á plani ásamt almennri þjónustu við viðskiptavini.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 og viðkomandi stöðvarstjórar. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Vaktstjórar á Shell og Select**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra á Select Vesturlandsvegi, Shell Gylfaflöt og Shell Hraunbæ. Um er að ræða afgreiðslu og þjónustu í verslun, ásamt vaktumsjón.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 og viðkomandi stöðvarstjórar. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Næsti Bar / Starfsfólk**
**Næsti Bar auglýsir eftir starfsfólki í sal og í dyravörslu.**
**Uppl. í s. 844 1304 e. kl. 12.00.**

M1 óskar eftir að ráða menn vana múrvinnu og múrviðgerðum. Einnig vantar byggingaverkamenn. Mikil vinna framundan. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl í síma 8966614. Kolbeinn Hreinsson Múrarameistari

**Glaumbar**
Óskum eftir hressu starfsfólki á bar og í sal. Góð laun í boði fyrir duglega og samviskusama einstaklinga. Uppl. veitir Steinar í síma 896 8596.

**Járnamenn**
Óska eftir vönum jánamönnum. Mikil vinna framundan. Þurfa að geta byrjað 01.06.08. Uppl. milli kl. 16-18 s. 897 1995 & 866 1083.

**Ironbinding**
Potrzebni profesjonalni 2 borjarze. Duzojpracy na przysztosc. Informacje monza uzyskac pod nr. tel. 859 7586 & 897 1995 Siggi, 866 1083 Andri. Dzwinic miedzy 16-18.

**Hefur þú áhuga á golfi?**
Leitum af hressu fólki frá 18 ára aldri til einfaldra afgreiðslustarfa um kvöld og helgar við veitingasölu í golfskálum okkar. Áhugasamir hafi samband við Stefán Inga í s. 659 1111 eða í gegnum stefan@veisluhald.is.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8, sími. 551 1014.

**Bar / skemmtistaður**
óskar eftir dyravörðum í vaktavinnu. Áhugasamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924.

Matráðskona óskast á gott sveitahótel í sumar. Uppl. í s. 860 9003.

Sendibílastöð óskar eftir starfskrafti í símavörslu í 50% stöðu, vinnutími 8-18. Unnið 2 daga eina viku og 3 daga aðra. Uppl. gefur Kristján í s. 661 1977.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir hressu og duglegu fólki í aukavinnu á kvöldin og aðra hvora helgi. Einnig vantar aukafólk í hádeginu. Uppl. í s. 896 8271, Hildur.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í framtíðarstarf. Unnið er eftir vöktum. Uppl. í s. 896 8271, Hildur.

Óskum eftir smiðum í vinnu, fjölbreytt verkefni, Afltak ehf. S. 660 0770.

Óskum eftir Rafvirkja í vinnu. Afltak ehf. S. 660 0771.

**Sveit**
Vantar fólk á öllum aldri til sveitastarfa þarf ekki að vera vant. Uppl. í s. 865 8104.

**Sumar/Framtíðarstarf strax**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára, verður að hafa bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

**HENDUR.IS**
Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Tölvuumsjónarmaður, bílasmiður, rekstrarstjóri, skjala- og upplýsingastjóri, tryggingafulltrúi, afgreiðslufólk, bifvélavirki, pípulagningamenn, þjónusta í sal á veitingastað, starf í þjónustuborði.

**HAGKAUP**
Snyrtivörudeild Hagkaupa óska eftir að ráða starfsmann í Snyrtivörudeild í nýrri verslun í Garðabæ. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.hendur.is

**HAGKAUP**
Við óskum eftir að ráða starfsmann í dömudeild í nýja verslun í Garðabæ. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.hendur.is

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

33 ára karlmaður óskar eftir atvinnu, tímabundið eða lengur. Ýmsu vanur, er með meirapróf. Svör sendist á glilly@simnet.is.

24 kk með meirapróf óskar eftir að komast á vörubíl eða trailer. Uppl. í s. 690 3758 / 534 1354.

Tveir strákar óska eftir málningarvinnu, vanir menn, frá Póllandi og kunna íslensku. Hringja í s. 691 8812.

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

## Viðskiptatækifæri

Ekki sitja eftir, www.vaknadu.com kynntu þér málið og hafðu samband.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**- BAR POLONIA -**
**ZAPRASZA NA DYSKOTEKE W PIATEK W SOBOTE NA ZABAWE PRZY ZESPOLE MUZYCZNYM „MAGIC". WSTEP FREE.**
**W NIEDZIELE ZAPRASZAMY MILOSNIKOW FORMULY 1 NA GODZ 12.00 - GRAND PRIX TURCJI. BAR POLONIA OTWARTY CODZIENNIE OD GODZ 17.00-24.00 PIATEK, SOBOTA DO GODZ 03.00 NIEDZIELA OD 11.00-24.00.**
**ZAPRASZAMY SERDECZNIE POLSKIE PIWO, POLSKIE DANIA. UL FLATAHRAUNI 21, HAFNARFJÖRÐUR TEL 555. 2329.**

## Einkamál

Karlmenn sem vilja kynnast karlmönnum auglýsa mikið á Rauða Torginu Stefnumot. Þú heyrir auglýsingar þeirra í símum 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

Óska eftir konu á aldrinum 55-65 ára til að dvelja með í sumarbústað á fallegum stað á Suðurlandi vikuna 16.-23. maí nk. Uppl. í s. 892 9512.

Til leigu 4 herb. 108 fm. íb. á Seltjarnarnesi. Leigist í amk. eitt ár, verð 160 þús m. hita og hússj. Uppl. 897 3525 Jón.

Kona: Leitar þú tilbreytingar eða varanlegra kynna? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að leggja inn eigin auglýsingar, hlusta á og svara auglýsingum karla, og spjalla við karla á vandaðri spjallrás. Fullkomin leynd. Síminn er 555-4321.

# ATVINNA ÓSKAST

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**
Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

# FYRIRTÆKI TIL SÖLU

HÖFÐI FASTEIGNASALA

# Fyrirtæki til sölu

Til sölu er innflutnings- og þjónustufyrirtæki, sem rekur tvær verslanir með vörur fyrir hunda og ketti, ásamt dýrasnyrtistofu. Góð afkoma.

Allar nánari upplýsingar gefur Runólfur Gunnlaugsson, viðsk.fr. lögg.fasteignasali á Höfða í síma 892 7798. Fyrirspurnir má senda á runolfur@hofdi.is

**Suðurlandsbraut 20 • Sími 533 6050 • Fax 533 6055**
**Bæjarhrauni 22 • Sími 565 8000 • Fax 565 8013**

# FASTEIGNIR

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## DREKAVELLIR 42-HF.








**Hraunhamar kynnir sérlega vandað fjögurra íbúða hús** á þessum vinsæla stað í Vallarhverfinu, íbúðirnar verða til afhendingar í maí næstkomandi. Tvær 109 fm íbúðir á neðri hæð og þeim fylgir 40 fm sér lóð. Á efri hæð eru tvær 114 fm íbúðir með góðum suður svölum. ***Íbúðirnar skiptast þannig:*** Forstofa, hol, sjónvarpshol, 2 svefnherbergi. stofa, eldhús m/borðkróki, baðherbergi, geymsla og þvottahús, auk þess er sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Allar innréttingar verða frá Axis og innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni. Tæki verða að gerðinni AEG frá Bræðrunum Ormsson. Þvottahús, forstofa, baðherbergi verða flísalögð, en önnur gólf grunnmáluð. Mjög góð staðsettning stutt í skóla og leikskóla.

***Verð***
***1. hæð 27,2 millj.***
***2. hæð 28,5 millj.***

*Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars:* ***Hilmar 892 9694 – Hlynur 698 2603 – Þorbjörn 896 0058***

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# FASTEIGNIR

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Grandavegur 47- eldri borgarar
## Góð 2ja herb. íbúð á 8. hæð
**Opið hús í dag frá kl. 17-18**



Góð 66 fm 2ja herb. útsýnisíbúð á 8. hæð auk sér geymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, baðherbergi með sturtuklefa, eldhús, geymslu/þvottaherbergi, stofu með útgangi á flísalagðar svalir til suðurs og svefnherbergi. Útsýni til sjávar og víðar. Tvær lyftur. Húsvörður. **Verð 25,0 millj.**

***Íbúðin verður til sýnis í dag, fimmtudag, frá kl. 17-18***
***Sölumaður verður á staðnum. Íbúð merkt 0805.***

**Fasteignablaðið**
**512 5469**
**694 4103**




**Ruth Bergs**
**ruth@365.is**



*Gildir fyrir þriggja mynda DVD pakkningar á borði!
LCD með innb. DVD spilara
15 stk. DVD að eigin vali* fylgja öllum sjónvarpstækjum
59.989 kr.
19 tommur
12 og 220v
United TVD7056
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • Upplausn: 1440x900 punktar • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir
99.989 kr.
Fullt verð 149.989
26 tommur
LCD breiðtjald
Sony KDL26U2000U
26" 16:9 LCD breiðtjald • 1366x768 punkta uppl. • TFT active matrix • HD Ready • Skerpa: 720:1 • Nicam stereói • SRS TruSurround XT BBE • Scart, HDMI, VGA tengi
169.989 kr.
Fullt verð 199.989
42 tommur
LCD breiðtjald
JVC LT42A80ZU
42" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • DynaPix D.I.S.T. myndtækni - fjölgar línum og punktum • HD Ready • Skerpa 1.000:1 • Fullkomnar Litstýringar (Gamma Curve og Dyn. Black Level) • 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.
189.989 kr.
Fullt verð 229.989
42 tommur
Innb. 160GB harður diskur
LG 42LT75 160GB með hörðum disk
42" LCD breiðtjald • 160GB harður diskur (57 klst. hágæða uppt. úr sjónv. - 86 klst. venjul.) • HD Ready • Uppl: 1366 x 768 • XD Engine • Skerpa: 8.000:1 • XCC skerpir útlínur • Selective Colour Control litir • Surround Max og Dolby Digital • 1080p tengi fyrir Blu-Ray og HD-DVD • 2 Digital móttakarar • 2 HDMI
199.989 kr.
Fullt verð 219.989
EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70
42 tommur
Plasma breiðtjald
Panasonic TH42PV70F
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma breiðtjald • 1024x768 p uppl. • V-Real 2 Engine • Advanced 3D Colour •Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó • V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl
229.989 kr.
Fullt verð 269.989
42 tommur
FULL HD
LCD breiðtjald
Philips 42PFL7662D
42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Uppl.: 1920x1080 p • Progr. Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 • Innb. Digital DVB-T mótt. • 3D Combfilter • Active Control • 2 x 10w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textav. ofl.
339.989 kr.
Fullt verð 399.989
42 tommur
Plasma breiðtjald
Pioneer PDP428XD
42" plasma breiðtjald • HD Ready • Intelligent Brightness Control • Mynd í mynd (PIP) • Kuro - dýpri svartur • Skerpa: 16.000:1 • DVB-T - stafrænn móttakari með C.I. rauf fyrir afruglarakort • HD Digital Film Direct 24 • 3 x HDMI, Component, S-Video, RCA AV, 3 x SCART, RCA Audio, USB, PC tengi ofl.
Fjölkerfa DVD ferðaspilari
7 tommur
United DVP7046
Fjölkerfa DVD spilari • 7" LCD breiðtjaldsskjár • 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG • Dolby Digital • AV út og heyrnartólstengi • Hleðslurafhlaða, spennubreytir, taska og bílhleðslutæki fylgir.
12 og 220 volt
12.989 kr.
Fullt verð 14.989
Heimsins þynnsta og léttasta fartölva
Mac Book Air
1,6GHz Core 2 Duo • 2GB RAM • 80GB HD • Þráðlaust netkort (802.11n) • Bluetooth 2.1 +EDR • Innbyggð vefmyndavél • Upplýst lyklaborð • 1,36 kg / 0,4-1,94 sm þunn
214.989 kr.
8GB MP3
Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með íslensku viðmóti
SanDisk VIEW8GB
8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Hleðslurafhlaða • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innb. diktafónn ofl.
19.989 kr.
Fullt verð 24.989
Þráðlaus Barbie vídeóvél
Barbie VIDEO
Alvöru þráðlaus vídeo tökuvél • Hljóðnemi • Vídeóspóla til upptöku • Þráðlaus sendir • Spennubreytir • Standur fyrir myndavél
4.989 kr.
Fullt verð 9.989
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS
MAX RAFTÆKI



BroilMate

**Broil Mate13863**

11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli • 3742sm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu • 2129sm² - án hliðarborðs/hellu • Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar • Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Hágæða Perma-Mold XL niðurfellannleg hliðarborð með áhaldakrókum • 18sm / 7" hjól

**29.989 kr.**



BroilMate

**Broil Mate185653**

13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli • Postulínhúðaðar járngrindur • Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð með innbyggðum áhaldabökkum • 2 18sm hjól með gúmmíi • 6,4sm læsanleg hjól

**44.989 kr.**



BroilMate

**BROIL KING SIGNET 20**

13.2kW / 50,000 BTU Dual-Tube brennarar • 3 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • 2 grillgrindur úr steypujárni • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum • Skápur með stál hurðum

**72.989 kr.**

## Kassi af KÓK ZERO og FREYJU DRAUMI fylgir öllum grillum hjá MAX!

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**
á öllum grillum hjá MAX



BroilKing

**BROIL KING SOVERIGN 90**

14.4kW / 52,000 BTU Dual-Tube brennarar • 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli • 4.4kW / 18.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein • 3 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • 3 grillgrindur úr steypujárni • Rotisserie grillteinn og ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli með áhaldakrókum

**99.989 kr.**









BroilKing

**BROIL KING SOVERIGN 90XL**

16kW / 56,000 BTU Dual-Tube brennarar • 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli • 5,25kW / 18.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein • 4 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • 3 grillgrindur úr steypujárni • Rotisserie grillteinn og ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli og skápur með stál hurðum

**139.989 kr.**

## DVD 989 kr.
... klikkað verð!




## Hundruðir DVD titla í boði

MAX RAFTÆKI

## Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max!

Tilboðin gilda til 14. 05. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Þjóðarsátt um hvað?

**UMRÆÐAN**

Huginn Freyr Þorsteinsson svarar grein Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur



HUGINN FREYR ORSTEINSSON

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, skrifar grein í Fréttablaðið í tilefni alþjóðlegs baráttudags verkalýðsins þar sem hún hvetur til samstöðu til sigurs á verðbólgu. Í grein sinni rekur hún skilmerkilega orsakir þess að verðbólgan hefur skotist upp og segir:

„Allir viðurkenna nú að kosningaloforð stjórnarflokkanna frá vorinu 2003 um allt í senn 90% húsnæðislán, stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar og skattalækkanir reyndust samfélaginu dýr í framkvæmd. Afleiðingin var mikil þensla, mesti viðskiptahalli sem sögur fara af og alltof hátt gengi krónunnar. Og nú er komið að skuldadögunum. Þá bregður svo við – eins og stundum vill gerast – að þeir sem harðast gengu fram í því að kveikja eldana standa nú álengdar og þykjast hvergi hafa nærri komið.“

**Stuðningur Samfylkingarinnar**

Ósanngjarnt væri að kenna Samfylkingunni um afleiðingar þessara gjörða fyrri ríkisstjórna Framsóknar og Sjálfstæðisflokks enda sat hún þá í stjórnarandstöðu. Rétt er þó að árétta að þó Samfylkingin hafi á þessu árum setið í stjórnarandstöðu studdi hún allar þessar ráðstafanir.

Samfylkingin studdi 90% húsnæðislán, Kárahnjúkavirkjun (stærstu framkvæmd Íslandssögunnar) og skattalækkanir. Þáverandi félagar flokksins í stjórnarandstöðu, þingmenn Vinstri grænna, vöruðu við því að þessar aðgerðir hlytu að enda í nákvæmlega þeirri efnahagslegri kollsteypu sem nú er raunin. Þeir fengu hins vegar lítinn stuðning við þann málflutning frá Samfylkingunni lengst af og það var ekki fyrr en undir lok kjörtímabilsins 2003 til 2007 sem Samfylkingarfólk fór að gagnrýna stóriðjustefnuna og óstjórn

*Er Ingibjörg Sólrún að biðja um þjóðarsátt um óbreytt ástand og óbreytta stefnu, þ.e. frekari skattalækkanir og þar með veikari grundvöll velferðarþjónustunnar...?*

í hagstjórn enda þá orðið ljóst að í óefni stefndi.

En hér mætti sjálfsagt koma formanninum til varnar, enda henni fullkunnugt um afstöðu flokks síns til fyrri mála, og segja að ekki þýði að dvelja í fortíðinni. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir nú er vissulega að ná breiðri samstöðu um að kveða niður verðbólgu. En þá má jafnframt spyrja:

Samstöðu um hvað og við hverja? Svo er spurt vegna þess að í núverandi stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um enn frekari skattalækkanir og þegar er búið að lækka tekjuskatt á gróðafyrirtækjum. Í nýrri þjóðhagsspá Fjármálaráðuneytisins er síðan gert ráð fyrir byggingu álvers í Helguvík, við Bakka og stækkun í Straumsvík. Þessar boðuðu aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru því framlenging á starfi og stefnu fyrri ríkistjórnar og því miður alls engin stefnubreyting frá þeirri glórulausu þenslustefnu sem formaður Samfylkingar segir að allir kannist nú við að sé orsök verðbólgunnar. Það er því ekki úr vegi að Ingibjörg Sólrún skýri betur orð sín. Ekki síst fyrir því fólki sem batt vonir við Samfylkinguna og kaus hana í þeirri trú að hún myndi standa fyrir breyttum áherslum.

**Hvenær kemur Samfylking sér að verki?**

Hvort sem það var nú „Fagra Ísland“, lýðræðislegri vinnubrögð og samræðustjórnmál, fráhvarf frá einkavæðingarstefnu og græðgisvæðingu eða eitthvað annað sem úrslitum réði um að fólk kaus Samfylkinguna skuldar flokkurinn nú fólki skýringar á frammistöðu sinni eftir tæpt ár í ríkisstjórn. Er Ingibjörg Sólrún að biðja um þjóðarsátt um óbreytt ástand og óbreytta stefnu, þ.e. frekari skattalækkanir og þar með veikari grundvöll velferðarþjónustunnar, nokkur ný álver og áframhaldandi útrásarveisluhöld með tilheyrandi viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.

Eða hvernig ætlar Samfylkingin annars að slá á þenslu og verja lífskjörin í landinu og ekki síst: Hvenær ætlar hún að koma sér að verki?

*Höfundur er formaður VG á Akureyri.*

# Gerspillt land

**UMRÆÐAN**

Herdís Þorvaldsdóttir skrifar um umhverfismál



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Hernaðinum gegn landinu er haldið áfram sleitulaust. Ísland er land í tötrum. 65% af upphaflegu gróðurlendi er horfið, og afgangurinn víða illa á sig kominn. Þegar gróðurinn hverfur, hverfur kolefnisbindingin og súrefnismyndunin. Í stað þess hefst rotnun lífrænna efna í jarðveginum, og þaðan streyma síðan gróðurhúsalofttegundirnar. Um 77% af mýrlendinu erum við búin að eyðileggja.

Þegar mýrarnar eru ræstar fram breytast þær í mikilvirka verksmiðju og afurðin er gróðurhúsalofttegundir; koltvísýringur, metan og tvíköfnunarefnisoxíð. Rannsóknir sýna að þessi losun er veruleg, og umtalsverð af þeirri síðastnefndu en hún er 310 sinnum skaðlegri en koltvísýringurinn.

Rannsókn á mengun frá þessu skemmda landi stendur yfir í samvinnu við háskólann í Gautaborg. Það skyldi þó ekki vera að mengunin úr þessu skemmda landi sé meiri en frá allri annarri starfsemi okkar. Þessi eyðilegging sem er nú að vitnast um að veldur svona mikilli mengun á eftir að breyta forsendum í samkomulögum þeim sem við rituðum undir, Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýoto-bókuninni, þar sem skylda okkar var að greina frá allri mengun af manna völdum. Ekki bara frá bílum, skipum, stóriðju og öðru slíku. Af hverju er aldrei minnst á þessa vá þegar talað er um mengun sem við völdum? Er þessi smán okkar, hvernig við förum með landið, feimnismál vegna samvisku getulausra og hræddra stjórnmálamanna við að þurfa að takast á við vandann. Geta þeir með góðri samvisku endað sinn stjórnmála feril sáttir við ástandið. Þeir höfðu þó tækifæri til að vinna að því að bjarga landinu okkar. Bjarga því frá að missa enn meira af þeim tætingslega náttúrugróðri sem ennþá er óuppétinn eða niður traðkaður af allt of mörgum skepnum, af óþörfu og öllum til skaða?

Stjórnlaus beit og offramleiðsla, af hverju? Spyrji hver sína samvisku. Hvað eru gróður- og náttúruverndarvinirnir sem hrópa hæst um verndun náttúrunnar að gera í þessu stærsta vandamáli landsins, gróðureyðingunni. Framtíðarlandið, Vinstri grænir o.fl. hrópa allir í kór: „stöðvið virkjanir“, sem eru þó aðeins á nokkrum smá blettum á landinu, en minnast aldrei á að stöðva verði uppblásturinn og rányrkjuna, sem skaðar allt landið og veldur jafnvel meiri mengun en álverin. Þvílík blinda og hræsni. Er ástæðan e.t.v. sú að þeir sem hafa stundarhagsmuni af rányrkjubúskapnum standi vörð gegn öllum umræðum og breytingum á ástandinu? Hver gæti ástæðan verið önnur þar sem þetta þjóðþrifamál kemur þó öllum öðrum landsmönnum til góða?

Og að lokum vil ég vitna í sérfræðing máli mínu til stuðnings:

„Meginorsök uppblástursins er hvorki að finna í eldsumbrotum né versnandi loftslagi. Maðurinn og sauðkindin eru megin orsök þess óhugnanlega uppblásturs sem án afláts hefur rýrt vort dýrmæta gróðurland í Íslands þúsund ár.“ - Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur 1961. Úr bók Landgræðslunnar, Græðum Ísland 1987.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*

Hvítur Stormsveipur

Við tökum upp hanskann, stígum grænu skrefin og hreinsum ærlega til fyrir sumarið 1,2 og Reykjavík!

Hreinsunarátakið VOR Í MIÐBORGINNI nær hámarki nú um Hvítasunnuhelgina. Fimmtudag, föstudag og laugardag lætur enginn sitt eftir liggja. *Hreinsum lóðirnar, garðana, portin og göturnar!*

Líf og fjör á Laugaveginum og næsta nágrenni allan laugardaginn. Tónlist, götuleikhús og stemning. *Borgarstjóri tekur lagið. Spikk & Span dúettinn flytur nýja Hreingerningasvítu á skrúbba og skúringarfötur.*

Svali köttur og Íbúasamtök miðborgar blása til sameiginlegrar grillveislu í Hljómskálagarðinum kl. 18:00.

*Forsöngvari Hrauns, Svavar Knútur flytur nokkur lög.*

*Ruslapokar, tínur og verkfæri afhent í Hverfisstöð við Njarðargötu (gegnt Decode) kl. 16-18 fimmtudag og föstudag og á ofangreindum stöðum kl. 9-11 laugardag.*
*Gámar verða fjarlægðir og tæmdir jafnóðum.*
*Ruslapokar verða fjarlægðir af gangstéttum allra gatna miðborgarinnar frá kl. 12 - 16 laugardaginn 10.maí.*

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is

Gámar verða staðsettir á eftirtöldum stöðum frá og með fimmtudagsmorgni 8.maí:

- *Túngötu - bílastæði*
- *Óðinstorgi*
- *Austurbæjarskóla*
- *Lindargötu við Tónlistarskóla*
- *N1 Bensínstöð við Hringbraut*



Íbúasamtök miðborgar - Reykjavíkurborg - Svali köttur

# Aðskilja þarf veiðar og vinnslu

**UMRÆÐAN**

Grétar Mar Jónsson skrifar um fiskveiðar



GRÉTAR MAR JÓNSSON

Til þess að nauðsynlegar forsendur heilbrigðar samkeppni fái notið sín á milli fyrirtækja í sjávarútvegi þarf að aðskilja veiðar og vinnslu og landa öllum afla á fiskmarkaði. Það er óviðunandi fyrirkomulag að útgerðarfyrirtækin hafi hvoru tveggja veiðar og vinnslu á sömu hendi og hamlar framþróun og sérhæfingu á sviði fiskvinnslu í landinu.

### Óeðlilegt fyrirkomulag

Það er mjög óeðlilegt fyrirkomulag að útgerðarfyrirtæki sem árlega fá úthlutað aflaheimildum til veiða, hafi einnig vinnslu á sínum vegum. Þar er um að ræða mismunun milli fiskvinnslufyrirtækja í formi aðstöðumunar þeirra sem stunda útgerð og hinna sem ekki eru í útgerð. Sökum þess er krafa um aðskilnað veiða og vinnslu fullkomlega réttmæt og hefði fyrir löngu átt að vera komin til framkvæmda af hálfu stjórnvalda.

### Allur afli á fiskmarkaði

Það atriði að fá allan afla á fiskmarkaði mun ekki aðeins auka yfirsýn og spara eftirlitsiðnað heldur einnig stuðla að heilbrigðri samkeppni og jöfnum möguleikum manna til þess að taka þátt í fullvinnslu sjávarafurða hér á landi. Sjómannasamtökin hafa í áraraðir sett fram þá kröfu að öllum afla væri landað á markaði svo eðlileg verðmyndun ætti sér stað og kominn tími til þess að sjávarútvegsráðherra taki tillit til þeirra hinna sömu sjónarmiða. Úthlutun heimilda til veiða næsta fiskveiðiárs gæti til dæmis fylgt það skilyrði að landa ætti öllum afla á markað. Ekkert væri eðlilegra.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi.*

# Hvað segir stofnskrá Ólympíuleikanna?

**UMRÆÐAN**

Þórdís Hauksdóttir skrifar um Ólympíuleikana



ÞÓRDÍS HAUKSDÓTTIR

Háværr gagnrýni á framgöngu gestgjafa ÓL ´08 í mannréttindamálum hefur ekki orðið til í tómarúmi heldur er hún viðbrögð við óásættanlegri valdníðslu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur á sínu valdi að sýna táknræna vanþóknun okkar í verki með því að sniðganga opnunar- og lokahátíð Ólympíuleikanna í Peking í sumar. Fyrir slíkri ákvörðun eru gildar ástæður enda liggja fyrir rökstuddar fullyrðingar fjölda mannréttindasamtaka. Þeirra á meðal eru staðreyndir um lífsskilyrði Tíbeta sem eru réttindalausir „fangar“ í eigin landi. Minni háttar samskipti við ferðamenn, flóttatilraunir eða trúnaður við lífssannfæringu sína getur þar um slóðir verið stjórnvöldum næg átylla grimmilegra refsinga. Örvæntingarfulla tilraun Kínastjórnar til að breiða yfir voðaverk nýliðinna vikna má glöggt greina á því að hvorki mannréttindafulltrúa SÞ, fjölmiðlum né ferðamönnum hefur enn verið hleypt inn í landið, en 200 íslenskir kennarar kynntust þeim aðgerðum af eigin raun.

Lýðræði, mannréttindi og Tíbet eru dæmi um bannhugtök á „Kínavefnum“. Þau jákvæðu gildi sem standa að baki þessum orðum eru af yfirvöldum túlkuð sem hættuleg ógn við allsherjarreglu á sambærilegan hátt og allsherjarreglu á Íslandi var talið verulega ógnað af fólki í gulum fötum í júní 2002 – það er að segja ef marka mátti viðbrögð núverandi íþrótta- og menntamálaráðherra sem þá var formaður allsherjarnefndar Alþingis.

Víðtækar pólitískar aðgerðir fyrir milligöngu nefndarinnar og stjórnvalda bægðu frá „hættu“ af friðsömum mótmælum, þótt ljóst væri að raunverulegt markmið hefði verið að ganga erinda Kínaforseta. Slíkar erindagjörðir sem Þorgerður Katrín kallar nú „að strjúka Kínverjum“ útheimtu það sumar bæði brot á íslenskum lögum, samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis, og ósannsögli um tilurð þeirra njósnalista sem aðgerðirnar byggðust á. Alþjóðalögregluhreyfingin Interpol rak þau óheilindi til föðurhúsanna.

Ólympíuleikarnir í Peking í sumar eiga þó ekki að snúast um duttlunga alræðisríkis heldur þá hugsjón og þann anda sem ítarlega er lýst í stofnskrá leikanna (Olympic Charter). Samband stjórnmálageirans og Ólympíuhreyfingarinnar verður að ígrunda með hliðsjón af þeim sáttmála.

Leiðarljósið er sex bindandi grundvallarreglur sem eru einnig lagarammi alls íþróttastarfs á Íslandi síðan ÍSÍ og Ólympíunefnd Íslands voru sameinuð 1997. Þær eru meðal annars:

**1.** Ólympíuhugsjónin er lífsafstaða sem hefur í heiðri samhljóm heildrænna eiginleika manneskjunnar, líkama, huga og vilja. Með samþættingu íþrótta og menningar á ólympíuhugsjónin að efla jákvæða lífsafstöðu, menntandi gildi íþrótta, tækifæri til að vera öðrum góð fyrirmynd og virðingu við algildum siðferðisviðmiðum.

**2.** Markmið Ólympíuhugsjónarinnar er að íþróttir styðji heildræna þróun manneskjunnar, frið-

armenningu og varðveislu manngildisins.

**5.** Hvers konar mismunun með tilliti til þjóðernis, kynþáttar, trúar, stjórnmálaskoðana, kyns eða annarra þátta samræmist því ekki að tilheyra Ólympíuhreyfingunni.

**6.** Að tilheyra Ólympíuhreyfingunni krefst samhljóms við Ólympíusáttmálann og viðurkenningar alþjóðlegu Ólympíunefndarinnar.

Inntakið er skýrt. Það byggir á mannúð, virðingu fyrir fjölbreytileika einstaklinganna og manngildinu. Að vanvirða sáttmálann jafngildir því að tilheyra ekki Ólympíuhreyfingunni. Engan sérfræðing þarf til að átta sig á því að á þessum tímapunkti eiga gestgjafar ÓL ´08 ekki samleið með þessum gildum (gr. 1 og 2) og því skv. 6. gr. ekki nokkurn rétt á því að starfa fyrir Ólympíuhreyfinguna.

Samtök námsmanna sem urðu vitni að fjöldamorðunum á Torgi hins himneska friðar ´89 fullyrða að öryggismálaráðuneyti Kína vinni kerfisbundið að útilokun skilgreindra hópa frá þátttöku í leikunum í sumar, sem er gróft brot á 5. gr. sáttmálans. Dalai Lama og fylgjendur hans og rómversk-kaþólskir eru ofarlega á blaði 43ja óæskilegra hópa, en einnig allir sem hafa örkumlast í mótmælum gegn stjórnvöldum og aðstandendur þeirra sem látið hafa lífið í slíkum aðgerðum.

Í stað aukins samhljóms með hugsjón leikanna eins og stefnt var að heyrist falskur tónn svikinna loforða.

Ef ráðherra íþróttamála efast ennþá um gildar ástæður þess að sniðganga sæti með alræðisherrunum á opnunar- og lokahátíðum ÓL ´08 skora ég á hana að kynna sér raddir þeirra tugmilljóna Kínverja sem hafa sameinast undir slagorðinu „Við viljum mannréttindi - ekki Ólympíuleika“, en þar sem ekkert bendir til þess að tjáningarfrelsi verði leiðarstef á ÓL ´08 munu opnunarhátíðargestir að líkindum fara á mis við þau mikilvægu skilaboð.

*Höfundur er kennari.*

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS



Brazilian Samba Workshop 2008
10-11th May, 14:00-18:00 @ Mjölnir
www.capoeira.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársfundur 2008

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, 8. maí 2008 og hefst kl. 16.30.

Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 21. 04. 2008
Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

FRÍMERKI • UMSLÖG • SEÐLAR • MYNT

Fyrirtækið Thomas Höiland Auktioner A/S í Kaupmannahöfn er stærsta fyrirtækið á Norðurlöndum með uppboð á frímerkjum og mynt og heldur stór uppboð á hverju ári auk þess að vera stöðugt með uppboð á Netinu.



Dagana 9. og 10. maí n.k. munu sérfróðir menn frá fyrirtækinu verða á Íslandi í leit að efni á næstu uppboð.

Leitað er eftir frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum, heilum söfnum og lagerum svo og gömlum seðlum og mynt.

Boðið er upp á umboðssölu eða staðgreiðsluviðskipti eftir óskum viðskiptavinarins. Þeir verða til viðtals á Hótel Holti föstudaginn 9. maí kl. 16:00-18:00 og laugardaginn 10. maí kl. 10:00-12:00

THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S
Frímerki • Mynt
Muslingevej 40 • 8250 Egå • Tlf. +45 8612 9350 • +45 4032 4711
www.thauctions.com • e-mail: tr@thauctions.com




# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

## Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




**Allt sem þú þarft...** **...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

Fíton/SÍA



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,*

**Auður Eggertsdóttir**
Flúðaseli 18, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans 3. maí síðastliðinn. Útförin fer fram fimmtudaginn 15. maí kl. 13.00 frá Seljakirkju.

Gunnar Jóhannsson
Jóhann Gunnarsson
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir — Kári Gunnarsson
Oddur Ævar Gunnarsson
Eggert Oddur Össurarson — Guðrún Sigurðardóttir
Sólveig Gunnarsdóttir
systkini og aðrir vandamenn.

**DAVID ATTENBOROUGH ER 82 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hef óskað þess að heimurinn væri helmingi stærri og það væri ekki búið að rannsaka þann helming.“*



***David Attenborough er heimsþekktur fyrir náttúrulífsmyndir sínar. Hann hefur starfað við gerð þeirra í meira en fimmtíu ár hjá breska ríkisútvarpinu, BBC.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 8. MAÍ ÁRIÐ 1945**

## *Seinni heimsstyrjöldinni lauk*

Seinni heimsstyrjöldinnni lauk eftir uppgjöf Þjóðverja á þessum degi árið 1945, en hún hófst með innrás Þjóðverja inn í Pólland 1. september 1939. En aðeins viku eftir að Adolf Hitler framdi sjálfsmorð gafst þýski herinn endanlega upp og þar með leið Þriðja ríkið undir lok. Eftirmaður Hitlers, Karl nokkur Dönitz, fyrirskipaði uppgjöf Þjóðverja.



Evrópa var þá illa útleikin, en alls létust um sextíu milljónir manna í stríðinu.

Sama dag og Þjóðverjar gáfust upp brutust út fagnaðarlæti um allan heim, einkum og sér í London þar sem meira en milljón manns þustu út á göturnar fagnandi.

Í Bandaríkjunum fagnaði forsetinn Harry Truman með löndum sínum en tileinkaði forvera sínum Franklin D Roosevelt sigurinn, sem hafði verið staðráðinn í að binda enda á stríðið.

Af þeim sökum er 8. maí haldinn hátíðlegur víða um heim og verður það gert um ókomna tíð.



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Agnesar Árnadóttur**
Kópavogsbraut 1 b.

Árni Þórhallsson
Amalía Þórhallsdóttir
Ingibjörg Þórhallsdóttir
Kristín S. Þórhallsdóttir
Herdís Þórhallsdóttir — Þorsteinn N. Ingvarsson
Þórarinn Þórhallsson — María R. Ólafsdóttir
Lárus Þ. Þórhallsson — Hildur E. J. Kolbeins
Þórhildur Þórhallsdóttir — Reynir Sturluson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Frímannsdóttir (Alla)**
Hjallabraut 33,

sem lést miðvikudaginn 30. apríl sl. á St. Jósefsspítala Hafnarfirði verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja langveik börn.

Ármann Guðjónsson — Jórunn Ólafsdóttir
Lilja Guðjónsdóttir — Árni Guðjónsson
Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Lárus Guðjónsson — Guðrún Magnúsdóttir
Ólafur Valgeir Guðjónsson — Hanna Björk Guðjónsdóttir
Ingi Hafliði Guðjónsson — Æsa Hrólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



**MARGIR MÖGULEIKAR** Gylfi segir meistaranám góða leiða til að styrkja stöðu sína á atvinnumarkaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI: 10 ÁRA

# Í örum vexti

Rannóknartengt meistaranám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands er tíu ára. „Fyrir tíu árum hófst meistaranám í viðskiptafræði og hefur það vaxið hvað mest innan deildarinnar. Áður var aðeins í boði meistaranám í hagfræði hér og þurfti að sækja meistaragráðu í viðskiptafræðum út,“ segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Grunnnámi í viðskiptafræði var breytt úr fjögurra ára Cand. Econ námi í þriggja ára BS nám. Í framhaldi af því er nú í boði eins árs meistaranám.

„Meistaranám í viðskiptafræði hérlendis hafði miklar breytingar í för með sér fyrir fólk sem vildi mennta sig frekar. Áður voru útlönd eini kosturinn og það gat haft í för með sér miklar breytingar á högum fólks. Meistaranám er þýðingarmikið fyrir fólk sem vill styrkja stöðu sína á atvinnumarkaði og er algengt að nemendur stundi meistaranám með henni. Boðið er upp á hlutanám fyrir þá sem vilja vinna áfram og þá er námið þrjú ár,“ útskýrir Gylfi og bætir við: „Í boði eru 6 meistaralínur og þegar litið er til breytinga og þróunar á vinnumarkaði þar sem mikil samkeppni ríkir um besta starfsfólkið er aukin menntun ein leiðin. Atvinnulífið gerir orðið miklar menntunarkröfur.

Markmið meistaranámsins er að búa fólk undir ábyrgðarmikil stjórnunar- og sérfræðistörf í stofnunum og fyrirtækjum og að veita verðmæta prófgráðu. Það hafa nemendur okkar sem hafa útskrifast svo sannarlega sýnt,“ segir Gylfi.

Til stendur að efla námið frekar og er komin út bók sem inniheldur útdrátt úr öllum meistararitgerðum. Hún verður öllum aðgengileg á www.vidskipti.hi.is.

**mikael@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhannes Jósefsson**
Flétturima 35, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.00.

Elín Magnúsdóttir
Magnús Welding Jónsson
Sjöfn Jóhannesdóttir
Gunnar Jósef Jóhannesson — Guðný Ása Þorsteinsdóttir
Elín Theodóra Jóhannesdóttir
Jóhann Snorri Jóhannesson — Anna Guðrún Kristinsdóttir
Jóhannes Örn Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Nanna Magnúsdóttir**
Borgabraut 4, Hólmavík,

andaðist á sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 6. maí.

Hrólfur Guðmundsson
Magnús Bragason
Elfa Björk Bragadóttir — Úlfur Hentze Pálsson
Valdimar Bragi Bragason
barnabörn og barnabarnabörn.



*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, bróður og mágs,*

**Einars Þorgeirssonar**
Heimalind 28, Kópavogi.

Sigrún Edvardsdóttir
Runólfur Einarsson — Þórunn Halla Unnsteinsdóttir
Laufey Karítas Einarsdóttir — Jónas Haukur Einarsson
Magnús Ingvar Þorgeirsson — Sigríður Gunnarsdóttir
Ingigerður G. Þorgeirsdóttir — Ingólfur Guðnason
Anna Þorgeirsdóttir
og barnabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,*

**Agnes Bjarnadóttir**
Stövnæs alle 19, Kaupmannahöfn,

varð bráðkvödd á heimili sínu miðvikudaginn 30. apríl. Útförin fer fram í Kaupmannahöfn laugardaginn 10. maí.

Andreas Bjarni Rasmussen — Vibeke Mörch-Hansen
Olaf Jon Rasmussen — Charlotte Kornum Olsen
Olga Axelsdóttir
Halldór Bjarnason — Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Bjarni Friðrik Bjarnason
Ágúst Bjarnason — Auður Ottadóttir
og barnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**
Kjarnholtum, Biskupstungum,

lést á sjúkrahúsinu á Selfossi laugardaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 10. maí kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðgeir Jóhann Þorkelsson**
(Frá Hellissandi)

lést á heimili sínu þann 6. maí 2008. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Bjarnheiður Gísladóttir
Auðbjörg Friðgeirsdóttir — Úlfar Ragnarsson
Þórarinn M. Friðgeirsson — Ásdís H. Júlíusdóttir
Arnar Þ. Friðgeirsson — Bylgja M. Gunnarsdóttir
afabörn og langafabarn.


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

**Legsteinar**
í miklu úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

## STENDUR TIL 11. MAÍ

**- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA**

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR SUMARIÐ

### 66°Norður

| | |
|---|---|
| Jakkar................ | 2.000 – 4.500 kr. |
| Fleece................ | 2.000 – 3.000 kr. |
| Dúnúlpur............ | 7.000 kr. |
| Krakka flauelsbuxur........ | 1.000 kr. |
| Krakka jakkar..... | 2.000 kr. |
| Regnjakkar barna........ | 1.000 kr. |
| Krakka peysur.............. | 1.000 kr. |
| Barna fleecebuxur........ | 1.500 kr. |
| Vinnu fleecepeysur.............. | 500 kr. |
| Vinnuúlpur......... | [illegible] |
| Vind-jakki............ | 1.000 kr. |
| Vind-b[illegible] | 1.00[illegible] |

### Blend

| | |
|---|---|
| Jakkar frá........................ | 3000 kr. |
| Peysur frá........................ | 1500 kr. |
| Skyrtur frá........................ | 1500 kr. |
| Bo[illegible]........................ | 1000 kr. |
| [illegible] frá........................ | 2000 kr. |
| Kjólar [illegible]........................ | 1500 kr. |
| [illegible]........................ | 1500 kr. |

**FYLLUM Á NÝJAR VÖRUR DAGLEGA**
**LOKAHELGIN FRAMUNDAN**

### Skór

| | |
|---|---|
| Herraskór frá........................ | 2000 kr. |
| Dömuskór frá........................ | 1000 kr. |
| Barnaskór frá........................ | 500 kr. |
| Ecco dömuskór frá. | 5000 áður 11995 kr. |
| Dömustígvél frá..... | 3000 áður 14995 kr. |



BLEND she · Kaupfélagið · 66° NORÐUR · ecco · skór.is · BLEND · STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN



**Þjóttu eins og elding …**
… með léttan poka á bakinu. 400 krónur.



**Lýstu fram á veg**
Smelltu ljósinu á hjólið svo þú sjáir hvert þú stefnir. Eða settu rautt ljós aftan á hjólið svo aðrir sjái þig. 400 krónur hvort um sig.



**Reiðhjólabjöllur**
Reiðhjólabjöllur fyrir börn. Sex mismnandi litir og myndir. 200 krónur stykkið.



**Er nóg loft í dekkjunum?**
Ef ekki gæti hjólreiðaferðin orðið hastarleg. Hafðu pumpuna alltaf meðferðis. 400 krónur.



**Gerðu við götin**
Hvassir steinar fara illa með dekkin á hjólinu og þá er gott að eiga gúmmílím, rasp og bætur. Settið kostar 200 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Endurvinnsla

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** FYLGIST MEÐ GÖMLU FÖTUNUM SÍNUM



Við Íslendingar endurvinnum allt sem er hægt að endurvinna. Við erum dugleg að fara á Sorpu með alls kyns drasl af heimilum okkar. Þúsundir tonna af dóti og drasli eru sendar út úr landi árlega og sú tala fer hækkandi með hverju árinu. Við endurvinnum pappa, fernur, dagblöð og dósir og guð má vita hvað meira. Ísland er talið eitt vistvænasta land heims og við montum okkur auðvitað af því og segjum útlendingunum það við hvert tækifæri.

Eitt af því sem við Íslendingar erum duglegir að gefa og þannig séð endurvinna er föt sem við erum hætt að nota. Við skiptum út fataskápnum mjög reglulega og förum meira að segja til útlanda gagngert til þess að kaupa meiri föt. Fataskápurinn er strípaður og settur í svarta ruslapoka og út á Sorpu þar sem fatagámarnir standa. Svo keyrir maður heim, sæll og glaður með góða samvisku hugsandi um að hafa klætt upp heilt þorp í Afríku eða Indlandi. En á þeim tímapunkti fer ég alltaf að hugsa um hvort fötin skili sér alla leið til fólksins.

Lengi vel reyndi ég að finna leið til þess að komast að því hvert fötin frá Íslandi færu. Hringdi nokkur símtöl í ýmsar hjálparstofnanir en engin skýr svör fengjust. Svo datt mér snjallræði í hug fyrir skömmu síðan, ég fór að fylgjast með fréttum frá Afríku.

Um leið og ég heyrði orðið Afríka stökk ég að skjánum og skimaði eftir gömlu 66° norður peysunni eða rauðu Hummel-húfunni minni. Þetta hef ég gert alla fréttatíma síðan.

Ekki væri amalegt að sjá til dæmis hann Abúdabú frá Úganda brosandi út að eyrum í gamla Jim Morrison-bolnum mínum með rauða Hummel-húfuna á hausnum bregða fyrir á skjánum. Þá fyrst yrði ég sáttur við allt og alla.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Kaþólsk heimsmynd könnuð

**Flestir kannast við Guðdómlega gleðileikinn, átakanlega og innblásna sögu Dantes af ferð sinni, ásamt leiðsögumanninum Virgli, í gegnum Helvíti, Hreinsunareldinn og áleiðis til Paradísar. Fjórir trúðar, þau Barbara, Úlfar, Za-ra og Gjóla, hafa nú tekið verkið upp á sína arma og endursegja það í grófum dráttum á fjölum Borgarleikhússins í leikritinu Dauðasyndirnar.**



**SANNLEIKSVERUR** Trúðarnir sem koma fram á fjölum Borgarleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í hlutverkum trúðanna eru þau Halldóra Geirharðsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Halla Margrét Jóhannesdóttir og Harpa Arnardóttir. Það er heldur óvenjulegt að gleðigjafar á borð við trúða taki að sér að miðla stórvirkjum bókmenntasögunnar til almennings og því liggur beint við að inna einn leikaranna, Halldóru nánar tiltekið, eftir því hvernig þessi ráðahagur komst á. „Við Bergur höfum brugðið okkur í hlutverk trúðanna Barböru og Úlfars ansi oft og höfum haft gaman af því að láta þau kljást við safaríkar sögur á borð við píslarsögu Krists. Kveikjan að þessari sýningu var bókin Syndirnar sjö eftir finnskan rithöfund, Jaakko Heinimäki. Út frá henni fórum við að kynna okkur þessa kaþólsku heimsmynd, sem var afar skemmtilegt og fróðlegt fyrir okkur lúthersku skólabörnin. Satt best að segja leið okkur eins og við hefðum setið í gegnum háskólakúrs og kynnst alveg nýrri sýn á heiminn. En í þessari heimildarvinnu kynntumst við Dante og eftir það varð ekki aftur snúið; við sáum að þessi magnaða ferðasaga hentaði trúðunum afskaplega vel.“

Spurð hvernig trúðum gangi að takast á við þær stóru tilvistarlegu spurningar sem varpað er fram í gleðileik Dantes segir Halldóra trúðana rétt eins og hverja aðra leikara. „Þessir trúðar eru svokallaðir leikhústrúðar og eru þannig kannski meiri sannleiksverur en grínarar. Þeir reyna að leika þessa frásögn eins og hægt er og eiga það líka til að gerast sögumenn. Þeir detta reyndar stundum út úr sögunni og fara af stað í einhverjar vangaveltur um hitt og þetta, en þeir gera sér vel grein fyrir endatakmarkinu og er mikið í mun að komast til Paradísar.“

Dauðasyndirnar verða frumsýndar í Borgarleikhúsinu í kvöld. Rétt er að vekja athygli á að aðeins eru fyrirhugaðar níu sýningar á verkinu og því er áhugasömum hollast að tryggja sér miða sem fyrst.

vigdis@frettabladid.is

# Búlala fyrir vestan

Fram undan er aldarafmæli Steins Steinars og hinn 25. maí eru fimmtíu ár liðin frá andláti hans. Verður þessara tímamóta minnst með ýmsum hætti og hefur Elfar Logi, leiklistarforkólfur á Ísafirði, ráðist í að setja saman einleik skáldinu til heiðurs, en Steinn var fæddur í Djúpinu. Leikurinn verður frumsýndur í Tjöruhúsinu á Ísafirði í kvöld. Alls verða þrjár sýningar á Ísafirði en eftir það verður flakkað um Vestfirðina og sýnt á Flateyri, á Bíldudal, í Bolungarvík og í Dýrafirði. Einnig hefur leikhúsinu verið boðið að sýna leikinn á sérstakri Steinshátíð á Snjáfjallasetri 21. júní næstkomandi.

Í þessum nýja ljóðaleik, Búlúlala – Öldin hans Steins, eru flutt mörg af þekktustu ljóðum Steins í bland við minna þekkt kvæði. Leikurinn er fluttur af leikara og tónlistarmanni og er í raun framhald af samstarfi þeirra Elfars Loga Hannessonar leikara og Þrastar Jóhannessonar tónlistarmanns, sem hófst í fyrra með ljóðaleiknum Ég bið að heilsa.

Í þessum nýja ljóðaleik flytur Elfar Logi ljóð Steins í leik og tali en Þröstur flytur frumsamin lög við ljóð hans. Til samstarfs hafa þeir fengið þriðja listamanninn sem er Marsibil G. Kristjánsdóttir en hún hefur gert portrettmynd af skáldinu sem gegnir hlutverki leikmyndar í sýningunni.

Meðal ljóða sem koma við sögu í



**LEIKLIST** Aðalsteinn Kristmundsson - Steinn Steinarr

Búlúlala – Öldin hans Steins má nefna Að frelsa heiminn, Barn, Miðvikudagur, Söngvarinn, Tindátarnir, Þjóðin og ég og að sjálfsögðu ljóðið Búlúlala sem leikurinn er nefndur eftir.

Steinn Steinarr er án efa eitt þekktasta og jafnframt umdeildasta ljóðskáld síðustu aldar. Hann hét réttu nafni Aðalsteinn Kristmundsson og fæddist 13. október árið 1908 á Laugalandi í Nauteyrarhreppi. Þegar Steinn kom fram á ritvöllinn hóf hann þegar að brjóta reglur sem ríkt höfðu í skáldskap hér á landi um langa hríð og varð umdeildur fyrir vikið. Ljóð Steins eru þjóðinni mjög kær og við mörg þeirra hafa verið samin lög sem hafa ekki síður notið vinsælda.

Steinn Steinarr andaðist 25. maí árið 1958, rétt tæplega fimmtíu ára að aldri.

pbb@frettabladid.is





Velferð óháð efnahag

Opinn fundur um heilbrigðismál



LAUGARDAGINN 10. MAÍ KL. 13–16 Á GRAND HÓTELI

Dagskrá:

- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar setur fundinn
- Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra:
  Velferð fyrir alla!
- Anna Sigrún Baldursdóttir, fjármálaráðgjafi Landspítalans:
  Er heilbrigður rekstur framundan?
- Pétur Tyrfingsson, sálfræðingur á Landspítalanum:
  Sparsemi er slæmt leiðarljós í heilbrigðismálum
- Árni Páll Árnason alþingismaður:
  Betra fyrir fleiri – markmið jafnaðarmanna með breytingum í heilbrigðiskerfinu
- Fundarstjóri Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður

Allir velkomnir

Samfylkingin




Salurinn

FIMMTUDAGUR 8. MAÍ KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR - LHÍ
ÞORVALDUR KR. ÞORVALDSSON
Aðgangur ókeypis.

FÖSTUDAGUR 9. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
GISSUR PÁLL GISSURARSON OG
JÓNAS INGIMUNDARSON.
Uppselt.

ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ KL. 20
VÍÓLUTÓNLEIKAR - LHÍ
KATHARINA WOLF
Aðgangur ókeypis.

FIMMTUDAGUR 15. MAÍ KL. 20
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR
Aðgangur ókeypis.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa.

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.




**Mosaeyðir** 10205047 **2.290** ~~2.990~~

# STRÍÐ GEGN MOSA

## í Húsasmiðjunni og Blómavali




**Casoron** gegn illgresi 5087770 **1.990**




**249** ~~399~~

**Úrvals gróðurmold 10 ltr.** 10333655




**999** ~~1.099~~

**Grasfræ** 10205052




**Grasáburður 5kg.** 102020781 **879** ~~1.190~~




**990** ~~1.549~~

**Garðakalk 12.5kg.** 10220784

Viltu fá Sælureitinn sendan heim?

Hringdu þá í 525 3000 eða pantaðu af www.husa.is

**Sælureiturinn**

heimur hugmynda

Þú getur fundið verð á vörum Sælureitsins á www.husa.is



## PALLAOLÍA

Olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn. Veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu- og grámamyndun. Er sérstaklega hentug á hverskyns palla, verandir og skjólveggi. Fæst í viðargrænum og gullbrúnum staðallitum og hægt að laga í fjölda annarra lita. Þurrefnisinnihald 30%.




**Jotun Treolje** Pallaolía 3 ltr. 7049123-37 **1.799** ~~2.629~~

# ÚT Á PALLINN!

## Pallaefni
**Gagnvarin fura**

21 x 95 mm, 0,9 - 4,5 m
621601
**139** kr/m

28 x 95 mm
628601
**199** kr/m

98 x 98mm
698600
**499** kr/m

48 x 98 mm
648600
**264** kr/m

**Allt fyrir pallinn**
og meira til



## Madrid



| Stærð | Vörunúmer | Verð |
|---|---|---|
| 180 x 120 sm | 603414 | 9.800 |
| 180 x 120/90 sm | 603411 | 7.300 |
| 180 x 180 sm | 603400 | 12.400 |
| 90 x 180 sm | 603405 | 9.400 |
| 180 x 180 sm | 603420 | 12.400 |
| 90 x 180/90 sm | 603410 | 6.990 |
| 180 x 90 sm | 603415 | 9.400 |

## Blómakassar



Rose, 51 x 51 sm
604005
**3.590**

Rose, 60 x 60 sm
604000
**4.790**



Platio, 40 x 40 sm
604024
**3.370**

Platio, 74 x 40 sm
604023
**4.490**



**Garðbrú**
Tetra
601623
**33.590**



**Garðbrú**
Alfa
601622
**18.560**






Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## > U2 Í ÞRÍVÍDD

Meðal kvikmynda sem verða frumsýndar um helgina er tónleikamynd um írsku rokkkóngana í **U2**. Myndin er í þrívídd og þykir stórkostleg skemmtun fyrir aðdáendur hljómsveitarinnar.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Fjölbreytt dagskrá á Skjaldborg

Skjaldborgarhátíðin verður haldin hátíðleg á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina. Hátíðin er óvenju fjölbreytt í ár og gríðarlegur fjöldi íslenskra kvikmynda verður sýndur í fyrsta skipti á hátíðinni. Sérstakur heiðurshestur verður Albert Maysles sem er hálfgerð goðsögn í heimildarmyndagerð. Maysles mun halda fyrirlestur um heimildarmyndagerð sína en auk þess verða nokkrar af hans bestu kvikmyndum sýndar.

Aðaláherslan er hins vegar lögð á íslenskar heimildarmyndir og þar er um auðugan garð að gresja. Rokkhljómsveitin Mínus verður til að mynda áberandi en tvær heimildarmyndir um sveitina verða sýndar á hátíðinni: The Great Northern Documentary og svo hin umdeilda Mínus en þetta verður aðeins í annað sinn sem íslenskir áhorfendur eiga þann kost að geta séð þá kvikmynd. Heimildarmynd um tónleikaferðalag Sigur Rósar í útlöndum verður einnig sýnd en hún ber hið skemmtilega heiti Úti.

Dagskrá hátíðarinnar er ekki eingöngu bundin við tónlist og af nægu er að taka í öðrum flokkum. Má þar nefna Öræfakyrrð eftir Pál Steingrímsson þar sem sjónvarpsmaðurinn góðkunni Magnús heitinn Magnússon rekur sögu Kárahnjúkavirkjunar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Þá verður fimmtán mínútna brot sýnt úr heimildarmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Sólskinsdrengur, sem fjallar um einhverfu. - fgg




**SÓLSKINSDRENGUR** Friðrik Þór Friðriksson ætlar að sýna stutt brot úr heimildarmynd sinni um einhverfu á Skjaldborgarhátíðinni.



**IRON MAN** Robert Downey Jr. ætlar að leika í framhaldi hasarmyndarinnar Iron Man.

# Downey í framhaldi

Robert Downey Jr. hefur samþykkt að leika í framhaldi hasarmyndarinnar Iron Man og er hún væntanleg í bíó eftir tvö ár. Leikstjórinn Jon Favrau mun að öllum líkindum einnig sitja í leikstjórastólnum.

Kvikmyndavefurinn Cinema Blend segist hafa heimildir fyrir því að feluhlutverk Samuel L. Jackson í kvikmyndinni hafi ekki bara verið eitthvað grín því persóna hans, Nick Fury, muni koma töluvert við sögu í næstu mynd. Fury ætlar að fara fram á við Iron Man að hann berjist við hryðjuverkamanninn Mandarin sem á drekann Fin Fang Foom.

Fyrsta Iron Man-myndin hefur notið mikilla vinsælda bæði hér á landi og erlendis síðan hún var frumsýnd um síðustu helgi. Myndin er einnig hluti af tilraun Marvel-myndasöguveldisins í að búa til Marvel-heim því sjálfur Hulk kemur fyrir í skötulíki í Iron Man og má reikna með fleiri svona útúrdúrum í næstu Marvel-myndum en Iron Man fjallar um auðjöfur sem finnur upp hátæknibúning sem breytir honum í ofurhetju.

Fleiri myndir byggðar á þekktum ofurhetjum eru í undirbúningi hjá framleiðandanum Marvel Studios. Má þar nefna Þór, Captain America og The Avengers.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.




REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# RÚSSÍBANAREIÐ DE PALMA

**Leikstjórinn Brian De Palma var í hópi fremstu leikstjóra Bandaríkjanna í lok áttunda áratugarins og nánast allan þann níunda. Slík voru meistaraverkin að fáir töldu hann geta slegið feilnótu. Annað kom á daginn.**



## DE PALMA OG SKÖPUNARVERKIN

Scarface, The Untouchables og Carrie gerðu **De Palma** að goðsögn í lifanda lífi. En Hollywood er fljót að gleyma og mislukkaðar kvikmyndir að undanförnu hafa gert það að verkum að menn bíða spenntir eftir að gamalkunnir taktar geri vart við sig á ný.



Græna ljósið frumsýndi í gær kvikmyndina Redacted sem er samkvæmt leikstjóranum Brian De Palma byggð á sönnum atburðum. Myndin fjallar um hroðalega glæpi bandarískra hermanna gagnvart saklausum borgurum í Írak en átökin þar liggja eins og mara á bandarískri þjóðarsál og hafa skipt stórveldinu upp í tvo andstæða hópa. Því er ekki að undra að myndinni hefur annaðhvort verið hælt í hástert eða hún skotin niður. Mark Cubin, hinn litríki eigandi NBA-liðsins Dallas Mavericks, framleiðir myndina og hann fékk það óþvegið frá sjónvarpsmanninum Bill O'Reilly sem kallaði hann föðurlandssvikara og Ameríku-hatara.

### Undir áhrifum Hitchcock

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem De Palma blandar sér í þjóðmálaumræðuna. Og ekki í fyrsta skipti sem umdeilt stríð Ameríku er leikstjóranum hugleikið. Ein af allra bestu kvikmyndum De Palma, Casualties of War, sýndi vel þá firringu sem ríkti í miðju Víetnamstríðinu þegar bandarískir hermenn tóku til fanga unga víetnamska stúlku til þess eins að nauðga og niðurlægja. Myndin vakti gríðarlega hörð viðbrögð hjá hinum hægri sinnuðum Ameríkönum sem kunna því illa þegar ímynd hinna amerísku hetja er svert.

De Palma var hluti af hinni nýju gullaldarkynslóð á áttunda og níunda áratugnum ásamt leikstjórum á borð við Francis Ford Coppola og Martin Scorsese. En ólíkt þessum tveimur heiðursmönnum er De Palma ekki úr hinum svokallaða Corman-skóla enda svífur allt annar andi yfir myndum hans. De Palma útskrifaðist úr Söru Lawrence-skólanum og naut þar leiðsagnar manna á borð við Alfred Hitchcock og Andy Warhol. Ekki er erfitt að greina áhrif hins fyrrnefnda á kvikmyndir De Palma sem á hátindi ferils síns var stundum nefndur arftaki breska spennumeistarans.

### Kalt á toppnum

Ferill De Palma hefur þó ekki verið neinn dans á rósum. Leiðin upp á topp var tiltölulega greiðfær, kvikmyndirnar Carrie, Dressed to Kill og Blow Out festu leikstjórann auðveldlega í sessi sem gullkálf enda naut hann bæði velvildar hjá gagnrýnendum og áhorfendum. De Palma sveif um á bleiku skýi og níundi áratugurinn reyndist honum vel. Scarface skaut öllum ref fyrir rass; Tony Montana í meðförum Al Pacino er ein eftirminnilegasta persóna kvikmyndasögunnar og De Palma virtist óstöðvanlegur. The Untouchables, sagan af baráttu Eliots Ness við Al Capone, malaði gull, fékk Óskara og leikstjórinn baðaði sig í dýrðarljómanum. Áðurnefnd Casualties of War sannfærði síðan kvikmyndaheiminn um að De Palma væri fremstur meðal jafningja.

En frægðin er fallvölt og Bonfire of the Vanities var stjörnum prýdd en hryllileg kvikmynd. Þrátt Carlito's Way og Mission: Impossible var einhver sjarmi horfinn af verkum De Palma og hvorki Snake Eyes, Mission to Mars né Femme Fatale eða Black Dahlia voru til þess fallnar að endurreisa hið goðumlíka orðspor leikstjórans. Hins vegar eru amerískir gagnrýnendur sannfærðir um að í Redacted sýni De Palma gamalkunna takta. En hvort það er óskhyggja þeirra og þrá eftir nýju „De Palma"-tímabili verður síðan bara að koma í ljós.

# Þriðja Batman-myndin í bígerð

Aðdáendur myndasöguhetja eru væntanlega himinlifandi þessa dagana. Yfirráð þeirra yfir sumarmyndamarkaðinum hafa endanlega verið staðfest og ekkert lát er á kvikmyndum um eftirlætis persónur þeirra. Hollywood kann þá kúnst best að blóðmjólka gullkúna og væntanlega hefur velgengni Iron Man ekkert dregið úr þeirri iðju draumaverksmiðjunnar.

Og nú berast fréttir af því að Chris Nolan ætli að fá Christian Bale til að klæðast búningi riddara næturinnar í þriðja sinn og forða íbúum Gotham borgar frá misindismönnum og óþjóðalýð. Samkvæmt slúðurvefjum í Bandaríkjunum verður þetta hins vegar í síðasta sinn sem Nolan og Bale endurnýja kynnin við Leðurblökumanninn en spennan í kringum aðra myndina, sem verður frumsýnd í sumar, stigmagnast dag frá degi.



**MEIRA AF BALE** Christian Bale er nokkuð góður sem Leðurblökumaðurinn og gæti klæðst hinum svarta búningi í þriðja sinn.

Orðrómurinn í kringum þriðju myndina fór á kreik eftir að Aaron Eckhart gaf það til kynna að Harvey Dent, betur þekktur sem Tvö-Fés eða Two Face, myndi birtast áhorfendum aftur. Myndbrot úr myndinni þykja benda til þess að Aaron hafi sitthvað til síns máls.

Hins vegar gætu handritshöfundar þurft að endurskrifa handritið að þriðju myndinni því samkvæmt heimildum Cinema Blend átti Jókerinn einnig að vera fyrirferðarmikill í næstu mynd. En nú þegar Heath Ledger er horfinn yfir móðuna miklu skapast þörf fyrir illmenni til að ýta Dent yfir til hins illa enda ráðast illvirki hans alfarið af því hvort upp komi skjaldarmerkið eða loðnan.

# Uppáhalds lögin þín




## Safnplatan „100 Eurovisionlög“ inniheldur öll uppáhaldslögin þín á 5 geislaplötum

**ERLEND SIGURLÖG 1**

**1. Abba** Waterloo **2. Johnny Logan** Hold Me Now **3. Dana** All Kinds Of Everything **4. Carola** Fångad av en stormvind **5. Nicole** Ein bißchen frieden **6. Milk & Honey feat. Gali Atari** Hallelujah **7. Izhar Cohen & Alphabeta** A-Ba-Ni-Bi **8. Bucks Fizz** Making Your Mind Up **9. Massiel** La La La… **10. France Gall** Poupée de cire, poupée de son **11. Frida Boccara** Un jour, un enfant **12. Secret Garden** Nocturne **13. Marie Myrjam** L'oiseau et l'enfant **14. Vicky Leandros** Aprés toi **15. Dana International** Diva **16. Brotherhood Of Man** Save Your Kisses For Me **17. Herrey's** Diggi-lo diggi-ley **18. Gigliola Cinquetti** Non ho l'eta **19. Niamh Kavanagh** In Your Eyes

**ERLEND SIGURLÖG 2**

**1. Olsen Brothers** Fly On The Wings Of Love **2. Sandie Shaw** Puppet On A String **3. Céline Dion** Ne partez pas sans moi **4. Bobbysocks** La det swinge **5. Lordi** Hard Rock Hallelujah **6. Ruslana** Wild Dances **7. Helena Paparizou** My Number One **8. Johnny Logan** What's Another Year? **9. Lulu** Boom Bang-A-Bang **10. Teach-In** Ding-A-Dong **11. Sandra Kim** J'aime la vie **12. Sertab Erener** Everyway That I Can **13. Séverine** Un banc, un arbre, une rue **14. Katrina & The Waves** Love Shine A Light **15. Charlotte Nilsson** Take Me To Your Heaven **16. Tanel Padar & Dave Benton** Everybody **17. Linda Martin** Why Me? **18. Paul Harrington & Charlie McGettigan** Rock 'N' Roll Kids **19. Eimear Quinn** The Voice **20. Toto Cutugno** Insieme: 1992

**ÖNNUR VINSÆL ERLEND LÖG 3**

**1. Umberto Tozzi & Raf** Gente di mare **2. Datner & Kushnir** Shir ha'batlanim (Hoppa hulle hulle) **3. Rollo & King** Never Ever Let You Go **4. Cliff Richard** Congratulations **5. Baccara** Parlez-vouz francais? **6. Domenico Modugno** Nel blu dipinto di blu (Volare) **7. Vicky Leandros** L'amour est bleu **8. Jakob Sveistrup** Talking To You **9. Sakis Rouvas** Shake It **10. Wig Wam** In My Dreams **11. Amina** Le dernier qui a parlé **12. Ketil Stokkan** Romeo **13. Clodagh Rodgers** Jack In A Box **14. Wind** Für alle **15. Dschinghis Khan** Dschinghis Khan **16. Brainstorm** My Star **17. The New Seekers** Beg, Steal Or Borrow **18. Joy Fleming** Ein lied kann eine brücke sein **19. Gina G.** Just A Little Bit **20. Kate Ryan** Je t'adore

**ÍSLENSKU LÖGIN 4**

**1. Eurobandið** Fullkomið líf **2. Eiríkur Hauksson** Ég les í lófa þínum **3. Silvía Nótt** Til hamingju Ísland **4. Selma** If I Had Your Love **5. Jónsi** Heaven **6. Birgitta** Open Your Heart **7. Two Tricky** Angel **8. Einar Ágúst og Telma** Tell Me! **9. Selma** All Out Of Luck **10. Páll Óskar** Minn hinsti dans **11. Anna Mjöll** Sjúbídú **12. Björgvin Halldórsson** Núna **13. Sigga** Nætur **14. Inga** Þá veistu svarið **15. Stjórnin** Nei eða já **16. Stefán og Eyfi** Draumur um Nínu **17. Stjórnin** Eitt lag enn **18. Daníel Ágúst** Það sem enginn sér **19. Beathoven** Þú og þeir **20. Halla Margrét** Hægt og hljótt **21. Icy** Gleðibankinn

**HIN ÍSLENSKU LÖGIN 5**

**1. Merzedes Club** Ho, Ho, Ho, We Say Hey, Hey, Hey **2. Haffi Haff** The Wiggle Wiggle Song **3. Björgvin Halldórsson og Katla María** Sóley **4. Bjarni Arason** Karen **5. Model** Lífið er lag **6. Björgvin Halldórsson** Ég lifi í draumi **7. Bítlavinafélagið** Alpatwist **8. Regína Ósk** Þér við hlið **9. Dr. Spock** Hvar ertu nú? **10. Hafsteinn Þórólfsson** Þú tryllir mig **11. Eyjólfur Kristjánsson** Ástarævintýri **12. Friðrik Ómar** Eldur **13. Stefán Hilmarsson** Látum sönginn hljóma **14. Mannakorn** Línudans **15. Eyjólfur Kristjánsson** Norðurljós **16. Björgvin Halldórsson** Mig dreymir **17. Bræðrabandalagið** Sólarsamba **18. Ellen Kristjánsdóttir** Ég læt mig dreyma **19. Erna Gunnarsdóttir** Aldrei ég gleymi **20. Björgvin Halldórsson og Erna Gunnarsdóttir** Lífsdansinn




Þá er komin erlenda platan „Eurovision Song Contest 2008“ með öllum lögunum úr keppninni í ár

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**> Nú er tími...**
*...til að grafa upp grillið og koma því aftur fyrir úti á stétt. Svo er ekki verra að fjárfesta í almennilegum grillvopnum, svo sem töngum og öðru slíku, góðum pottaleppum og svuntu fyrir grillstundir sumarsins.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN RAGNHEIÐUR STEINDÓRSDÓTTIR LEIKKONA

# *Fékk fallegustu máltíðina í Xi'an í Kína*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Mér finnst mjög erfitt að neita mér um gott brauð – sem er skítt, því ég hef verið að reyna að draga úr magni kolvetna á matseðlinum.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Eftir að tökum á Útlaganum lauk dvöldum við Nonni minn, ung og ástfangin, í Rómaborg og „borðuðum okkur í gegnum" borgina, samkvæmt leiðbeiningum úr danskri bók, sem hét „Vi spiser i Rom". Sú vika er besta máltíðin, sem ég hef fengið!
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Svei mér þá, ég held ekki! Hins vegar er til fullt af sælgæti, sem mér finnst vont, þó að ég sé mikill sælgætisgrís. Ég nýt þess beinlínis að geta sagt nei, þegar mér er boðið hlaup eða bombur og ís finnst mér alls ekki góður, nema með fullt af heitri dökkri súkkulaðisósu og kannski hnetum!
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ég reyni að nýta alla grænmetisafganga í góðar fiskisúpur eða sósur með fiski. Engifer, karrí, kóríander og chilipipar eru tilvaldir naglar í þá naglasúpu.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér líður alltaf betur eftir góða nauta- eða lambasteik og þarf þá ekkert meðlæti, nema litríkt salat, gott rauðvín og skemmtilegan félagsskap. Allra meina bót!
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Lýsisflaskan situr í öndvegi, með Létt-AB mjólkurfernu sér til hægri handar, ofan á fullri skúffu af ávöxtum!
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég á nú nógu erfitt með að panta mér eitthvað af matseðlinum á góðum veitingastað, þó að ég endi ekki í spennitreyju yfir svona spurningu!
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Froskalappir og sniglar eru bara gómsætur matur og ég man ekki eftir neinu verulega skrýtnu. En fallegasta matinn fékk ég í Xi'an í Kína. Lótusblóm, kjúklingar, froskar, grænmeti og fleira – allt ofursmátt, innpakkað, mótað og litað, nákvæm eftirmynd af innihaldinu. Undursamlegt!



# *Nýr sjávarréttabar*

Nýr sjávarréttabar verður opnaður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í sumar. Að baki honum stendur NQ ehf., fyrirtæki matreiðslumeistarans Sigga Hall og Sæmundar Kristjánssonar, framkvæmdastjóra veitingastaðarins Á næstu grösum. Samkvæmt frétt á heimasíðu flugstöðvarinnar mun sjávarréttabarinn bjóða upp á grænmetisrétti og sjávarrétti, auk fleiri rétta sem samræmast nútíma viðhorfum um heilsusamlegt mataræði. Gert er ráð fyrir að barinn verði opnaður í júlí, og verður hann hannaður með glæsileika og hlýju í fyrirrúmi.

Sjávarréttir hafa ekki áður verið boði í flugstöðinni með þessum hætti, en afurðir hafsins eiga yfirleitt vel upp á pallborðið hjá þeim útlendingum sem sækja landið heim og vilja kynna sér matarmenningu þess.

Siggi Hall var, eins og flestum er kunnugt, lengi með samnefndan stað á Óðinsvéum, en seldi hann fyrir skemmstu. Þar er nú að finna veitingastaðinn Ó Restaurant.



**Í SJÁVARRÉTTI** Siggi Hall og Sæmundur Kristjánsson opna nýjan sjávarréttabar í Leifsstöð í júlí.


úti á túni



1.200,-
**TÄRNÖ** fellistóll, akasía/stál

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

IKEA®

www.IKEA.is/sumar




**NARUMON MEÐ TAÍLENSKA FINGRAMATINN** Bogi Jónsson og Narumon Sawangjaitham borða aðallega taílenskan mat, enda er Narumon listakokkur. Hún gefur uppskrift að girnilegum taílenskum fingramat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Taílenskt fingrafæði

**Narumon Sawangjaitham og Bogi Jónsson reka veitingastaðinn Gullna hliðið á Álftanesi, þar sem Narumon framreiðir hverja kræsinguna á fætur annarri fyrir gestahópa. Hún deilir með lesendum uppskrift að taílenskum handavinnumat.**

„Það er gaman að þessum mat. Fólk þarf að taka sér smá tíma og þetta er dálítil handavinna," segir Bogi, sem líkir matnum við þjóðarrétt okkar Íslendinga, pylsur. Í stað pylsubrauðsins kemur hins vegar salatblað, og fyllingin er örlítið heilsusamlegri en remúlaði og steiktur laukur. „Þetta er svipuð stemning og yfir fondú, og maður verður svona passlega subbulegur á puttunum af því að borða þetta," segir hann og hlær við, en Narumon segir þennan handavinnurétt hefðbundinn í Taílandi.

Narumon hefur verið búsett á Íslandi í ein nítján ár og segist aðeins hafa spreytt sig á íslenskri eldamennsku. „Ég elda svolítið af íslenskum réttum, og mér finnst sú eldamennska eiginlega auðveldari," segir Narumon. Bogi segir konu sína aðeins of hógværa í þeim efnum. „Hún er alveg jafnvíg á þetta, sama hvort það er íslenskur matur eða taílenskur. Við borðum samt tölu vert meira af taílenskum mat, og ég er hrifnari af honum. Maður er líka orðinn vanur svona léttari mat. Við fáum okkur einhverjar íslenskar hlunkasteikur til hátíðabrigða, og maður er lengi að jafna sig á eftir," segir Bogi.

Gullna hliðið tekur nú á móti hópum frá 6-16 manns í heimahúsi, en mun stækka við sig í haust. „Þá flytjum við í burstabæ sem ég er að smíða, og getum tekið á móti allt að fjörutíu manns. Við ætlum samt að halda okkur við bara einn hóp í einu, það myndast svo skemmtileg stemning þegar fólk fær að vera svona í friði," útskýrir Bogi. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.1960.is.

sunna@frettabladid.is

## TAÍLENSKUR HANDAVINNUMATUR

600 g kjúklingabringur

**Marínering:**
1 dós kókosmjólk
1 tsk. matarolía
½ tsk. salt
2 msk. madras karrý
2 msk. sykur

**Sósa:**
½ tsk. rautt chilli-mauk
2 msk. matarolía
1 dós kókosmjólk
½ msk. madras karrý
2 msk. pálmasykur eða venjulegur sykur
1/6 tsk. salt
7 msk. muldar salthnetur

**Meðlæti:**
1 kubbur eggjanúðlur, úr núðlusúpupakka
1 poki romaine-salatblöð
3 vorlaukar, niðurskorinn
1 gulrót, skorin í strimla

**Kjúklingur:** Skerið bringurnar í strimla. Blandið öllu hráefni í maríneringu saman og látið marínerast í ½-1 klst. Steikið á pönnu eða grillið bringurnar.

**Sósa:** Hitið olíu og chilli-mauki á pönnu í smá stund. Blandið öðru út í og látið malla í um 5 mínútur.

**Meðlæti:** Leggið núðlurnar í volgt vatn í 2 mín svo þær linist. Þerrið mjög vandlega og djúpsteikið í olíu í um ½ mín, svo þær verði brúnar og stökkar. Passið að þurrka núðlurnar vel svo olían freyði ekki eða frussist um of.
Takið stóru romaine-salatblöðin frá, saxið þau minni niður.
Takið eitt af stóru blöðunum í lófann, á sama hátt og pylsubrauð. Setjið kjúkling, söxuð salatlauf, gulrót og vorlauk í blaðið, hellið sósu og dálítlu af núðlum yfir.
Njótið.



**SKEMMTILEG STEMNING** Taílenski maturinn er girnilegur á að líta, og að sögn Boga myndast einnig skemmtileg stemning þegar matargestir næla sér í fyllingu fyrir salatblöð sín.


MÁLTÍÐ MÁNAÐARINS
Style Club Samloka
franskar & Coke
895.-
STOFA 53
AMERICAN STYLE
BÍLDSHÖFÐI ★ SKIPHOLT ★ TRYGGVAGATA
★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

## > LÍTUR UPP TIL VICTORIU BECKHAM

Vanessa Hudgens sagði nýverið í viðtali við tímaritið Glamour að hún liti upp til Viktoríu Beckham þegar kæmi að tísku. Disney-nýstirnið dáist einnig að fatastíl Nichole Richie og Mary-Kate Olsen og segir þær kunna að leika sér með tískuna. Vanessa, sem hefur slegið í gegn í High School Musical, setur verðið ekki fyrir sig og telur það ekki eftir sér að kaupa dýra hluti ef henni finnst þeir flottir.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Sannfærður um að við förum áfram

„Ég er algjörlega sannfærður um að íslenska lagið fer áfram og í aðalkeppnina,“ segir Sigmar Guðmundsson. „Við förum áfram og sænska lagið og svo verður restin austur-evrópsk súpa.“

Sigmar fer til Serbíu eftir viku og tekst á við það viðamikla verkefni að lýsa þremur beinum útsendingum: undankeppnunum þriðjudagskvöldið 20. og fimmtudagskvöldið 22. maí, og aðalkeppninni laugardagskvöldið 24. maí. „Ég er aðeins búinn að kynna mér lögin, miklu meira reyndar lögin sem eru í okkar riðli. Þarna er fullt af lögum sem maður roðnar yfir en margt er fínt, til dæmis ballaðan frá Albaníu og gott gleðilag frá Búlgaríu. Heilt yfir er þetta þó ekki alveg jafn fjölbreytt og skemmtilegt og í hin tvö skiptin sem ég hef lýst. Mér finnst of hátt hlutfall af froðudiskói og Celine Dion-legum ballöðum. Og svo er hátt hlutfall grínlaga. Maður veit ekki hvort þau virka fyrr en maður sér þau flutt á sviði.“



**SIGMAR GUÐMUNDSSON.** Lýsir Eurovision í þriðja sinn

Ragnhildur Steinunn fer líka til Serbíu fyrir hönd Sjónvarpsins og sér um að gera innslög. Sigmar segir meira en nóg að sjá um þrjár beinar lýsingar. „Ég er ekkert búinn að kynna mér Belgrad enda er það mín reynsla að maður hefur engan tíma til að skoða sig um. Í Aþenu varð ég að láta mér nægja að sjá Akrópólis í móðu í gegnum rúðuna á fjölmiðlahöllinni.“

Þótt Sigmar sé alveg klár á því að Eurobandið fari upp úr undanriðlinum telur hann Friðrik og Regínu ekki sigurstrangleg. „Þau munu dóla sér í kringum tíunda sætið. Lögin sem ég tel hins vegar sigurstranglegust eru frá Rússlandi, Serbíu, Grikklandi og Armeníu.“

Eurovision – FJÓRTÁN DAGAR TIL STEFNU

## Til styrktar Jóni Gunnari

Tónleikar verða haldnir til styrktar Jóni Gunnari Einarssyni og fjölskyldu hans í Hólaneskirkju á Skagaströnd. Jón Gunnar slasaðist alvarlega í mótorhjólaslysi í apríl og var nýverið útskrifaður af gjörgæsludeild.

Jón á von á þriðja barni sínu með konu sinni Guðrúnu og þurfa þau nauðsynlega á hjálp að halda til að takast á við þetta mikla áfall. Á tónleikunum koma fram ýmsir tónlistarmenn sem gefa allir vinnu sína. Þeim sem komast ekki á tónleikana en vilja styrkja málefnið er bent á söfnunarreikninginn 0160-26-61400, kt: 290483-3799.

# JPV orðinn besti vinur KK

**Bókaútgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson hefur óvænt ákveðið að fara út í plötuútgáfu eftir kvartaldar hlé en þá gaf Jóhann Páll út Megas. Hann féll hins vegar fyrir KK og hafa þeir félagar ákveðið að ganga til samstarfs.**

„Ég stóðst ekki þennan dreng. Þennan frábæra músíkant og yndislega dreng. Þannig að ég braut öll prinsipp,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi. Blaðamaður Fréttablaðsins hitti Jóhann Pál og KK á Kaffivagninum og óhætt að segja að þar hafi kærleikurinn svifið yfir vötnum, svo mjög að það datt upp úr ljósmyndaranum hvort ekki væri rétt að þeir fengju sér bara herbergi? Hráslagalegt grín ljósmyndarans var snarlega slegið út af borðinu. Enda er verið að ræða næstu afurð KK. Ný plata sem væntanleg er 1. október. Jón Ólafsson pródúserar ásamt KK og fjöldi tónlistarmanna kemur að málum. Þó ekki JPV sem mun ekki gera kröfu um að syngja þó hann fylgist með vinnslu plötunnar. „Mjög gott þegar útgefandi er svona áhugasamur,“ segir KK. Jóhann Páll hefur ekki komið nálægt plötuútgáfu í um 25 ár en þá gaf hann út plötur með Megasi svo sem Á bleikum náttkjólum undir merkjum Iðunnar, Vísnaplötur Gunnars Þórðarsonar sem og Ísbjarnarblús Bubba. Þrátt fyrir þessar glæsilegu útgáfur ætlaði Jóhann Páll ekki að koma nálægt plötuútgáfu aftur en snerist hugur þegar hann hitti KK. „Ég er ekki búinn að þekkja KK lengi en hef verið gríðarlegur aðdáandi hans lengi. Mig langaði til að gefa út bók um hann á sínum tíma en það var slegið út af borðinu af samstarfsfólki mínu. Seinna gaf Edda út bók um KK sem Einar Kárason skráði. Metsölubók og síðan hef ég ekki tekið mark á samstarfsmönnum mínum,“ segir Jóhann Páll.



**JPV OG KK** Á kajanum í rigningunni. Mikill vinskapur hefur tekist með þeim tveimur og JPV ætlar að gefa næstu plötu KK út en von er á henni í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**BESTU VINIR** JPV segir enga hættu á að fá níðvísu um sig frá KK nema þá eiga það skilið.

KK segir þá ekki hafa þekkst lengi. „Ég fann á mér að ég þyrfti að tala við Jóhann. Þegar maður er búinn að leggja mikla vinnu í plötu vill maður að gengið sé vel um afurðina. Og almennt má segja að þar séu bókaútgefendur í öðrum klassa en plötuútgefendur.“

Þó JPV og KK séu af sömu kynslóð tókust ekki kynni með þeim fyrr en í innflutningsveislu Forlagsins þar sem KK kom fram. Þá féllust þeir tveir í faðma. JPV segir það svo í grunninn í útgáfu að viðkomandi listamaður og manngerð verði að vera þannig að ánægja sé að starfa með viðkomandi. Og svo sé með KK. „Ég er ekkert að fara á kaf í plötuútgáfu. Ætla að einbeita mér að aðalmanninum og ætla ekki að dreifa fókusinum.“

Eitt frægasta lag KK er „Besti vinur“ þar sem ónefndur útgefandi fær það óþvegið. KK hefur misjafna reynslu af útgefendum. „Já, og þeir af mér. Útgefendur eru eins og aðrir menn – misjafnir.“ Honum þykir það langsótt spurning til útgefanda síns hvort það sé ekki stressandi að gefa KK út og mega búast við níðvísu ef eitthvað fer aflaga. En það vefst ekki fyrir Jóhanni að svara: „Sko, KK er svo góður strákur. Ég fengi ekkert í andlitið nema það væri verðskuldað. Og það er þá bara ágætt.“ **jakob@frettabladid.is**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele W1514 1400sn / mín / 5 kg

vilborg@centrum.is

Miele þvottavélar
Íslenskt stjórnborð •
Íslenskar leiðbeiningar •
Stórt hurðarop •
20 ára ending •

TILBOÐ
kr.: 129.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200




ÞEGAR Á REYNIR

Rauði krossinn hefur gefið út bókina ***Skyndihjálp og endurlífgun*** *– þú getur hjálpað þegar á reynir*. Í bókinni er sýnt með einföldum aðferðum hvernig bregðast má við slysi eða veikindum fullorðinna og barna. Bókin byggir á viðurkenndum leiðbeiningum um skyndihjálp sem nýlega hafa verið endurskoðaðar. Bókin er þægilegt uppflettirit og er nauðsynleg hverju heimili.

Bókin fæst hjá Rauða krossi Íslands, Efstaleiti 9, sími 570 4000 og kostar 2.000 krónur.

Rauði kross Íslands
www.raudikrossinn.is




DIOR KYNNING 8. -10. MAÍ
í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum og Skeifunni.

Sérfræðingar frá Dior verða í verslunum og veita faglegar ráðleggingar.
Góð tilboð og fallegir kaupaukar ef verslað er fyrir 6000 kr. eða meira.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| IRON MAN | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.20 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN | | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| MAID OF HONOR | | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | | kl. 5:40 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | | kl. 8 - 10:40 | L |
| FOOL´S GOLD | | kl. 5:40 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 5:40 | L |

KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 6D - 9D - 10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| P2 | | kl. 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D | 10 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | 12 |
| 21 | kl. 10:30 | 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 3.45 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| REDACTED | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 -10.20 ENSKUR T | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Gamlar illdeilur upp á yfirborðið

**Sverrir Stormsker sendir Jóni Ólafssyni tóninn og kallar hann „Jón gróða“ á bloggsíðu sinni. Jón Ólafsson vísar nafngiftinni á bug.**

Sverrir Stormsker er svarinn andstæðingur þess sem hann kallar „eftirhermuprump-hænsnapíp“ og fer hamförum á bloggi sínu gegn tónleikum sem nýverið voru haldnir í Háskólabíói með Bítlalögum. Hann kennir Jóni Ólafssyni um glæpinn, uppnefnir hann „Jón gróða“ og segir að hann og aðrir séu einungis í þessum bransa til þess að græða peninga. Í athugasemdakerfi skrifar Jón og ber hönd fyrir höfuð sér: „Á þessum tónleikum var ég einfaldlega í vinnu hjá tónleikahaldaranum við að spila á píanóið. Tónleikahaldarinn skít-tapaði á dæminu og vonandi er þér einhver huggun í því.“

Sverrir svarar Jóni í löngu máli og á svari hans má sjá að óvild hans á Jóni á sér langan aðdraganda. Jón og Sverrir voru góðir félagar og átti Jón meðal annars þátt í því upphaflega að koma Sverri á framfæri. Þegar Sverrir hraunaði yfir plötu Bítlavinafélagsins, 12 íslensk Bítlalög, virðist sem slest hafi upp á vinskapinn. „Ég kallaði ykkur músíkmorðingja, skiljanlega, og síðan þá hefur þú ekki heilsað mér á götu, kallinn minn,“ skrifar Sverrir og bætir við sár: „Þessi langrækni þín og afneitun á grjóthörðum staðreyndum er ástæða þess að þú bauðst öllum tónlistarmönnum landsins í margrómaða viðtalsþætti þína í Ríkissjónvarpinu, nær hverjum og einum einasta hljóðfæraeiganda landsins, öllum nema mér.“



EKKI LANGRÆKINN
Jón Ólafsson afneitar 12 íslenskum Bítlalögum.



ÞOLIR EKKI „KÓPÍERINGASKRAN“
Sverrir Stormsker fyrirlítur tökulagabransann.

Jón vill ekki taka skömmunum þegjandi og hljóðalaust og bætir enn við athugasemd: „12 íslensk Bítlalög er slæm plata, ég er þar alveg sammála. Hugsa ég myndi ekki gera svona nokkuð í dag. Annars var þetta flott og skemmtilegt bréf frá þér. Læt alveg eiga sig að munnhöggvast frekar við þig – bréfin verða sjálfsagt bara lengri og lengri fyrir vikið. Þú segir ég hafi ekki heilsað þér í 20 ár sem er auðvitað alrangt. Held ég hafi hitt þig á einhverjum FTT fundi fyrir nokkrum árum. Kom þá til þín og tók í hendina á þér. Hef svo sem ekki séð mikið af þér. En ég er ekki jafn langrækinn og þú vilt meina. Lífið er of stutt til þess. Farnist þér vel í öllu þínu.“

Nú er að sjá hvort Sverrir bæti enn einni langlokunni við eða hvort gömlu félagarnir nái saman á ný og geri dúettaplötu. - glh




OPINN FYRIRLESTUR

ÖRYGGI OG PERSÓNUVERND Á NETINU

Meðal þess sem fjallað verður um er:

- Helstu þætti öryggis og persónuverndar á Vefnum
- Tengslanetsvefir eins og Facebook
- Persónuverndarstillingar og notkun vefsíðna
- Faldar tengingar sem gefa öðrum aðgang að upplýsingum

Fyrirlesari: **Balachander Krishnamurthy frá AT&T Research**

Tími: Fimmtudaginn 8. maí, klukkan 16:00
Staður: Stofa 101 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2

Fyrirlesturinn er í boði Tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og Rannsóknaseturs í áreiðanleika og öryggi tölvukerfa (Laboratory for Dependable and Secure Systems).

Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK


euro band
feat. fridrik omar & regina
this is my life
Coca Cola og Dominos í samvinnu við Rigg bjóða landsmönnum á
Eurovisionhátíð í Smáralind
laugardaginn 10. maí
kl. 14 - 16
Eurobandið
Friðrik Ómar og Regína
ásamt frábærum gestum
Draupnir – stjarnan úr myndbandinu
Eurovision leynigestur
Dominos pizzur og Coca Cola
Kveðjum Eurobandið í Vetrargarðinum Smáralind
áður en hópurinn heldur til Belgrad, ...tu, tu!
Áfram Ísland !
Eurobandið áritar
nýja geisladiskinn og
allir fá plagöt!!!
Coca-Cola
Domino's Pizza
58-12345
RIGG
umboðsskrifstofa

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR ÍA 3. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

### > LYKILMAÐURINN



**Bjarni Guðjónsson** er potturinn og pannan í spili Skagaliðsins. Frábær miðjumaður og klárlega einn af betri leikmönnum deildarinnar. Geysilega öflugur spyrnumaður sem tekur allar auka- og hornspyrnur liðsins. Hefur spilað frábærlega síðustu sumur og mun væntanlega halda áfram að láta verulega að sér kveða í sumar.

# ÍA er sterkara en í fyrra

Guðjón Þórðarson náði gríðarlega miklu út úr frekar ungum og fámennum leikmannahópi ÍA á síðustu leiktíð. Ekki var endilega búist við ÍA mjög ofarlega á töflunni en drengir Guðjóns enduðu í þriðja sæti. Það er því ljóst að Guðjón er að byggja upp lið sem á að geta komist enn hærra.

Hann hefur bætt þriðja Króatanum í leikmannahóp sinn en Króatarnir tveir sem komu til liðsins í fyrra gjörbreyttu leik liðsins. Ef Guðjón nær álíka miklu úr þriðja Króatanum eru Skagamenn í fínum málum. Sóknarleikur liðsins verður þess utan væntanlega enn sterkari enda hafa Skagamenn endurheimt Stefán Þórðarson frá Svíþjóð þar sem hann var að gera frábæra hluti.

Svo er Björn Bergmann árinu eldri og reynslunni ríkari en hann er einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins. Jón Vilhelm Ákason er annar ungur maður sem sló í gegn á síðustu leiktíð og verður áhugavert að sjá hvort hann geti fylgt því eftir í sumar.

Skagamenn hafa misst Kára Stein Reynisson sem er hættur og Dean Martin fór til Akureyrar. Óvissa er með markvarðamálin hjá ÍA en aðalmarkvörður liðsins er meiddur og spilar ekki í sumar.

Þegar þetta er skrifað hafa Skagamenn ekki fengið nýjan markvörð en það gæti óneitanlega sett strik í reikninginn hjá liðinu fái það ekki sterkan markvörð.



### > X-FAKTORINN

**Þórður Guðjónsson** nýttist Skagaliðinu ekki sem skyldi í fyrra þar sem hann var að glíma við meiðsli. Meiðslafrír er Þórður á meðal betri leikmanna deildarinnar og það mun skipta miklu fyrir Skagann hvort Þórður geti spilað á fullu í sumar.

### AÐRIR LYKILMENN



DARIO CINGEL



STEFÁN ÞÓR ÞÓRÐARSON



BJÖRN BERGMANN

### GENGI Á VORMÓTUNUM




**GENGI SÍÐUSTU ÁRA** **2007** 3. sæti í A-deild | **2006** 6. sæti í A-deild | **2005** 3. sæti í A-deild | **2004** 3. sæti í A-deild | **2003** 3. sæti í A-deild | **2002** 5. sæti í A-deild

# Val og KR spáð titlunum

**Þjálfarar, forráðamenn og fyrirliðar liða í Landsbankadeildum karla og kvenna í fótbolta hittust í gær á kynningarfundi fyrir komandi tímabil í sumar. Karlaliði Vals og kvennaliði KR er spáð Íslandsmeistaratitlunum í ár.**

**FÓTBOLTI** Í gær fór fram kynningarfundur Landsbankadeilda karla og kvenna í fótbolta fyrir komandi tímabil í sumar þar sem meðal annars voru birtar árlegar spár þjálfara, forráðamanna og fyrirliða Landsbankadeildarliðanna yfir lokastöðu deildanna. Val var spáð efsta sæti hjá körlunum og KR hjá konunum.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var sáttur með spána fyrir Landsbankadeild karla og kvaðst hlakka til mótsins í sumar.

„Þessi spá var svona nokkurn veginn í takt við það sem ég bjóst við verð ég að segja. Við Valsmenn höfum vissulega í hyggju að gera atlögu að titlinum í sumar en áttum okkur alveg á því að það verða mörg önnur lið sem ætla sér það sama og hafa styrkt sig mikið frá því á síðasta tímabili,“ sagði Willum Þór sem telur að toppbaráttan muni líklega verða opnari í sumar heldur en hún var í fyrra og fleiri lið sem gætu látið að sér kveða þar.



**SPENNANDI BOLTASUMAR FRAMUNDAN** Fyrirliðar liða í Landsbankadeild karla í fótbolta voru samankomnir í gær á kynningarfundi Landsbankadeilda og spenningurinn skein þar af hverju andliti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ásamt okkur tel ég að KR, FH og ÍA hafi burði til þess að vera í toppbaráttunni. Þá reikna ég einnig með því að eitt af eftirtöldum liðum, Keflavík, Fylkir, Fram eða Breiðablik, muni gera góða hluti og jafnvel blanda sér í toppbaráttuna. Loks hef ég trú á því að í það minnsta kosti eitt af liðunum fjórum sem spáð var neðstu sætunum eigi eftir að spjara sig mun betur en spáin gefur til kynna um og ekkert af þessum liðum er þannig að þú getir bókað stig gegn þeim þar sem þetta eru allt erfið lið að etja kappi við,“ sagði Willum Þór að lokum.

Margt bendir til þess að Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar KR eigi eftir að berjast á ný um titilinn í Landsbankadeild kvenna í sumar. Hrefna Huld Jóhannesdóttir, fyrirliði KR, var afar ánægð með spána og reiknar enn og aftur með harðri baráttu við Val í sumar.

„Mér líst mjög vel á spána og get ekki sagt að það hafi verið neitt sem kom mér sérstaklega á óvart þar. Spurningin var kannski helst hvort Val eða KR yrði spáð efsta sætinu en ég er ekkert hissa á því að það hafi verið við,“ sagði Hrefna Huld sem telur að KR-liðið komi sterkara til leiks í sumar en í fyrra.

omar@frettabladid.is

### LANDSBANKADEILDASPÁR

**Karlar:**

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 405 stig |
| 2. FH | 362 |
| 3. KR | 343 |
| 4. ÍA | 323 |
| 5. Breiðablik | 294 |
| 6. Fylkir | 241 |
| 7. Fram | 207 |
| 8. Keflavík | 199 |
| 9. HK | 120 |
| 10. Þróttur | 116 |
| 11. Fjölnir | 108 |
| 12. Grindavík | 90 |

**Konur:**

| | |
|---|---|
| 1. KR | 283 stig |
| 2. Valur | 278 |
| 3. Breiðablik | 240 |
| 4. Keflavík | 192 |
| 5. Stjarnan | 172 |
| 6. Fylkir | 134 |
| 7. Þór/KA | 105 |
| 8. Afturelding | 86 |
| 9. HK/Víkingur | 81 |
| 10. Fjölnir | 79 |



**NÝTT LIÐ?** Olga Færseth getur vel hugsað sér að spila með öðru liði en KR í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Olga Færseth skoðar sín mál:

# Ég er ekki hætt

**FÓTBOLTI** Olga Færseth, markahæsti leikmaður efstu deildar kvenna frá upphafi, segist ekki vera hætt í fótbolta þótt hún sé ekki búin að taka ákvörðun um hvað hún gerir í sumar.

„Ég er allavega ekki að fara að hætta og er ekki búin að gefa það út,“ segir Olga sem segir ekkert til í þeim sögusögnum. „Ég er að skoða þessi mál núna hvort sem ég spila með KR eða einhverju öðru liði. Þó að ég spili ekki í sumar þá gæti ég alveg spilað næsta sumar. Þegar ég segist vera hætt þá er ég hætt en ég er ekki tilbúin til að segja það eins og staðan er núna,“ sagði Olga sem segir hennar mál vera í vinnslu.

Olga er langmarkahæsti leikmaður deildarinnar með 265 mörk, 111 mörkum meira en sú næsta en hana vantar auk þess „bara“ 29 leiki upp á að jafna leikjametið. - óój



**MEIDD** Margrét Lára Viðarsdóttir missti í gær af sínum fyrsta landsleik síðan 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Margrét Lára Viðarsdóttir:

# Klár fyrir mótið

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir lék ekki með íslenska landsliðinu gegn Finnum í gær vegna meiðsla sem eru þó ekki alvarleg.

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur ekki áhyggjur af meiðslum markadrottningarinnar.

„Hún hefur lítið getað æft fótbolta síðasta einn og hálfan mánuð þar sem hún er búin að vera stíf aftan í læri. Hún er að jafna sig af því og verður vonandi bara heil í sumar. Ég hef ekki stórar áhyggjur af henni því hún er á batavegi og ég held að hún verði alveg klár í slaginn þegar Íslandsmótið byrjar,“ sagði Sigurður. - óój

Kvennalandsliðið gerði jafntefli í báðum æfingaleikjum sínum í Finnlandi:

# Voru drullusvekktar eftir leik

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið gerði markalaust jafntefli við Finnland í seinni æfingaleik þjóðanna í Lahti í Finnlandi í gær en liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum.

„Það var margt gott í þessu hjá okkur og það var mjög jákvætt að halda hreinu. Ég gerði fimm breytingar á liðinu og gaf öllum leikmönnum tækifæri af þeim sem voru heilar,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari íslenska liðsins, eftir leikinn.

Íslenska landsliðið hefur nú haldið hreinu í þremur af síðustu fjórum landsleikjum og aðeins fengið á sig tvö mörk í sex leikjum ársins og hefur enginn þeirra tapast. „Við höfum lagt mikla áherslu á vörnina og að halda hreinu. Ég talaði um þá tölfræði fyrir leikinn að kvennalandsliðið hafi unnið alla leikina sína sem það hefur haldið hreinu síðustu sex ár. Þetta var því fyrsti leikurinn sem við náum ekki að vinna þar sem við höldum hreinu,“ sagði Sigurður Ragnar.

„Við fengum nokkur færi og það munaði litlu að við næðum að vinna leikinn í lokin en annars vorum við ekki að búa til eins mikið í sókninni og ég var að vonast eftir. Það var góð barátta úti á vellinum, við vorum meira með boltann en þær og mjög öflugar í vörn en náðum hins vegar ekki að brjóta þær niður í sókninni Þetta eru mjög jöfn lið og það eru ekki slæm úrslit að gera tvö jafntefli á útivelli á móti Finnlandi því þær eru með hörkulið og ofar en við á heimslistanum,“ segir Sigurður Ragnar sem segir sínar stelpur hafa ætlað sér sigur gegn Finnum. „Stelpurnar eru drullusvekktar með þessi tvö jafntefli og voru fúlar eftir báða leikina og það sýnir aðeins styrkleikann hjá okkur. Við höfum trú á því sem við erum að gera og okkur finnst við vera betri í fótbolta en þær,“ sagði Sigurður.

María Björg Ágústsdóttir var í markinu í gær og hélt hreinu í sínum fyrsta landsleik í tæp þrjú ár. Sigurður Ragnar gaf henni og Söndru hvor sinn leikinn og segist eiga eftir að skoða leikina aftur sem og byrjun Íslandsmótsins áður en hann ákveður hvor stendur í markinu í Evrópuleiknum gegn Serbíu í lok mánaðarins. - óój



**BYRJAR VEL** María Björg Ágústdóttir hélt hreinu í gær.



**LOF Í LÓFA** Leikmenn Barcelona heiðruðu nýkrýnda Spánarmeistara og erkifjendur sína í Real Madrid fyrir leik liðanna í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

„El Clásico“ á Spáni í gær:

# Barca rassskellt af Real Madrid

**FÓTBOLTI** Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona sem lá 4-1 gegn Real Madrid í gær.

Það tók nýkrýnda Spánarmeistara Real Madrid ekki langan tíma til þess að skora fyrsta markið á Santiago Bernabeu leikvanginum í gær og gulldrengurinn Raúl komst á blað strax á 13. mínútu. Boltinn datt fyrir Raúl á vítateig Barcelona og hann lét ekki bjóða sér það tvisvar og lagði boltann snyrtilega í stöngina og inn.

Stuttu síðar fékk Arjen Robben að skalla boltann einn og óvaldaður í markið af stuttu færi. Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, leist eðlilega ekki á blikuna og brá á það ráð að skipta Eiði Smára af velli fyrir sóknarmanninn Giovanni Dos Santos á 24. mínútu en það breytti nákvæmlega engu um gang leiksins.

Real Madrid hélt áfram að yfirspila Barcelona og þriðja markið kom á 63. mínútu þegar varamaðurinn Gonzalo Higuain skoraði. Ruud Van Nistelrooy, sem kom inná og var að spila sinn fyrsta leik í þrjá mánuði, jók á eymd Barcelona á 78. mínútu með fjórða markinu úr vítaspyrnu áður en Thierry Henry minnkaði muninn í lokinn. Gremja Börsunga var mikil og Xavi fékk rautt spjald í uppbótartíma. - óþ


SUMAR
TILBOÐ
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI
500GB
SPECIAL EDITION
19.900
MARGMIÐLUNAR SPILARI Á ÓTRÚLEGU VERÐI
INOi Media HardDrive
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim 16x DVD+R diskar Hvergi á betra verði!
1.490
2GB
MINNISLYKILL
Flottir Disney minnislyklar með ól, eru líka handhæg lyklakippa
1.990
MH35
PACKARD BELL FARTÖLVA
• Intel Core 2 Duo T2330
• 4GB DDR2 667MHz minni
• 160GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• 1.3MP vefmyndavél
• Vista Home Premium
99.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Julia Louis-Dreyfus

Foreldrar Juliu skildu þegar hún var enn mjög ung en seinna giftust þau aftur. Þá áttu foreldrar Juliu að baki önnur hjónabönd og á Julia fjögur hálfsystkini. Julia hefur sjálf sagt að báðir stjúpforeldrar sínir séu alveg jafn mikilvægir í hennar lífi og alvöru foreldrar hennar. Julia leikur í The New Adventures of Old Christine sem Stöð 2 sýnir í kvöld og auðvitað einnig í Seinfeld sem Stöð 2 endursýnir um þessar mundir.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI SALLARÓLEGUR Á HM Í SNÓKER

# *Einbeiting, klókindi og stáltaugar*

Fágunin og einbeitingin voru í fyrirrúmi á heimsmeistaramótinu í snóker sem lauk fyrir skömmu í Bretlandi. Þrátt fyrir að margir séu mér eflaust ósammála er snóker skemmtileg sjónvarpsíþrótt. Það er ákveðinn tignarleiki sem hvílir yfir henni og þótt hægagangurinn geti verið mikill vegur ýmislegt annað upp á móti.

Í snóker þarf einbeiting keppenda að vera hundrað prósent og mikilvægt er að hafa stáltaugar fyrir framan sjónvarpsvélarnar. Hvert skot getur skipt gríðarlegu máli og ekkert má út af bregða til að andstæðingurinn taki ekki völdin og hreinsi borðið. Sálfræðilega spennan er því mikil og síðan er alltaf jafngaman að sjá vel spilaðan snóker þar sem klókindi og tæknileg kunnátta eru nauðsynleg. Heimsmeistaramótið var sýnt á Eurosport og þar fór fremstur í flokki Írinn Ronnie O´Sullivan sem vann þarna titilinn í þriðja sinn. Þrátt fyrir að O´Sullivan hafi í gær viðurkennt að hafa spilað betur í undanúrslitaeinvígi sínu gegn Stephen Hendry vann hann Ali Carter örugglega í úrslitunum. O´Sullivan setti hverja kúluna ofan í á fætur annarri á meðan Carter klikkaði á einföldustu skotum og greinilegt var að einbeitingin og ákveðnin var meiri hjá Íranum snjalla.

Það sem gæddi keppnina auknu skemmtanagildi voru þulirnir tveir sem jusu úr viskubrunnum sínum hvað eftir annað, þannig að ekki var hægt annað en að heillast með. Ekki nóg með að þeir vissu öll deili á spilamennsku keppendanna heldur voru þeir meira að segja með nöfnin á börnum heimsmeistarans, sem fylgdust með því sem fram fór, alveg á hreinu. Þetta eru sko náungar sem kunna að vinna heimavinnuna sína og rúmlega það.



**HEIMSMEISTARI** Ronnie O'Sullivan vann Ali Carter í úrslitaeinviginu á heimsmeistaramótinu í snóker.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.30** The Office SKJÁREINN



▶ **20.40** Upphitun fyrir Landsbankadeildina STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Skyndiréttir Nigellu SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Constantine STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25** Dirty Sexy Money SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjallastúlkan Noemi** (3:3)
**17.55 Litli draugurinn Laban** (2:6)
**18.05 Krakkar á ferð og flugi** (2:10)
**18.30 EM 2008** (5:8) Upphitunarþáttur fyrir EM í fótbolta í Sviss og Austurríki.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Skyndiréttir Nigellu** (1:13) (Nigella Express) Í þáttaröðinni sýnir Nigella Lawson hvernig matreiða má girnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.
**20.45 Hvað um Brian?** (3:5) (What About Brian?) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.30 Trúður** (3:10) (Klovn III)
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Fé og freistingar** (7:10) (Dirty Sexy Money) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af pabba sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar, ólöglegum jafnt sem löglegum. Meðal leikenda eru Peter Krause, Donald Sutherland, Jill Clayburgh og William Baldwin.
**23.10 Draugasveitin** (1:8) (The Ghost Squad)
**00.00 EM 2008** (5:8)
**00.30 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Flight of the Phoenix**
**08.00 De-Lovely**
**10.05 Not Without My Daughter**
**12.00 The Perez Family**
**14.00 De-Lovely**
**16.05 Not Without My Daughter**
**18.00 The Perez Family**
**20.00 Flight of the Phoenix**
▶**22.00 Constantine** Stjörnum prýddur tryllir með Keanu Reeves, Rachel Weisz og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum.
**00.00 Breathtaking**
**02.00 Intermission**
**04.00 Constantine**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Hvolpurinn Scooby-Doo**
**07.50 Camp Lazlo**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Homefront**
**11.15 Standoff** (13:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Amazing Race** (7:13)
**15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10)
**15.55 Tutenstein**
**16.18 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.43 Nornafélagið**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons** (2:22)
**19.55 Friends** (21:24) (Vinir)
**20.20 Hæðin** (8:9) Í lokaþættinum fá áhorfendur að kjósa hvert húsanna er glæsilegast og best hannað.
**21.10 The New Adventures of Old Christine** (8:22)
▶**21.35 Notes From the Underbelly** (1:13) Frá framleiðendum Two and a Half Men og Barry Sonnenfeld, kemur ný gamanþáttaröð um spaugilegur hliðarnar á barneignum. Andrew og Lauren eru par og komin á það stig að velta fyrir sér hvort kominn sé tími til að fjölga mannkyninu. Vandinn er bara sá að þau geta ekki ákveðið sig og það er lítil hjálp í þeirra nánustu, enda laglega skrautlegur hópur þar á ferð.
**22.00 Bones** (6:13)
**22.45 ReGenesis** (10:13)
**23.35 The Blue Butterfly**
**02.50 My Life Without Me**
**04.30 Saved** (4:13)
**05.15 The Simpsons** (2:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn**
**17.00 Spænski boltinn**
**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar** (Wachovia Championship)
**19.35 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
▶**20.40 Landsbankadeildin 2008** Hitað upp fyrir Landsbankadeildina. Spjallþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport og sérfræðingar skoða sumarið sem er í vændum.
**21.40 Sterkasti maður í heimi 1983** Jón Páll Sigmarsson gerði sig gildandi á þessum árum, við takmarkaða hrifningu Bandaríkjamannsins Bills Kazmaiers og Bretans Geoffs Capes.
**22.40 $1,500 No Limit Hold´Em, Las Vegas, NV**
**23.30 Landsbankadeildin 2008**
**00.30 Utan vallar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Everton.
**17.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Man. City.
**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.
**21.00 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.
**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2**
**23.50 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Innlit / útlit** (e)
**19.30 Game tíví** (17:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (12:22) Chris hættir að vera "góði gæinn" þegar hann kemst að því að Tasha er hrifin af "slæmum strákum".
▶**20.30 The Office** (20:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Andy snýr aftur til vinnu og ætlar að sanna sig. Michael reynir að sýna fram á að skrifstofustarfið sé hættulegt og veðmálaæði grípur um sig á skrifstofunni.
**21.00 Jekyll - NÝTT** Ný þáttaröð frá BBC með James Nesbitt í aðalhlutverki. Hann leikur fjölskyldumann sem á í stöðugri baráttu við sinn innri djöful. Hann deilir líkama með hinum illkvittna Hyde og hefur með klókindum tekist að halda honum í skefjum. En þegar Hyde fer að ná yfirhöndinni er voðinn vís. Þetta eru þættir sem fá hárin til að rísa.
**21.50 Law & Order. Criminal Intent-** (3:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Unglingsstúlka er myrt eftir að hafa verið úti að skemmta sér. Hún reynist vera stjúpdóttir lögreglumanns og Goren og Eames rannsaka málið. Böndin berast að yfirmanni hennar sem er giftur frægri fyrirsætu (sem Brooke Shields leikur).
**22.50 Jay Leno**
**23.40 America's Next Top Model** (e)
**00.30 Cane** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.00 Vörutorg**
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**










Hverjar eru best og verst klæddu konur landsins?
Allt um klæðaburð kvenpeningsins í Föstudegi.




Allt sem þú þarft... ...alla daga

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20
### Hæðin – lokaþáttur í beinni útsendingu



Í kvöld verður sýndur lokaþátturinn og jafnfram úrslitaþátturinn af Hæðinni. Í heila viku hefur símakosning staðið yfir þar sem áhorfendur hafa kosið það par sem þeim fannst hanna flottasta húsið. Í kvöld kemur í ljós hvaða par vinnur keppnina og fær tvær milljónir í verðlaunafé. Þátturinn verður í beinni útsendingu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Jekyll
### Skjár einn kl. 21.00

Mögnuð ný þáttaröð frá BBC með James Nesbitt í aðalhlutverki. Hér er klassísk saga eftir Robert Louis Stevenson um doktor Jekyll og herra Hyde komin í nútímabúning. Nesbitt var tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir frábæra frammistöðu í titilhlutverkinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Söngvaleikurinn Rjúkandi ráð
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (2:22)
**17.30 Talk Show With Spike Feresten**
**18.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**19.00 Hollyoaks**
**19.3 0Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (2:22)
**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (9:22) Kvöldþáttur Spike Feresten. Gestur er Thomas Dekker.
**21.00 Skífulistinn**
**22.00 Grey's Anatomy** (11:16) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.
**22.45 Medium** (7:16)
**23.30 Hlustendaverðlaun FM957 2008**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson, formaður Jafnréttindafélags Íslands, ræðir um þau þjóðmál sem efst eru á baugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Vilde hjerter **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Godt arbejde **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hammerslag **18.30** Elsker dig for evigt? **19.00** TV Avisen **19.25** Ærlig talt **19.50** SportNyt **20.00** American Pie - The Wedding **21.35** Anklaget **22.15** Naruto **22.40** Design for livet

## NRK 1

**7.30** VM ishockey 2008: Norge-Tyskland **10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis **10.40** Hotell Magnolia **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.05** Landsbylegane **13.00** Fabrikken **13.30** Newton-miks: Hest **14.05** Ghost Trackers **14.30** Megafon **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Yum Yum med Noman **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Omid Djalili-show **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Spooks **22.35** P3tv live **23.35** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sista terminen **10.35** Lantz i P4 **11.05** Var fan är mitt band? **12.35** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Bolibompa **16.20** Lycka är... **16.25** Krumelurdjur **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Klass 9A



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst æðislegt að fara á Caruso og Humarhúsið niðri í bæ er alveg geggjað. Annars stoppa ég stundum á Aktu Taktu eða N1 til að grípa mér bita þegar ég er á hraðferð.“*

Haffi Haff, söngvari og tískulögga.

# Þórarinn skákar markaðsöflum

Kvæðasafn Þórarins Eldjárns er í efsta sæti á glænýjum heildarlista Eymundsson yfir vinsælustu bækur landsins og skýtur þar ref fyrir rass hinum ýmsu reyfurum og kiljum sem hafa verið markaðssettar í bak og fyrir upp á síðkastið. Má þar nefna Þúsund bjartar sólir, Sjortarann og Ösku.

„Ég átti kannski ekki von á því að bókin færi ofar heldur en margar bækur af því tagi en hins vegar reiknaði ég alveg með því að þetta gæti lagst vel í fólk,“ segir Þórarinn. „Bókin sjálf er falleg í útliti, handhæg og þjál þótt hún sé mikill múrsteinn í raun. Svo er það líka að þetta eru allt bækur sem hafa komið út áður á löngum tíma. Það er oft með slíkar bækur að þær týnast, gleymast og klemmast á milli annarra og þegar það er hægt að ganga að þessu á einu bretti lifnar við sambandið á milli bókanna. Ég held að það sé kannski það sem höfði til fólks.“

Hið góða gengi Kvæðasafnsins gefur til kynna að ljóðlistin sé alls ekkert að gefa eftir og Þórarinn er sammála því. „Það er oft verið að segja að ljóðabækur séu ekki mikil söluvara. Ég held að það sé með flestar ljóðabækur að upplögin eru ekki stór miðað við þær prósabækur sem best ganga en ljóð hafa líka alltaf átt sér aðra dreifingu. Það er til dæmis mikið um það að heilu bækurnar séu lesnar í bókabúðum. Þær lifa öðruvísi lífi, held ég. Ég held að áhugi á ljóðum sé mjög mikill og hafi alltaf verið,“ segir Þórarinn, vinsælasti rithöfundur landsins í dag. - fb



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** Kvæðasafn Þórarins er í efsta sæti á nýjum heildarlista Eymundsson yfir vinsælustu bækur landsins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** sigti 6. í röð 8. kvikmyndahús 9. móða 11. verslun 12. óviss í tali 14. vökva 16. grískur bókstafur 17. lítið býli 18. maka 20. ekki heldur 21. tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hviða 3. í röð 4. land í Suðvestur-Asíu 5. samtíningur 7. brennivínsteg-und 10. erta 13. stykki 15. baklaf á flík 16. fálm 19. frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sáld, 6. áá, 8. bíó, 9. ský, 11. bt, 12. tafsa, 14. vatns, 16. pí, 17. kot, 18. ata, 20. né, 21. tifa.
**LÓÐRÉTT:** 1. kast, 3. áb, 4. líbanon, 5. dót, 7. ákavíti, 10. ýfa, 13. stk, 15. stél, 16. pat, 19. af.

Snætt og spjallað
í Kraganum, Hamraborg
1-3 í kvöld klukkan 19:30
www.vg.is

ÖRN ÓLASON: KÓMÍSKIR TVÍFARAR

# Ný auglýsing Glitnis á slóð dansks lífeyrissjóðs

„Jú, það hefur eitthvað verið hringt í okkur og við spurð hvað við séum að spá að selja sömu lausn til tveggja mismunandi aðila. Ég hef sjálfur engan hag af því að básúna eitthvað um svona mál í fjölmiðlum en verð að viðurkenna að þetta er óneitanlega kómískt,“ segir Örn Ólason, eigandi dönsku auglýsingastofunnar Thank you. Á það hefur verið bent að nýjasta herferð Glitnis svipi til auglýsingaherferðar danska lífeyrissjóðsins PFA sem Örn og félagar hjá Thank You gerðu fyrir tveimur árum.

Að sögn Arnar var haft samband við þau þegar Glitnir ætlaði að fara af stað með nýjar auglýsingar. Og hann boðaður á fund hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu. „Við fengum að vita að bankinn vildi svona PFA-lausn og þannig stæðu málin. Við gerðum bæði Hvíta húsinu og bankanum grein fyrir því að ef sú leið yrði valin yrði að finna einhverja nýja vinkla,“ segir Örn en við því var ekki orðið. Örn og auglýsingastofan drógu sig því út úr verkefninu. „En þegar við sáum auglýsinguna frá Glitni þá urðum við mjög hissa og að mínu áliti er mjög undarlegt að jafn stór og virðuleg auglýsingastofa og Hvíta húsið er hafi valið að skapa svona mikla PFA-stemningu fyrir alþjóðlegan banka,“ segir Örn en tekur fram að honum þyki þetta þó vera hrós; að vera innblástur fyrir aðra og í því felist ákveðin viðurkenning. Örn bætir því við hann viti vel af því að sú tækni sem þau hafi notað við gerð auglýsingarinnar og stíllinn sé ekki eitthvað sem þau eigi einkarétt á. „En þau jákvæðu viðbrögð sem við fengum fyrir auglýsinguna okkar, þau eru hins vegar einstök. Annars er þetta ekkert tiltökumál, þannig séð,“ bætir Örn við. Sverrir Björnsson, framkvæmdastjóri hönnunarsviðs Hvíta hússins, segir það af og frá að nýjasta auglýsing Glitnis sé eitthvað stolin. „Þessi stíll sem er á þessari auglýsingu er ekki eign eins eða neins. Hann er ekkert einstakur og við höfum verið að gera auglýsingar fyrir Glitni í þessum stíl í nokkur ár,“ segir Sverrir. „Þetta er ný tækni, að blanda saman teiknuðum myndum og ljósmyndum og það er mjög eðlilegt að henni skuli bregða fyrir víða. Ef það eru einhver líkindi þá fæðast hugmyndir á mörgum stöðum í heiminum þegar aðstæður eru réttar og til dæmis eru eflaust tíu þúsund auglýsingateiknarar alls staðar í heiminum að reyna að koma til skila breyttum vöxtum hjá bönkum og fjármálastofnunum í dag.“ freyrgigja@frettabladid.is



**EKKI ALLT SEM SÝNIST** Glitnis-auglýsingin og svo PFA-auglýsingin eru skemmtilega líkar. Auglýsingin að ofan er gömul Glitnis-auglýsing en að neðan má sjá samanburð á nýlegri auglýsingu Glitnis hægra megin og svo tveggja ára gamalli auglýsingu PFA vinstra megin. Líkindin eru óneitanlega kómísk.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vísir er einhver öflugasti fréttamiðill landsins og hefur nú bæst góður liðsauki. **Ellý Ármanns**, ein frægasta þula landsins með meiru, er byrjuð að vinna þar á bæ og byrjaði með skúbbi: Þátturinn Mér finnst... á ÍNN er í uppnámi því allt er komið í bál og brand milli umsjónarmannanna. Þar hefur Ellý einmitt verið meðal fastra gesta. En nöturlegt má heita að þessi þáttur, sem að sögn Ingva Hrafns Jónssonar sjónvarpsstjóra, er flaggskip ÍNN og fyrsti þátturinn þar sem bókstaflega allt er látið vaða úr reynsluheimi kvenna skuli vera í uppnámi vegna ágreinings þeirra **Kolfinnu Baldvinsdóttur** og **Ásdísar Ólsen** umsjónarmanna.



Lengi er von á einum. DV birti af því forsíðufrétt í gær að Sigurður Pétur Harðarson, einn helsti stuðningsmaður í forræðisdeilu Sophiu Hansen við Halim Al, sé kominn í mál við Sophiu. Hann sakar hana um að hafa sólundað 52 milljónum af fé fjölskyldu sinnar. Sophia hins vegar segir málið flóknara en svo og hefur kært Sigurð fyrir að falsa undirskrift hennar. Í ágætri frétt Sigtryggs Ara Jóhannssonar kemur fram að Sophia hyggist skýra sína hlið mála ofan í kjöl bráðlega. Íslenska þjóðin eigi það skilið. Rétti maðurinn til að skrifa þá bók hlýtur að heita **Reynir Traustason** ritstjóri sem hefur sérhæft sig í ævisagnaritun kvenna auk þess sem hann fór til Tyrklands og hitti Halim á sínum tíma.

Og hinir einu sönnu **Skítamóralsbræður** eru búnir að dusta rykið af rykföllnum hljóðfærum sínum og ætla að trylla lýðinn enn á ný. Lítið hefur heyrst til þeirra félaga á undanförnum árum enda verið uppteknir við annað. Aðdáendur þeirra, sem eru fjölmargir, hafa tekið þessum tíðindum með miklum látum og þannig eignuðust Selfoss-félagarnir tæplega níu hundruð vini á tæpri viku. - jbg/fgg



LÆRÐU OG SPILAÐU
TENNIS Í SUMAR

Byrjendanámskeið í tennis

Erum að raða niður í hópa á byrjendanámskeið í tennis. Fjórir á hverju námskeiði með einum þjálfara. Námskeiðin hefjast 1. júní. 10 tíma námskeið einu sinni til tvisvar í viku kostar kr. 18.900. Spaðar og boltar á staðnum.

Sumarkort í tennis

Með sumarkorti í tennis getur þú spilað inni eða úti eins oft og þú vilt í allt sumar. Einstaklingskort kr. 17.900, Fjölskyldukort kr. 29.900.

Frábært sumartilboð
10 tíma byrjendanámskeið í tennis og sumarkort á kr. 32.900

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 og á tennishollin.is

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

# Ómar R. fékk verkalýðsprinsessu

Ómar R. Valdimarsson, upplýsingafulltrúi Impregilo, og Margrét Ýr Ingimundardóttir, unnusta hans, eignuðust stúlku 1. maí síðastliðinn. „Okkur heilsast öllum vel, og sú litla braggast alveg ótrúlega vel, svo það eru bjartir tímar fram undan,“ segir Ómar, sem að vonum er himinlifandi með frumburðinn, sem hann kallar Verkalýðsprinsessuna.

Eins og Ómar skrifar sjálfur á bloggi sínu þykir sumum það eflaust saga til næsta bæjar að talsmaður Impregilo hafi eignast barn á degi verkalýðsins, en Ómar segir þó ekki mikið hafa verið skotið á sig. „Nei, nei, fólk hefur bara gaman af þessu,“ segir hann og hlær við. „Við grínumst líka með það svona okkar á milli, þegar sú litla er svöng og vill fá brjóst, að það sé nú eðlilegt að hún geri kröfur, fædd á þessum degi. Og ef ég fengi að ráða myndi hún auðvitað fá nafnið Gvendína Jaka, en það er ekki alveg víst að það gangi eftir,“ bætir hann við. „Pabbi skrifaði einmitt ævisögu Guðmundar Jaka, svo þetta er svolítið fjölskylduþema hjá okkur.“
Faðir hans, Ómar Valdimarsson, og eiginkona hans, Dagmar Agnarsdóttir, eru komin til landsins til að kynnast fyrsta barnabarninu, en þau fluttu heim frá Kenía, þar sem Ómar hefur verið sendifulltrúi Rauða krossins í þrjú ár, í tilefni af fæðingu hennar. „Þau eru hæstánægð í nýju hlutverki. Hún er fyrsta barnabarnið beggja megin, svo hún verður líklega eitt dekraðasta barn landsins,“ segir Ómar og hlær við.

Verkalýðsprinsessan er enn óskírð og Ómar segir nafn ekki fundið enn. „Við vorum búin að ákveða nöfn en svo fannst okkur þau ekkert passa þegar hún kom í heiminn, svo við þurfum að leggja höfuðið í bleyti aftur,“ útskýrir Ómar. - sun



**EIGNUÐUST VERKALÝÐSPRINSESSU** Ómar og Margrét eignuðust litla dóttur á degi verkalýðsins, og segir Ómar að ef hann fengi að ráða hlyti hún nafnið Gvendína Jaka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ
*- helgarinnar*



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
– þannig eru náttúrulega bestu helgarnar."

## Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr 1/3 af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

### Kryddjurtapestó:

1 1/2 dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • 1/2 búnt steinselja • 1/2 búnt tímían • 1/2 búnt mynta
2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • 1/2 tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.

25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**







**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## *Fólkið í kjallaranum*

Mikið óskaplega hefur fólk nú gaman af illsku. Það er ekki margt sem fangar athygli okkar og ímyndunarafl betur en yfirgengileg og tryllt mannvonska eða geðveiki.

**ILLUGI** Jökulsson hefur róið lífróður til bjargar gæluverkefnum sínum, tímaritum um almennan fróðleik. Þegar ekki tókst að vekja nægt umtal með því að birta smettið á Múhameð ákvað hann að birta frétt um að mannæta hafi heimsótt Ísland. Mannætan er snarruglaður Japani sem skaut þýskukennarann sinn, beit af henni brjóstin og nagaði kjöt af mjöðmunum, en var vegna formsatriða látinn laus stuttu seinna.

**STÓR** hluti þjóðarinnar hefur í laumi yndi af fréttum um kynferðisbrot gegn börnum. Hann elskar að hrylla við. Og margir hreinlega velta sér upp úr kjallaramálinu í Austurríki. Skyndilega er tiltölulega vel menntað fólk farið að tala um holdtekju Lúsífers af óviðeigandi alvöruþunga.

**FJÖLMIÐLAR** eru fjölleikahús. Fjölleikahús leggja enn, eins og ætíð í gegnum söguna, mesta áherslu á voða og viðrini. Og við njótum þess. Háræðarnar þenjast út og sjáöldrin stækka, varirnar viprast í ógreinilegt bros. Hrollurinn seytlar um líkamann og klímaxið kemur. Síðan snúum við okkur að næsta manni og muldrum eitthvað á innsoginu um hvað þetta sé nú hræðilegt.

**AUÐVITAÐ** byggir þetta allt á grundvallarskorti á mannvirðingu. Á milli okkar allra er hafsjór samúðarskorts. Á þessu hafi sigldu áður fyrr vísindamenn og fiskuðu úr fjársjóðskistunni vangefin viðrini og aðra áhugaverða djúpsjávarfiska. Fatlaðir, dvergvaxnir síamstvíburar af sígaunaættum hefðu til að mynda ekki getað strokið hreifum um frjáls höfuð lengi í Auschwitz.

**VÍSINDAMENN** af sama skóla hljóta að iða í skinninu að fá að rannsaka austurrísku kjallarabúana betur. Forvitni mannskepnunnar og ást á hinu óeðlilega hefur ekki dalað á þeirri rúmu hálfu öld sem liðin er síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk, þó sparslað hafi verið yfir hvatirnar með þunnu lagi af pólitískri rétthugsun.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 8. maí, 129. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.35 | 13.24 | 22.16 |
| Akureyri | 4.04 | 13.09 | 22.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

